



LÆRUM AF
KENNARANUM
MIKLA



„Leyfið börnunum
að koma til mín.“

— Lúkas 18:16.





ÞESSA BÓK Á

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri biblíufræðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum.

Þú getur farið inn á www.jw.org til að gefa framlag.

Vitnað er í íslensku biblíuna frá 1981 nema annað sé tekið fram.
Tilvitnanir í *New World Translation of the Holy Scriptures* eru merktar *NW*.

Lærum af kennaranum mikla
Learn From the Great Teacher
Prentað í maí 2016

Icelandic (*Ir-IC*)

© 2004

WATCH TOWER BIBLE AND TRACT SOCIETY OF PENNSYLVANIA

Útgefendur

Gefið út af Vottum Jehóva.

© Druck und Verlag: Wachturm Bibel- und Traktat-Gesellschaft, Selters/Ts.

Printed in Germany.

LÆRUM AF
KENNARANUM
MIKLA






LÆRUM AF KENNARANUM MIKLA




„Leyfið börnunum að koma til mín,
varnið þeim eigi.“

– Lúkas 18:16.



• ÞAÐ SEM FORELDRAR ÞURFA AÐ VEITA BÖRNUNUM •



AÐ EIGNAST barn er einstök lífsreynsla og að mörgu leyti ofar mannlegum skilningi. Karl og kona gefa bæði hluta af sjálfu sér sem síðan þroskast í kviði móðurinnar og verður fullskapaður lifandi einstaklingur. Það er skiljanlegt að margir segi barnsfæðingu vera kraftaverk.

Fæðing barns er auðvitað bara upphafið að því kerfjandi verkefni sem bíður foreldranna. Í fyrstu eru börnin næstum algerlega háð því að foreldrarnir sinni líkamlegum þörfum þeirra en þegar þau vaxa þarf að sinna fleiru en líkamsþörfunum. Foreldrarnir

verða að stuðla að hugarfarslegum, tilfinningalegum, siðferðilegum og andlegum þroska þeirra.

Til að börn þroskist og verði heilbrigðir einstaklingar þurfa þau að finna að þau séu elskuð. Foreldrarnir þurfa að segja börnunum að þeir elski þau og sýna það í verki. Já, foreldrar verða að vera góð fyrirmynd. En börn þurfa einnig að fá siðferðilega leiðsögn, þau þurfa að læra góð lífsgildi. Þetta er nauðsynlegt frá blautu barnsbeini. Ef börnin fá þessa aðstoð of seint getur farið mjög illa eins og oft hefur sannast.

Hvergi er betri meginreglur að finna en í Biblíunni. Leiðbeiningar, byggðar á henni, skara fram úr. Þegar börnin fá slíkar leiðbeiningar sjá þau smám saman að þær koma ekki frá mönnum heldur skapa þeirra og föður á himnum. Þetta gefur ráðleggingum foreldranna óviðjafnanlegt vægi.

Biblían hvetur foreldra til að leggja hart að sér við að brýna réttar meginreglur fyrir börnunum. En þegar börn stækka finnst foreldrum

oft erfitt að tala við þau um það sem mestu máli skiptir. Þessi bók, *Lærum af kennaranum mikla*, er samin til að hjálpa foreldrum að koma í veg fyrir að þetta gerist. Hún gefur foreldrum og börnum tækifæri til að lesa saman andlega uppbyggjandi efni. Hún ætti líka að skapa umræður milli barnanna og þeirra sem lesa bókina með þeim.

Þú tekur eftir að í bókinni eru börnin hvött til að tjá sig. Í textanum eru margar spurningar. Þegar þú kemur að spurningu sérðu þankastrik (—). Þetta minnir lesandann á að stoppa og hvetja barnið til að segja skoðun sína. Börn vilja vera þátttakendur. Þau missa fljótt áhugann ef þau eru aðeins áheyrendur.

Það sem meira er, þessar spurningar draga fram hvað barnið er að hugsa. Auðvitað getur barnið gefið rangt svar en textinn sem kemur á eftir spurningunum hjálpar barninu að þroska með sér heilbrigðan hugsunarhátt.

Í bókinni eru yfir 230 myndir. Við flestar þeirra eru myndatextar sem hvetja barnið til að tjá sig um myndina og lesefnið. Skoðaðu því myndirnar með barninu. Þær geta verið gott hjálpargagn sem herðir á kennslunni.

Þegar barnið lærir að lesa skaltu hvetja það til að lesa bókina bæði fyrir þig og í einrúmi. Því meira sem barnið les, þeim mun betur festist lærdómurinn í huga þess og hjarta. En þið ættuð líka að lesa bókina saman og gera það reglulega. Það styrkir kærleikann og virðinguna milli ykkar.

Áður hefði þótt óhugsandi að kynferðislegu siðleysi, spíritisma og öðrum ósóma væri ausið yfir börnin í þeim mæli sem nú er gert. Þau þurfa vernd. Þessi bók stuðlar að henni með virðulegum og smekklegum hætti. En fyrst og fremst þarf að leiða börnin til Jehóva Guðs, föður okkar á himnum, sem er uppspretta allrar visku. Jesús, kennarinn mikli, gerði það alltaf. Við vonum innilega að þessi bók hjálpi þér og fjölskyldu þinni að stefna lífi ykkar í þann farveg að þið þóknist Jehóva og hljótið eilífa blessun.

• EFNISYFIRLIT •

Kaflar

blaðsíða

1	Hvers vegna er Jesús kallaður kennarinn mikli?	10
2	Bréf frá kærleiksríkum Guði	16
3	Sá sem skapaði allt	21
4	Hvað heitir Guð?	26
5	„Þetta er sonur minn“	32
6	Kennarinn mikli þjónaði öðrum	37
7	Hlýðni verndar þig	42
8	Andaverur eru æðri en við	47
9	Við verðum að standast freistingar	52
10	Jesús hefur vald yfir illum öndum	57
11	Hjálp frá englum Guðs	62
12	Jesús kennir okkur að biðja	67
13	Lærisveinar Jesú	72
14	Hvers vegna ættum við að fyrirgefa?	77
15	Kennsla í góðvild	82
16	Hvað skiptir mestu máli í lífinu?	87
17	Hvað gerir okkur hamingjusöm?	92
18	Manstu eftir að þakka fyrir þig?	97
19	Er rétt að slást?	102
20	Vilt þú alltaf vera fyrstur?	107
21	Er rétt að monta sig?	112
22	Af hverju er rangt að ljúga?	117
23	Hvers vegna veikist fólk?	122
24	Það er rangt að stela	127

Kafli	blaðsíða
25 Geta þeir sem eru vondir breytt sér?	132
26 Af hverju er svona erfitt að gera rétt?	137
27 Hvaða Guð tilbiður þú?	142
28 Hverjum átt þú að hlýða?	147
29 Er Guð ánægður með allar veislur?	152
30 Hvernig getum við sigrast á ótta?	157
31 Hvar fáum við huggun?	162
32 Jehóva verndaði Jesú	167
33 Jesús getur verndað okkur	172
34 Hvað gerist þegar fólk deyr?	177
35 Dánir geta fengið upprisu	182
36 Hverjir verða reistir upp og hvar munu þeir búa?	187
37 Gleymum ekki Jehóva og syni hans	192
38 Hvers vegna ættum við að elska Jesú?	197
39 Guð man eftir syni sínum	202
40 Hvernig getum við glatt Guð?	207
41 Börn sem gleðja Guð	212
42 Af hverju þurfum við að vinna?	217
43 Hverjir eru bræður okkar og systur?	222
44 Veljum okkur vini sem elska Guð	227
45 Hvað er Guðsríki og hvernig sýnum við að við styðjum það?	232
46 Ferst heimurinn aftur í flóði?	238
47 Hvernig vitum við að Harmagedón er í nánd?	244
48 Þú getur búið í friðsælum nýjum heimi Guðs	250

HVERS VEGNA ER JESÚS KALLAÐUR KENNARINN MIKLI?

FYRIR meira en tvö þúsund árum fæddist lítill drengur sem var alveg einstakur. Þegar hann óx upp varð hann mesta mikilmenni sem lifað hefur. Á þeim tíma átti fólk hvorki flugvélar né bíla. Netíð var ekki til og ekki heldur sjónvarpstæki eða tölvur.

Drengurinn var látinn heita Jesús. Hann varð vitrasti maður sem hefur nokkurn tíma verið uppi á jörðinni. Jesús varð líka besti kennarinn. Hann útskýrði flókin atriði þannig að auðvelt var að skilja þau.

Jesús kenndi fólki hvar sem hann var. Hann kenndi á ströndinni og um borð í bátum. Hann kenndi í heimahúsum og þegar hann var á ferðalagi. Jesús átti ekki bíl og hann ferðaðist ekki heldur með strætisvagni eða járnbrautarlest. Jesús fór fótgangandi á milli staða og kenndi fólki.

Við lærum margt af öðrum. En við getum lært það sem mestu máli skiptir af Jesú, kennaranum mikla. Orð Jesú er að finna í Biblífunni. Þegar við heyrum þessi orð lesin í Biblífunni er alveg eins og Jesús sé að tala við okkur.

Af hverju var Jesús svona góður kennari? Ein ástæðan er sú að hann hafði sjálfur verið nemandi og hann vissi hversu mikilvægt það er að hlusta. En á hvern hlustaði Jesús? Hver kenndi honum? — Það var Guð, faðir hans.

Jesús bjó á himnum hjá Guði áður en hann kom til jarðar sem maður. Þess vegna var hann ólíkur öllum öðrum mönnum því að

enginn maður hefur verið á himnum fyrir fæðingu sína á jörðinni. Á himnum hafði Jesús verið góður sonur sem hlustaði á föður sinn. Þess vegna gat hann kennt fólki það sem hann hafði lært hjá Guði. Þú getur líkt eftir Jesú með því að hlusta á pabba þinn og mömmu.

Önnur ástæða fyrir því að Jesús var góður kennari er að honum þótti mjög vænt um fólk. Hann vildi hjálpa fólki að kynnst Guði. Jesú þótti vænt um fullorðið fólk, en honum þótti líka

*Af hverju fannst
börnum gaman að
vera með Jesú?*

vænt um börn.
Og börnum fannst
gaman að vera með Jesú
af því að hann talaði við
þau og hlustaði á þau.

Dag einn komu nokkrir foreldrar með börnin sín til Jesú. En vinir hans héldu að kennarinn mikli væri of upptekinn til að tala við lítil börn. Þess vegna sögðu þeir þeim að fara burt. En hvað sagði Jesús? — Hann sagði: 'Leyf-ið börnunum að koma til mín, ekki senda þau burt.' Já, Jesús vildi að börnin kæmu til sín. Þó að Jesús hafi verið mjög vitur



og merkilegur maður gaf hann sér tíma til að kenna börnum.
— Markús 10:13, 14.

Veistu af hverju Jesús kenndi börnum og hlustaði á þau? Ein ástæðan er sú að hann vildi gleðja þau með því að segja þeim frá ýmsu um Guð, föður sinn á himnum. Hvernig getur þú glatt aðra?
— Með því að segja þeim frá því sem þú hefur lært um Guð.

Einu sinni notaði Jesús lítið barn til að kenna vinum sínum mikilvægan lærdóm. Hann tók barnið og lét það standa mitt á meðal lærisveinanna sem voru fylgjendur hans. Síðan sagði hann að þessir fullorðnu menn þyrftu að breyta sér og verða eins og þetta litla barn.

Hvað átti Jesús við þegar hann sagði þetta? Veistu hvernig fullorðið fólk eða stálpuð börn geta orðið eins og lítil börn? — Lítil börn vita ekki eins mikið og þeir sem eru eldri og þess vegna vilja þau læra. Jesús var því að segja að lærisveinarnir þyrftu að vera auðmjúkir eins og lítil börn. Já, við getum lært margt af öðrum, og við ættum öll að skilja að kenningar Jesú eru mikilvægari en okkar eigin hugmyndir. — Matteus 18:1-5.

Jesús var líka góður kennari af því að hann kunni að vekja áhuga fólks. Útskýringar hans voru einfaldar og skýrar. Hann talaði um fugla og blóm og aðra venjulega hluti til að hjálpa fólki að fá betri skilning á Guði.

Hvað geta stálpuð börn og fullorðið fólk lært af yngri börnum?





*Hvað var Jesús að kenna
þegar hann talaði um fugla og blóm?*

Dag einn kom fólk hópum saman til Jesú þar sem hann var uppi í fjallshlíð. Hann settist niður og talaði við fólkið eða hélt ræðu eins og þú getur séð hérna. Þessi ræða er kölluð fjallræðan. Jesús sagði: „Sjáið fugla himinsins. Þeir sá ekki fræjum. Þeir safna ekki matarbirgðum í hlöður. En Guð á himnum gefur þeim fæðu. Eru þið ekki mikilvægari en þeir?“


Jesús sagði líka: „Lærið af liljum vallarins. Þær vaxa án þess að vinna. Sjáið hvað þær eru fallegar. Ríki konungurinn Salómon var ekki einu sinni jafnfallega klæddur og liljur vallarins. Fyrst Guð sér þannig um blómin mun hann þá ekki líka sjá um ykkur?“ — Matteus 6:25-33.

Skilurðu hvað Jesús var að kenna okkur? — Hann vildi ekki að við hefðum áhyggjur af því hvar við fengjum mat að borða eða föt til að vera í. Guð veit að við þurfum allt þetta. Jesús var ekki að

segja að við ættum að hætta að vinna fyrir mat og fötum. En hann sagði að við ættum að setja Guð framar öðru í lífinu. Ef við gerum það mun Guð sjá til þess að við höfum mat að borða og föt til að vera í. Trúirðu því? —

Hvað fannst fólki þegar Jesús var búinn að ljúka máli sínu? — Biblían segir að það hafi verið hissa á því hvernig hann kenndi. Það var mjög gaman að hlusta á hann. Það sem hann sagði hjálpaði fólki að breyta rétt. — Matteus 7:28.

*„Þetta er sonur minn,
hlýðið á hann.“*



Það er því mjög mikilvægt að við lærum af Jesú. Veistu hvernig við getum gert það? — Það sem hann sagði er skrifað í bók. Veistu hvaða bók það er? — Það er Biblían. Þetta þýðir að við getum hlustað á Jesú með því að fylgjast með því sem við lesum í Biblíunni. Í Biblíunni er meira að segja spennandi saga um það hvernig Guð sjálfur sagði okkur að hlusta á Jesú. Við skulum athuga hvað gerðist.

Dag einn fór Jesús upp á hátt fjall með þrem vinum sínum. Þeir hétu Jakob, Jóhannes og Pétur. Við eigum eftir að læra miklu meira um þessa þrjá menn seinna af því að þeir voru allir góðir vinir Jesú. En við þetta sérstaka tækifæri fór andlit Jesú að skína skært og fötin hans ljómuðu sem ljós eins og þú getur séð á myndinni.

Síðan heyrðu Jesús og vinir hans rödd frá himnum. Röddin sagði: „Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hef velþóknun á. Hlýðið á hann!“ (Matteus 17:1-5) Veistu hvaða rödd þetta var? — Þetta var rödd Guðs. Já, það var Guð sem sagði að þeir ættu að hlusta á son sinn.

En hvað með okkur núna? Ætlum við að hlýða Guði og hlusta á son hans, kennarann mikla? — Það ættum við öll að gera. Manstu hvernig við getum gert það? —

Já, við getum hlustað á son Guðs með því að lesa frásögurnar af lífi hans í Biblíunni. Kennarinn mikli hefur frá mörgu stórkostlegu að segja. Það verður gaman fyrir þig að læra um það sem er skrifað í Biblíunni. Og það mun líka gleðja þig ef þú segir vinum þínum frá því góða sem þú lærir.

Ef þig langar til að vita meira um gagnið af því að hlusta á Jesú skaltu opna Biblíuna og lesa Jóhannes 3:16; 8:28-30 og Postulasöguna 4:12.

BRÉF FRÁ KÆRLEIKSRÍKUM GUÐI

SEGDU mér, hver er uppáhaldsbókin þín? — Sum börn myndu velja dýrabækur. Önnur myndu velja myndabækur. Það getur verið gaman að þess konar bókum.

En bestu bækurnar í öllum heiminum eru þær sem segja okkur sannleikann um Guð. Ein þeirra er dýrmætari en allar hinar. Veistu hvaða bók það er? — Það er Biblían.

Af hverju er Biblían svona dýrmæt? — Af því að hún er frá Guði. Hún segir okkur frá honum og frá því góða sem hann ætlar að gera fyrir okkur. Hún segir okkur líka hvað við ættum að gera til að gleðja hann. Hún er eins og bréf frá Guði.

Guð hefði getað skrifað alla Biblíuna á himnum og síðan gefið mönnunum hana, en hann gerði það ekki. Það sem stendur í Biblíunni kemur frá Guði en hann notaði þjóna sína á jörðinni til að skrifa hana að mestu leyti.

Hvernig fór hann að því? — Til að skilja það skulum við taka dæmi. Þegar við heyrum rödd í útvarpi getur hún komið frá einhverjum sem er langt í burtu. Þegar við horfum á sjónvarp getum við jafnvel séð myndir af fólki í öðrum löndum og við getum heyrt hvað það er að segja.


Mennirnir geta meira að segja farið alla leiðina til tunglsins í geimförum og sent skilaboð þaðan til jarðarinnar. Vissirðu það? — Fyrst mennirnir geta það, ætli Guð geti þá ekki sent skilaboð frá himnum? — Auðvitað getur hann það. Hann gerði það löngu áður en mennirnir fengu útvarp og sjónvarp.

BRÉF FRÁ KÆRLEIKSRÍKUM GUÐI

Maður, sem hét Móse, heyrði Guð tala í raun og veru. Hann gat ekki séð Guð en hann heyrði röddina. Milljónir manna voru á staðnum þegar það gerðist. Sama dag lét Guð heilt fjall leika á reiðiskjálfi og það komu þrumur og eldingar. Fólkið vissi að Guð hafði talað en það var mjög hrætt. Það sagði þess vegna við Móse: ‚Láttu ekki Guð tala við okkur svo að við deyjum ekki.‘ Seinna skrifaði Móse niður það sem Guð hafði sagt og það sem hann skrifaði stendur í Biblíunni. — 2. Mósebók 20:18-21.

Móse skrifaði fyrstu fimm bækur Biblíunnar. En hann var ekki sá eini sem skrifaði Biblíuna. Guð notaði um 40 menn til að skrifa hana. Þessir menn voru uppi fyrir langa löngu og það tók fjölda

Hvernig vitum við að Guð getur talað til okkar úr mikilli fjarlægð?



mörg ár að ljúka við Biblíuna. Það tók um 1600 ár! Það ótrúlega er að jafnvel þótt sumir þeirra hafi aldrei hist er fullkomið samræmi í öllu sem þeir skrifuðu.

Sumir sem Guð notaði til að skrifa Biblíuna voru vel þekktir. Móse var einn þeirra. Hann hafði verið fjárhirðir en varð síðar leiðtogi Ísraelsþjóðarinnar. Salómon var konungur og var bæði vitrasti og ríkasti maður í heimi. En aðrir ritarar voru ekki eins þekktir, til dæmis Amos sem ræktaði fíkjur.

Einn biblíuritarinn var læknir. Veistu hvað hann hét? — Hann hét Lúkas. Annar ritari hafði verið skattheimtumaður. Hann hét Matteus. Og einn hafði verið lögfræðingur, það er að segja sérfræðingur í trúarlögum Gyðinga. Hann skrifaði fleiri biblíubækur en nokkur annar. Veistu hvað hann hét? — Hann hét Páll. Pétur og Jóhannes, lærisveinar Jesú, voru líka biblíuritarar en þeir höfðu verið fiskimenn.

Margir þessara biblíuritara skrifuðu um það sem Guð ætlaði að gera í framtíðinni. Hvernig vissu þeir það jafnvel áður en það gerðist? — Guð hafði gefið þeim upplýsingarnar. Hann hafði sagt þeim hvað myndi gerast.

Þegar Jesús, kennarinn mikli, var á jörðinni var búið að skrifa stóran hluta Biblíunnar. En mundu að kennarinn mikli hafði áður verið á himnum. Hann vissi hvað Guð hafði gert. Trúði hann því að Biblían væri frá Guði? — Já, hann trúði því.


Þegar Jesús sagði öðrum frá verkum Guðs las hann stundum úr Biblíunni en stundum sagði hann eftir minni frá því sem stóð í henni. Jesús gaf okkur líka fleiri upplýsingar um Guð. Hann sagði: „Það sem ég heyrði hjá honum, það tala ég til heimsins.“ (Jóhannes 8:26) Jesús hafði heyrt margt hjá Guði því að hann hafði verið

hjá honum. Hvar getum við lesið það sem Jesús sagði? — Í Biblíunni. Það var allt skrifað niður til þess að við gætum lesið það.

Þar sem Guð notaði menn til að skrifa, þá skrifuðu þeir auðvitað á því tungumáli sem þeir notuðu dagsdaglega. Þess vegna var mestöll Biblían skrifuð á hebresku, sumt á arameísku og talsvert á grísku. Fæstir kunna að lesa þessi tungumál nú á tímum. Þess vegna hefur Biblían verið þýdd á önnur tungumál. Núna er hægt að lesa hluta Biblíunnar á meira en 2260 tungumálum. Hugsaðu þér, Biblían er bréf frá Guði til allra manna hvar sem þeir búa. En það skiptir engu hversu oft hún hefur verið afrituð, boðskapurinn er samt frá Guði.

Það sem stendur í Biblíunni er mikilvægt fyrir okkur. Hún var skrifuð fyrir löngu en

Hvað heita þessir biblíuritarar?



segir frá því sem er að gerast núna. Hún segir líka frá því sem Guð ætlar að gera í náinni framtíð. Það sem hún segir er mjög spennandi. Hún gefur okkur yndislega von.

Biblían útskýrir hvernig Guð vill að við lifum. Hún segir okkur hvað sé rétt og hvað rangt. Þú þarft að vita það og ég líka. Biblían segir frá fólki sem gerði það sem rangt var og hvernig fór fyrir því. Þannig getum við forðast að lenda í sömu vandræðum. Biblían segir líka frá fólki sem gerði það sem rétt var og hvernig það varð því til góðs. Allt þetta var skrifað okkur til gagns.



Hvað geturðu lært af því að lesa Biblíuna?

En við verðum að geta svarað ákveðinni spurningu til að Biblían gagnist okkur sem best. Spurningin er: Hver gaf okkur Biblíuna? Hverju myndir þú svara? — Já, öll Biblían er frá Guði. Hvernig getum við þá sýnt að við séum vitur í raun og veru?

— Með því að hlusta á Guð og gera það sem hann segir.

Við verðum þess vegna að taka okkur tíma til að lesa saman í Biblíunni. Þegar við fáum bréf frá einhverjum sem okkur þykir mjög vænt um lesum við það aftur og aftur. Okkur finnst það dýrmætt. Okkur ætti að finnast Biblían jafndýrmæt því að hún er bréf frá þeim sem elskar okkur mest af öllum. Hún er bréf frá kærleiksríkum Guði.

Gefðu þér smátíma í viðbót til að lesa ritningarstaðina hér á eftir sem sýna að Biblían er raunverulega orð Guðs, skrifuð okkur til gagns: Rómverjabréfið 15:4; 2. Tímóteusarbréf 3:16, 17 og 2. Pétursbréf 1:20, 21.

SÁ SEM SKAPAÐI ALLT

MIG langar til að segja þér svolítið sérstakt. Langar þig til að heyra það? — Líttu á hendurnar á þér. Beygðu fingurna. Taktu svo eitthvað upp. Hendurnar geta gert margt og þær geta gert það vel. Veistu hver skapaði hendurnar? —


Já, það er sá sami og skapaði munninn, nefið og augun. Það var Guð, faðir kennarans mikla. Erum við ekki ánægð að Guð skuli hafa gefið okkur augu? — Við getum séð margt með augunum. Við getum horft á blómin. Við getum horft á græna grasið og bláa himininn. Við getum meira að segja séð litla svanga unga eins og þá sem eru á myndinni. Er ekki stórkostlegt að geta séð allt þetta? —



Hver bjó til allar lifandi verur?

En hver bjó þetta allt til? Var það einhver maður? Nei, menn geta smíðað hús en enginn maður getur búið til gras sem vex. Menn geta hvorki búið til unga, blóm né nokkrar aðrar lifandi verur. Vissirðu það? —

Það var Guð sem bjó þetta allt til. Hann skapaði himininn og jörðina. Hann skapaði líka fólkið. Hann skapaði fyrsta manninn og fyrstu konuna alveg eins og Jesús, kennarinn mikli, kenndi. — Matteus 19:4-6.



Einhver smíðaði húsið, en hver bjó til blómin, trén og dýrin?

Hvernig vissi Jesús að Guð skapaði manninn og konuna? Sá hann Guð gera það? — Já, Jesús var með Guði þegar Guð skapaði manninn og konuna. Guð skapaði Jesú á undan öllum öðrum. Jesús var engill og var á himnum hjá föður sínum.

Bíblían segir að Guð hafi sagt: ‚Við viljum skapa mann.‘ (1. Mósebók 1:26) Veistu við hvern Guð var að tala? — Hann var að tala við son sinn. Hann var að tala við þann sem kom seinna til jarðarinnar og var kallaður Jesús.

Er ekki gaman að vita þetta? Hugsaðu þér! Þegar við hlustum á Jesú erum við að læra hjá kennara sem var með Guði þegar Guð skapaði jörðina og allt annað. Jesús lærði margt þegar hann vann með föður sínum á himnum. Það er því ekkert skrítið að Jesús skuli vera kennarinn mikli.


Heldurðu að Guð hafi verið óánægður með að vera einn áður en hann skapaði son sinn? — Nei, það var hann ekki. Hvers vegna skapaði hann þá aðrar lifandi verur fyrst hann var ekki óánægður? — Hann gerði það vegna þess að hann er kærleiksríkur Guð. Hann vildi að aðrir gætu notið þess að lifa. Við ættum að þakka Guði fyrir að hafa gefið okkur lífið.

Allt sem Guð hefur gert sýnir að hann er kærleiksríkur. Hann bjó til sólina. Sólin lýsir okkur og heldur á okkur hita. Ef við hefðum ekki sólina væri jörðin köld og ekkert líf á henni. Finnst þér ekki gott að Guð skuli hafa skapað sólina? —

Guð lætur líka rigna. Það getur verið að þér finnist ekki alltaf skemmtilegt þegar rignir. En rigningin hjálpar blómunum að vaxa. Hverjum þökkum við þegar við sjáum falleg blóm? — Guði. Og hverjum þökkum við þegar við borðum bragðgóða ávexti og grænmeti? — Við ættum að þakka Guði af því að hann á sólina og rigninguna sem lætur allt vaxa.

Ímyndaðu þér að einhver spyrji þig: „Skapaði Guð manninn og dýrin?“ Hverju myndirðu svara? — Réttu svarið er: „Já, Guð bjó til manninn og dýrin.“ En ef einhver trúir ekki að Guð hafi búið manninn til? Ef hann segir að maðurinn sé kominn af dýrunum? Biblían kennir það ekki. Hún segir að Guð hafi skapað allar lifandi verur. — 1. Mósebók 1:26-31.

Hvað myndir þú segja ef einhver segðist ekki trúa á Guð? — Hvers vegna ekki að benda á hús og spyrja svo: „Hver smíðaði þetta hús?“ Einhver hefur þurft að smíða það. Það vita allir. Húsið smíðaði sig auðvitað ekki sjálft. — Hebraebréfið 3:4.



Næst skaltu fara með hann út í garð og sýna honum blóm. Spyrðu hann svo: „Hver bjó þetta til?“ Það var ekki maður. Alveg eins og húsið smíðaði sig ekki sjálft þá varð þetta blóm ekki heldur til af sjálfu sér. Einhver bjó það til. Það var Guð sem gerði það.

Biddu þann sem þú ert að tala við að hlusta á fuglana syngja. Spyrðu hann síðan: „Hver skapaði fuglana og kenndi þeim að syngja?“ Það var Guð. Það er Guð sem skapaði himininn og jörðina og allar lifandi verur! Það er hann sem gefur lífið.

En kannski segir einhver að hann trúi aðeins á það sem hann getur séð og segir ef til vill: „Ég trúi ekki á það sem ég get ekki séð.“ Sumir segjast þess vegna ekki trúa á Guð af því að þeir geta ekki séð hann.

Það er rétt að við getum ekki séð Guð. Biblían segir: „Enginn maður getur séð Guð.“ Hvorki menn, konur né börn geta séð Guð. Þess vegna ætti enginn að reyna að búa til mynd eða styttnu af Guði. Guð bannar okkur meira að segja að búa til eftirmynd af sér. Hann yrði þess vegna ekki ánægður ef við hefðum slíka hluti heima hjá okkur. — 2. Mósebók 20:4, 5; 33:20; Jóhannes 1:18.

Hvernig veistu að Guð er raunverulega til fyrst þú getur ekki séð hann? Við skulum taka dæmi. Geturðu séð vindinn? — Nei, enginn getur séð vindinn. En þú sérð það sem vindurinn gerir. Þú sérð lafið á trjánum hreyfast þegar vindurinn blæs. Þess vegna trúirðu að vindurinn sé til.

Þú getur líka séð það sem Guð hefur gert. Þegar þú horfir á lifandi blóm eða fugl ertu að horfa á það sem Guð hefur búið til. Þess vegna trúirðu að Guð sé til.

Kannski spyr einhver þig: „Hver bjó til sólina og jörðina?“ Biblían segir: „Guð skapaði himin og jörð.“ (1. Mósebók 1:1) Já, Guð bjó allt þetta undursamlega til! Hvað finnst þér um það? —

Er ekki yndislegt að vera lifandi? Við getum heyrt fallegan fuglasöng. Við getum séð blómin og margt fleira sem Guð hefur búið til. Við getum líka borðað matinn sem Guð hefur gefið okkur.

Við ættum að þakka Guði fyrir allt þetta. Fyrst og fremst ættum við að þakka honum fyrir að gefa okkur lífið. Hvað ættum við að gera ef við erum þakklát Guði? — Við ættum að hlusta á hann og gera það sem hann segir okkur í Biblíunni. Þannig getum við sýnt að við elskum þann sem skapaði allt.

Við ættum að sýna þakklæti fyrir allt sem Guð hefur gert. Hvernig? Lestu það sem skrifað er í Sálmi 139:14; Jóhannesi 4:23, 24; 1. Jóhannesarbréfi 5:21 og Opínberunarbókinni 4:11

Hvernig veistu að vindurinn er til?



HVAÐ HEITIR GUÐ?


HVAÐ er oftast það fyrsta sem þú spyrð um þegar þú hittir einhvern í fyrsta sinn? — Spyrðu kannski hvað hann heiti? — Við heitum öll eitthvað. Guð gaf fyrsta manninum á jörðinni nafn. Hann lét hann heita Adam. Kona Adams var nefnd Eva.

En það eru ekki bara menn sem bera nöfn. Manstu eftir einhverju öðru sem á sér líka nafn? — Þegar þú færð dúkku eða gæludýr gefurðu þeim þá ekki nafn? — Já, nöfn eru mjög mikilvæg.

Horfðu á allar stjörnurnar á kvöldhimninum. Heldurðu að þær heiti eitthvað? — Já, Guð gaf hverri einustu stjörnu á himninum nafn. Biblían segir: „Hann ákveður tölu stjarnanna, kallar þær allar með nafni.“ — Sálmur 147:4.

Hver heldurðu að sé mikilvægastur í öllum heiminum? — Já, það er Guð. Heldurðu að hann heiti eitthvað? — Jesús sagði að svo væri. Hann sagði einu sinni við Guð í bæn: „Ég hef sagt fylgjendum mínum frá nafni þínu.“ (Jóhannes 17:26) Veistu hvað Guð heitir? — Hann segir okkur það sjálfur. Hann segir: „Ég er Drottinn [„Jehóva“, NW], það er nafn mitt.“ Guð heitir því JEHÓVA. — Jesaja 42:8.

Finnst þér ekki gaman þegar aðrir muna hvað þú heitir? — Jehóva vill líka að fólk viti hvað hann heitir. Þess vegna ættum við að nota nafnið Jehóva þegar við tölum um Guð. Kennarinn mikli notaði nafn Guðs, Jehóva, þegar hann talaði við fólk. Hann sagði einu sinni: „Þú skalt elska Drottinn

An illustration of three children camping at night. Two boys and one girl are sitting on a green blanket under a blue tent. One boy is pointing up at the sky, and the girl is holding an open book. A German Shepherd dog is lying down next to them. A lantern sits on the blanket. In the background, there is a house with a lit window and a large tree with an owl perched on a branch. The sky is dark blue with stars and a shooting star.

[„Jehóva,“ NW], Guð þinn, af öllu hjarta þínu.“ — Markús 12:30.

Jesús vissi að Jehóva er mjög mikilvægt nafn. Þess vegna kenndi hann fylgjendum sínum að nota nafn Guðs. Hann kenndi þeim meira að segja að tala um það í bænum sínum. Guð vill að allir þekki nafnið hans sem er Jehóva og Jesús vissi það.

Fyrir langa löngu sýndi Guð Ísraelsmanninum Móse hversu mikilvægt nafn sitt væri. Ísraelsmenn bjuggu í landi sem heitir Egyptaland. Íbúar landsins voru kallaðir Egyptar. Þeir gerðu Ísraelsmenn að þrælum og voru mjög vondir við þá. Þegar Móse var orðinn fullorðinn reyndi hann að hjálpa ísraelskum manni. Þá varð faraó Egyptalandskonungur mjög reiður. Hann vildi drepa Móse! Þess vegna flúði Móse frá Egyptalandi.

Vissir þú að allar stjörnur eiga sér nafn?


Móse fór til annars lands. Það hét Midfjánsland. Þar giftist hann og eignaðist börn. Hann var líka fjárhirðir. Dag einn, þegar Móse var að gæta sauðanna nálægt fjalli einu, sá hann undra-
verða sýn. Þyrnirunni stóð í ljósum logum en brann samt ekki! Móse gekk nær til þess að sjá þetta betur.

Veistu hvað gerðist þá? — Móse heyrði rödd koma úr miðjum þyrnirunnum. Röddin kallaði: „Móse, Móse!“ Hver var að kalla? — Það var Guð! Hann hafði mikilvægt verkefni handa Móse. Hann sagði: „Ég vil senda þig til faraós Egyptalandskonungs og þú skalt leiða þjóð mína, Ísraelsmenn, út úr Egyptalandi.“ Guð lofaði að hjálpa Móse að gera það.

En Móse sagði við Guð: „Þegar ég kem til Ísraelsmanna í Egyptalandi og segi að Guð hafi sent mig og þeir segja við mig: „Hvert er nafn hans?“ hverju á ég svara þeim?“ Guð sagði Móse að segja við Ísraelsmenn: „Jehóva sendi mig til ykkar. Jehóva er nafn hans að eilífu.“ (2. Mósebók 3:1-15) Það sýnir að Guð ætlar

Hvað lærði Móse hjá logandi þyrnirunnum?





aldrei að skipta um nafn eða breyta því. Hann vill vera þekktur að eilífu undir nafninu Jehóva.

Þegar Móse fór aftur til Egyptalands héldu Egyptar að Jehóva væri bara smáguð sem Ísraelsmenn tryðu á. Þeir vissu ekki að hann væri Guð yfir allri jörðinni. Þess vegna sagði Jehóva við Egyptalandskonung: „Ég ætla að gera nafn mitt kunnugt um alla jörðina.“ (2. Mósebók 9:16) Hann gerði það svo sannarlega. Veistu hvernig hann fór að því? —

Jehóva lét Móse leiða Ísraelsmenn út úr Egyptalandi. Þegar þeir komu að Rauðahafinu opnaði Jehóva þeim leið þvert yfir hafið með því að kljúfa það í tvennt. Ísraelsmenn komust óhultir yfir á þurru. Þegar faraó og her hans eltu þá út á þurran hafsbotninn steypist sjórinn yfir Egyptana og þeir dóu allir.


Fljótlega fréttist út um allan heim hvað Jehóva hafði gert þegar Ísraelsmenn voru við Rauðahafið. Hvernig vitum við að það fréttist? — Um 40 árum síðar fóru Ísraelsmenn til Kanaanlands en það er landið sem Jehóva hafði lofað að gefa þeim. Þar sagði unga konan Rahab við tvo Ísraelsmenn: „Við

***Hvernig gerði Guð
nafn sitt kunnugt
við Rauðahafið?***




höfum frétt að Jehóva þurrkaði fyrir ykkur sjóinn í Rauðahafinu þegar þið fóruð út úr Egyptalandi.’ — Jósúabók 2:10.

Nú á dögum eru margir alveg eins og Egyptarnir voru. Þeir trúa ekki að Jehóva sé Guð yfir allri jörðinni. Þess vegna vill Jehóva að fólk sitt segi öðrum frá honum. Það gerði Jesús einmitt. Þegar hann átti skammt eftir ólíf að sagði hann við Jehóva í bæn: „Ég hef sagt þeim frá nafni þínu.“ — Jóhannes 17:26.



*Jesús sagði fólki frá nafni Guðs.
Geturðu bent á nafn Guðs í Biblíunni?*



Vilt þú líkjast Jesú? Segðu þá öðrum að Guð heiti Jehóva. Þú uppgötvar ef til vill að margir vita það ekki. Veistu af hverju? — Það er af því að þegar Biblían var þýdd var nafni Guðs breytt í Drottin. En þú gætir sýnt þeim 1. Mósebók 2:5. Við skulum ná í Biblíuna og finna þetta vers. Það byrjar svona: „Þegar Drottinn Guð gjörði jörðina og himininn . . .“ Sjáðu hvað stendur neðanmáls við orðið Drottinn: „Á hebr.: *Jahve*.“ Jahve og Jehóva er sama nafnið. Og í Sálmi 83:19 stendur að Jehóva sé „hinn hæsti yfir allri jörðunni“.

Hvað lærum við af þessu? — Við lærum að Jehóva er mikilvægasta nafn sem til er. Það er nafn hins almáttuga Guðs sem er faðir Jesú og skapari alls. Mundu að Jesús sagði að við ættum að elska Jehóva Guð af öllu hjarta. Elskar þú Jehóva? —

Hvernig getum við sýnt að við elskum Jehóva? — Til dæmis með því að kynnast honum og verða vinir hans. Við getum líka sagt öðrum hvað hann heitir. Við getum notað Biblíuna til að sýna þeim að hann heitir Jehóva. Við getum einnig sagt frá öllu því stórkostlega sem Jehóva hefur skapað og öllu því góða sem hann hefur gert. Það gleður Jehóva mjög mikið af því að hann vill að fólk þekki sig. Getum við ekki sagt öðrum frá honum? —

En það vilja ekki allir hlusta þegar við tölum um Jehóva. Margir hlustuðu ekki einu sinni þegar Jesús, kennarinn mikli, talaði um hann. En það hindraði hann ekki í að tala um Jehóva.

Við skulum líkja eftir Jesú. Höldum áfram að tala um Jehóva. Ef við gerum það verður Jehóva Guð ánægður með okkur af því að við sýnum að við elskum nafn hans.

Lesið saman í Biblíunni nokkur vers í viðbót sem sýna hversu mikilvægt nafn Guðs er: Jesaja 12:4, 5; Matteus 6:9; Jóhannes 17:6; Rómverjabréfið 10:13.

,ÞETTA ER SONUR MINN‘

DUGLEG börn gleðja foreldra sína. „Þetta er dóttir mín,“ segir stoltur faðir þegar stelpa hans gerir eitthvað vel. Og þegar strákurinn hans stendur sig vel segir hann: „Þetta er sonur minn.“

Jesús gerir alltaf það sem faðir hans á himnum vill að hann geri. Þess vegna er faðir hans stoltur af honum. Manstu hvað faðir Jesú gerði einu sinni þegar Jesús var með þremur fylgjendum sínum? — Já, Guð talaði til þeirra alla leið frá himnum og sagði: „Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hef velþóknun á.“ — Matteus 17:5.

Jesús hefur alltaf ánægju af því að gera vilja föður síns. Veistu af hverju? Það er af því að hann elskar föður sinn. Ef við gerum eitthvað eingöngu af því að við verðum að gera það, þá finnst okkur það erfitt. En ef við erum fús til þess verður það strax auðveldara. Veistu hvað það þýðir að vera fús? — Það þýðir að vilja gjarnan gera eitthvað.


Jesús var líka fús til að gera allt sem faðir hans bað hann um áður en hann kom til jarðarinnar. Honum leið mjög vel á himnum hjá föður sínum. En Guð fékk honum sérstakt verkefni. Til að sinna þessu verkefni varð Jesús að fara frá himnum og fæðast á jörðinni sem barn. Hann var fús til að gera þetta af því að faðir hans vildi það og hann elskaði föður sinn.

Jesús varð að eiga móður til að geta fæðst sem barn á jörðinni. Veistu hver hún var? — Hún hét María. Jehóva sendi engilinn

„ÞETTA ER SONUR MINN“

*Hvað sagði engillinn
Gabríel við Maríu?*

Gabríel frá himnum til að tala við Maríu. Gabríel sagði henni að hún myndi eignast dreng. Hann átti að heita Jesús. En hver yrði faðir hans? — Engillinn sagði að Jehóva Guð yrði faðir drengsins. Þess vegna yrði Jesús kallaður sonur Guðs.



Hvað heldurðu að Maríu hafi fundist um þetta? — Ætli hún hafi sagt: „Mig langar ekki til að verða móðir Jesú“? Nei, María var reiðubúin til að gera það sem Guð vildi. En hvernig gat sonur Guðs á himnum fæðst sem barn á jörðinni? Á hvaða hátt var fæðing Jesú ólík fæðingu allra annarra barna? Veistu það? —

Guð skapaði Adam og Evu, fyrstu foreldrana, þannig að þau gætu verið saman á sérstakan hátt. Eftir það gat myndast barn í móðurkviði konunnar. Fólk segir að þetta sé kraftaverk. Þú ert örugglega sammála því.

Guð gerði enn stórkostlegra kraftaverk þegar hann flutti líf sonar síns frá himnum í móðurkvið Maríu. Guð hafði aldrei gert slíkt áður og hefur heldur ekki gert það síðan. Eftir þetta kraftaverk fór Jesús að þroskast í móðurkviði Maríu alveg eins og önnur börn vaxa í kviði mæðra sinna. Síðan giftist María Jósef.

Þegar að því kom að Jesús átti að fæðast voru María og Jósef gestkomandi í bænum Betlehem. En bærinn var yfirfullur af


fólki. Marfa og Jósef gátu ekki einu sinni fengið herbergi svo að þau urðu að gista í gripahúsi sem er útihús fyrir dýr. Þar fæddist Jesús og var lagður í jötu, eins og þú getur séð hérna. Jata er eins konar kassi undir hey fyrir kýr og önnur dýr.



Af hverju eru þau að leggja Jesú í jötu?

Margt spennandi gerðist nóttina sem Jesús fæddist. Engill birtist nokkrum fjárhirðum nálægt Betlehem. Hann sagði þeim að Jesús væri mjög mikilvæg persóna. Engillinn sagði: „Sjá, ég segi ykkur góðar fréttir sem munu gleðja fólk. Í dag fæddist frelsari fólksins.“ — Lúkas 2:10, 11.

Engillinn sagði fjárhirðunum að þeir gætu fundið Jesú í Betlehem þar sem hann lægi í jötu. Síðan komu skyndilega fleiri englar sem lofuðu Guð ásamt fyrsta englinum. „Dýrð sé Guði,“



*Hvaða góðu fréttir er engillinn
að færa fjárhirðunum?*

sungu englarnir, „og friður á jörðu með
mönnum, sem hann hefur velþóknun á.“
— Lúkas 2:12-14.

Þegar englarnir voru farnir fóru fjárhirðarnir til Betlehem og fundu Jesú. Þeir sögðu Jósef og Maríu frá öllu sem þeir höfðu heyrt. Geturðu ímyndað þér hvað María var ánægð að hafa verið fús til að vera móðir Jesú?

Seinna fóru Jósef og María með Jesú til borgarinnar Nasaret. Þar ólst Jesús upp. Þegar hann var orðinn fullorðinn hóf hann mikið kennslustarf. Það var hluti af verkefninu sem Jehóva Guð vildi að sonur sinn ynni á jörðinni. Jesús var fús til að sinna þessu verkefni af því að hann elskaði himneskan föður sinn innilega.



Áður en Jesús hóf starf sitt sem kennarinn mikli lét hann skírast hjá Jóhannesi skírara í ánni Jórdan. Þá gerðist undra-
verður atburður. Þegar Jesús kom upp úr vatninu talaði Jehóva
af himnum og sagði: „Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hef
velþóknun á.“ (Matteus 3:17) Líður þér ekki vel þegar mamma
þín og pabbi segja að þau elski þig? — Við getum verið viss um
að Jesú leið líka vel.

Jesús gerði alltaf það sem er rétt. Hann þóttist ekki vera ein-
hver annar en hann var. Hann sagði fólki ekki að hann væri
Guð. Engillinn Gabríel hafði sagt Maríu að Jesús yrði kallaður
sonur Guðs. Jesús sjálfur sagðist vera sonur Guðs. Hann sagði
fólki ekki að hann vissi meira en faðir sinn heldur sagði: „Faðir-
inn er mér meiri.“ — Jóhannes 14:28.


Þegar Jesús var á himnum gerði hann líka allt sem faðir hans
bað hann um. Hann sagðist ekki aðeins ætla að gera það og gerði
síðan eitthvað annað. Hann elskaði föður sinn. Þess vegna hlust-
aði hann á það sem faðir hans sagði. Þegar Jesús kom til jarðar
gerði hann það sem faðir hans á himnum sendi hann til að gera.
Hann eyddi ekki tímanum í eitthvað annað. Það er því skiljan-
legt að Jehóva sé ánægður með son sinn.

Viljum við ekki líka gleðja Jehóva? — Þá verðum við að sýna
að við hlustum á hann eins og Jesús gerði. Guð notar Biblíuna til
að tala við okkur. Væri nokkuð rétt að þykjast hlusta á Guð en
trúa síðan einhverju öðru og gera það sem stangast á við Biblí-
una? — Mundu líka að okkur finnst gaman að gleðja Jehóva ef
við elskum hann í raun og veru.

*Lestu eftirfarandi ritningarstaði. Þeir benda okkur á hvað við þurfum að
vita og hverju við þurfum að trúa um Jesú: Matteus 7:21-23; Jóhannes 4:
25, 26; 1. Tímóteusarbréf 2:5, 6.*

KENningarINN MIKLI ÞJÓNAÐI ÖÐRUM

FINNST þér ekki gaman þegar aðrir gera eitthvað fyrir þig? — Öðrum finnst líka mjög gaman þegar einhver gerir eitthvað fyrir þá. Okkur finnst það öllum. Kennarinn mikli vissi það og hann var alltaf að gera eitthvað fyrir aðra. Hann sagði: „Ég kom ekki til að láta þjóna mér, heldur til að þjóna.“ — Matteus 20:28.



*Um hvað voru lærisveinar
Jesú að deila?*

Hvað verðum við að gera til að líkjast kennaranum mikla? — Við verðum að þjóna öðrum og vera tilbúin að gera eitthvað fyrir þá. Það eru ekki margir sem gera það. Flestir vilja reyndar láta aðra þjóna sér. Lærisveinar Jesú vildu það meira að segja um tíma. Þá langaði alla til að vera meiri og mikilvægari en hinir.

Dag einn var Jesús á ferðalagi með lærisveinum sínum. Þegar þeir voru komnir inn í borgina Kapernaum, sem var við Galíleuvatn, fóru þeir allir inn í hús nokkurt. Þá spurði Jesús þá: „Hvað voruð þið að ræða á leiðinni?“ Þeir sögðu ekkert af því að þeir höfðu verið að deila um það hver þeirra væri mestur. — Markús 9:33, 34.

Jesús vissi að það væri rangt af lærisveinunum að halda að þeir væru mikilvægari en aðrir. Eins og við lærðum í fyrsta kaflanum setti Jesús lítið barn mitt á meðal lærisveinanna og sagði að þeir ættu að vera auðmjúkir eins og barnið. En þeir létu sér það samt ekki að kenningu verða. Rétt áður en Jesús dó kenndi hann þeim lexíu sem þeir gleymdu aldrei. Hver var hún? —

Þeir voru að borða saman þegar Jesús stóð upp frá borðinu og fór úr skikkjunni sem var eins konar yfirhöfn. Hann náði í handklæði og batt það um mittið. Síðan tók hann þvottaskál og hellti vatni í hana. Lærisveinarnir hljóta að hafa velt því fyrir sér hvað hann ætlaði að gera. Þeir horfðu síðan á hann beygja sig niður og þvo fætuna á þeim öllum. Síðan þurrkaði hann fætur þeirra með handklæðinu. Hugsaðu þér! Hvernig hefði þér liðið ef þú hefðir verið þarna? —

Lærisveinum Jesú fannst ekki rétt að láta kennarann mikla þjóna sér á þennan hátt. Þeir urðu vandræðalegir. Pétur vildi ekki einu sinni leyfa honum að þvo fætur sína því að honum fannst það ekki samboðið Jesú. En Jesús sagði að það skipti miklu máli að hann fengi að gera það.

Við þvolum venjulega ekki fætuna hvert á öðru nú á dögum en það var gert þegar Jesús var á jörðinni. Veistu af hverju? — Í landinu, þar sem Jesús og lærisveinar hans bjuggu, gengu menn berfættir í sandölum á moldar- og malarvegum og fætur þeirra urðu því rykugir. Það var þess vegna mjög fallega gert að þvo fætur þeirra sem komu í heimsókn.

Í þetta skipti hafði enginn af lærisveinum Jesú boðist til að þvo fætur hinna. Þess vegna gerði Jesús það sjálfur. Þannig kenndi hann þeim mjög mikilvæga lexíu. Þeir þurftu að læra þessa lexíu og það þurfum við líka.

Veistu hvaða lærdóm við getum dregið af þessu? — Eftir að Jesús hafði farið aftur í skikkjuna og sest við borðið sagði hann: „Skiljið þið hvað ég hef gert fyrir ykkur? Þið kallið mig meistara og herra, og þið mælið rétt því það er ég. Fyrst ég, sem er herra og meistari, hef nú þvegið fætur ykkar þá eigið þið líka að þvo fæturna hver á öðrum.“ — Jóhannes 13:2-14.

Kennarinn mikli sýndi með þessu að hann vildi að lærisveinar sínir þjónuðu hver öðrum. Hann vildi að þeir hugsuðu ekki bara um sjálfa sig. Hann vildi ekki að þeir litu svo stórt á sig að aðrir ættu alltaf að þjóna þeim. Hann vildi að þeir væru reiðubúnir að þjóna öðrum.

Getum við ekki lært mikið af þessu? — Ætlar þú að líkja eftir kennaranum mikla og þjóna öðrum? — Við getum gert margt fyrir aðra sem myndi gleðja þá. En það besta er að það gleður Jesú og föður hans.

Það er ekki erfitt að þjóna eða hjálpa öðrum. Ef þú lítur í kringum þig geturðu fundið margt sem þú getur gert fyrir aðra.

*Hvaða lextu kenndi Jesús
lærisveinum sínum?*



Hugsaðu þig aðeins um: Geturðu aðstoðað mömmu þína við eitthvað? Þú veist að hún gerir margt fyrir þig og aðra í fjölskyldunni. Geturðu hjálpað henni? — Hvernig væri að spyrja hana?

Þú gætir kannski lagt á borðið áður en fjölskyldan borðar saman eða tekið af borðinu eftir matinn. Sum börn fara út með ruslið á hverjum degi. Hvað sem þú gerir þá ertu að þjóna öðrum eins og Jesús gerði.

Áttu yngri systkini sem þú gætir hjálpað? Mundu að Jesús, kennarinn mikli, þjónaði lærisveinum sínum. Þess vegna ertu að líkja eftir Jesú þegar þú hjálpar yngri systkinum þínum. Hvað geturðu gert fyrir þau? — Kannski

geturðu kennt þeim að taka til eftir sig þegar þau eru búin að leika sér. Þú getur líka hjálpað þeim

Hvað geturðu gert til að hjálpa öðrum?



að klæða sig. Þú getur jafnvel hjálpað þeim að búa um rúmið. Manstu eftir einhverju öðru sem þú getur gert fyrir þau? — Þeim þykir áreiðanlega vænt um það sem þú gerir fyrir þau, alveg eins og lærisveinum Jesú þótti vænt um það sem hann gerði fyrir þá.

Þú getur líka þjónað öðrum í skólanum. Þú getur hjálpað bæði bekkjarsystkinum þínum og kennaranum. Ef einhver missir bækurnar væri fallegt af þér að hjálpa honum að taka þær upp. Þú gætir boðist til að þurrka af töflunni eða gera eitthvað annað fyrir kennarann. Það er líka fallega gert að halda dyrunum opnum fyrir aðra.

En fólk þakkar ekki alltaf fyrir hjálpina. Finnst þér þá að við ættum að hætta að gera góðverk? — Alls ekki. Fæstir þökkuðu Jesú fyrir góðverkin sem hann gerði en hann hélt samt áfram að gera þau.

Við ættum þess vegna að halda áfram að þjóna öðrum. Munum eftir Jesú, kennaranum mikla, og reynum alltaf að fylgja fordæmi hans.


Til að vita meira um hvernig við getum hjálpað öðrum geturðu lesið Orðskviðina 3:27, 28; Rómverjabréfið 15:1, 2 og Galatabréfið 6:2.



HLÝÐNI VERNDAR ÞIG

FYNDIST þér gaman að mega gera allt sem þú vildir? Hefurðu einhvern tíma óskað þess að enginn segði þér fyrir verkum? Segðu mér í hreinskilni hvað þér finnst. —

Heldurðu að það sé gott fyrir þig að gera allt sem þig langar til? Eða er betra að hlýða pabba þínum og mömmu? — Guð segir að þú eigir að hlýða foreldrum þínum. Það hlýtur þess vegna að vera viturlegt að hlýða. Við skulum athuga þetta betur.



Hvað ertu gamall eða gömul? — Veistu hvað pabbi þinn er gamall? — Hvað er mamma þín gömul eða afi þinn og amma? — Þau hafa lifað miklu lengur en þú. Og því lengur sem maður lifir, þeim mun meiri tíma hefur maður haft til að læra.

Á hverju ári heyrir maður eitt-hvað nýtt, sér eitthvað nýtt og gerir eitthvað nýtt. Börn geta þess vegna lært af þeim sem eru

Hvers vegna ættirðu að hlusta eldri á þá sem eru eldri en þú?

Þekkirðu einhvern sem er yngri en þú? — Heldurðu að þú vitir meira en hann? — Hvers vegna veistu meira? — Af því að þú hefur lifað lengur og haft meiri tíma til að læra.


Hver hefur lifað lengur en þú og ég og allir aðrir? — Það er Jehóva Guð. Hann veit meira en þú og hann veit líka meira en ég. Þegar Jehóva segir okkur að gera eitthvað getum við verið viss um að það er rétt að gera það þó að það geti verið erfitt. Vissirðu að einu sinni fannst kennaranum mikla meira að segja erfitt að hlýða? —

Einu sinni fékk Jesús mjög erfitt verkefni frá Guði. Jesús talaði um það við Guð eins og við getum séð á myndinni. Hann bað: „Ef þú vilt, þá tak þennan kaleik frá mér!“ Jesús sýndi með þessari bæn að það er ekki alltaf auðvelt að gera vilja Guðs. En hvernig lauk hann bæninni? Veistu það? —

Jesús endaði bænina með því að segja: „Verði þó ekki minn heldur þinn vilji.“ (Lúkas 22: 41, 42) Já, hann langaði til að vilji Guðs næði fram að ganga. Þess vegna gerði Jesús það sem Guð vildi en ekki það sem hann sjálfur taldi best.

Hvað getum við lært af þessu? — Við lærum að það er alltaf rétt að gera það sem Guð segir, jafnvel þótt það sé erfitt. En við lærum líka annað. Veistu hvað það er? — Við lærum að Guð og Jesús eru ekki sama persónan eins og sumir segja. Jehóva Guð er eldri og veit meira en Jesús, sonur hans.

Þegar við hlýðum Guði sýnum við að við elskum hann. Biblían segir: „Í þessu birtist elskan til Guðs að við höldum hans boðorð.“ (1. Jóhannesbréf 5:3) Þú sérð að við þurfum öll að hlýða Guði. Langar þig ekki til að hlýða honum? —



Hvað getum við lært af bæn Jesú?


Við skulum opna biblíurnar okkar og athuga hvað Guð segir að börn eigi að gera. Lesum Efesusbréfið 6. kafla, vers 1, 2 og 3. Þar segir: „Þér börn, hlýðið foreldrum yðar vegna Drottins, því að það er rétt. „Heiðra föður þinn og móður,“ — það er hið fyrsta boðorð með fyrirheiti: „til þess að þér vegni vel og þú verðir langlífur á jörðinni.““

Eins og þú sérð er það Jehóva Guð sjálfur sem segir þér að hlýða pabba þínum og mömmu. Hvað merkir það að „heiðra“ þau? Það merkir að sýna þeim virðingu. Og Guð lofar því „að þér vegni vel“ ef þú hlýðir foreldrum þínum.

Ég skal segja þér sögu af fólki sem bjargaði lífi sínu með því að hlýða. Þetta fólk bjó í borginni Jerúsalem fyrir langa löngu. Flestir borgarbúar vildu ekki hlusta á Guð og Jesús varaði þess vegna við því að Guð myndi eyða borgina. Hann sagði þeim einnig hvernig þeir gætu flúið ef þeir elskuðu það sem rétt var. Hann sagði: „Þegar þið sjáið herfylkingar umkringja Jerúsalem, þá vitið þið að eyðing hennar er í nánd. Þá er rétti tíminn til að fara út úr Jerúsalem og flýja til fjalla.“ — Lúkas 21:20-22.

Það fór eins og Jesús sagði. Rómverskur her kom til að ráðast á Jerúsalem og reisti herbúðir umhverfis borgina. En svo fóru hermennirnir burt af einhverri ástæðu. Flestir borgarbúar héldu að hættan væri liðin hjá og voru þess vegna um kyrrt í borginni. En hvað hafði Jesús sagt þeim að gera? — Hvað hefðir þú gert ef þú hefðir búið í Jerúsalem? — Þeir sem trúðu Jesú í raun og veru yfirgáfu heimili sín og flúðu upp í fjöllin langt frá Jerúsalem.

Ekkert kom fyrir Jerúsalem í heilt ár. Árið eftir gerðist ekkert. Og þriðja árið gerðist heldur ekkert. Sumum hefur kannski



*Hvernig bjargaðist
þetta fólk með því að
hlýða skipun Jesú?*

fundist að þeir sem yfirgáfu borgina hafi tekið heimskulega ákvörðun. En fjórða árið kom rómverski herinn aftur og setti upp herbúðir umhverfis Jerúsalem. Nú var of seint að flýja. Í þetta sinn eyddi herinn borgina og flestir þeirra sem voru inni í henni dóu en hinir voru teknir til fanga.

En hvernig fór fyrir þeim sem höfðu hlýtt Jesú? — Þeir voru heilir á húfi. Þeir voru langt í burtu frá Jerúsalem og þess vegna kom ekkert fyrir þá. Hlýðni verndaði þá.

Ætli hlýðni geti verndað þig líka? — Ef til vill segja foreldrar þínir að þú megir ekki leika þér úti á götu. Hvers vegna segja þeir það? — Vegna þess að þú gætir orðið fyrir bíl. En kannski hugsarðu einhvern tíma: „Það eru engir bílar á götunni núna.




Hvers vegna ættirðu að hlýða þó svo að þér finnist engin hættu vera á ferðum?

Ég slasast ekkert. Aðrir krakkar leika sér á götunni og ég hef aldrei séð þá slasast.

Þannig hugsuðu flestir í Jerúsalem. Hættan virtist vera liðin hjá þegar rómverski herinn fór. Og þeir sáu að aðrir héldu kyrru fyrir í borginni. Þeir ákváðu því að vera líka um kyrrt. Þeir höfðu verið varaðir við en hlustuðu ekki. Þess vegna dóu þeir.

Tökum annað dæmi. Hefurðu einhvern tíma leikið þér með eldspýtur? — Það gæti virst gaman að horfa á eldinn þegar þú kveikir á eldspýtu. En það getur verið hættulegt að leika sér með eldspýtur. Allt húsið gæti brunnið til kaldra kola og þú gætir dáið!



Mundu að það er ekki nóg að hlýða bara stundum. Það verndar þig að hlýða alltaf. Hver er það sem segir: „Börn, hlýðið foreldrum ykkar“? — Það er Guð. Og mundu að hann segir það vegna þess að honum þykir vænt um þig.

Lestu þessa ritningarstaði sem sýna hversu mikilvægt það er að hlýða: Orðskviðina 23:22; Prédikarann 12:13; Jesaja 48:17, 18 og Kólossubréfið 3:20.

ANDAVERUR ERU ÆÐRI EN VIÐ

ÞÚ ERT örugglega sammála því að sumir eru æðri eða meiri og sterkari en þú og ég. Geturðu nefnt einhvern sem er æðri en við? — Jehóva Guð er okkur æðri. En hvað um son hans, kennarann mikla? Er hann æðri en við? — Já, auðvitað.

Jesús var á himnum með Guði. Hann var andasonur hans, það er að segja engill. Skapaði Guð aðra engla? — Já, hann skapaði margar milljónir engla. Þessir englar eru líka æðri og sterkari en við. — Hebreabréfið 1:7; Daníel 7:10.

Manstu hvað engillinn hét sem talaði við Maríu? — Hann hét Gabríel. Hann sagði Maríu að hún gengi með barn Guðs. Guð flutti líf Jesú, andasonar síns, í móðurkvið Maríu svo að hann gæti fæðst sem barn á jörðinni. — Lúkas 1:26, 27.

Trúirðu að þetta kraftaverk hafi átt sér stað? Trúirðu að Jesús hafi verið með Guði á himnum? — Jesús sagðist hafa verið með honum á himnum. Hvernig vissi hann það? Þegar hann var lítill hefur María líklega sagt honum frá því sem Gabríel sagði. Og Jósef hefur sennilega sagt Jesú að Guð væri raunverulegur faðir hans.

Þegar Jesús lét skírast talaði Guð meira að segja frá himnum og sagði: „Þessi er minn elskaði sonur.“ (Matteus 3:17) Og nóttina fyrir dauða sinn bað Jesús til föður síns: „Faðir, gjör mig nú dýrlegan hjá þér með þeirri dýrð, sem ég hafði hjá þér, áður en heimur var til.“ (Jóhannes 17:5)

Hvað hafa Jósef og María líklega sagt Jesú?



Já, Jesús bað um að fá að vera aftur með Guði á himnum. Hvernig gæti það gerst? — Jehóva Guð yrði að gera hann aftur að ósýnilegri andaveru eða engli.

Mig langar til að spyrja þig mikilvægrar spurningar. Heldurðu að allir englar séu góðir? — Einu sinni voru þeir allir góðir vegna þess að Jehóva skapaði þá, og allt sem hann skapar er gott. En síðan snerist einn engillinn á móti Guð. Hvernig gerðist það?

Til að fá svar við því verðum við að skoða söguna um fyrstu hjónin sem Guð skapaði, þau Adam og Evu. Sumir segja að þessi saga sé bara ævintýri. En kennarinn mikli vissi að hún var sönn.

Þegar Guð skapaði Adam og Evu lét hann þau í fallegan garð sem hét Eden. Þetta var paradísargarður. Þau hefðu getað búið að eilífu í paradís og eignast mörg börn og stóra

Hvað þurftu Adam og Eva að gera til að fá að lifa að eilífu í paradís?

fjölskyldu. En þau þurftu að læra eitt sem var mikilvægt. Við höfum áður talað um það. Reynum nú að rifja það upp.


Jehóva sagði Adam og Evu að þau mættu borða eins mikið og þau vildu af ávöxtum trjáanna í garðinum. En af einu tré máttu þau ekki borða. Guð sagði þeim hvað myndi gerast ef þau gerðu


Það. Hann sagði: „Þið munuð vissulega deyja.“ (1. Mósebók 2:17)
Hvað þurftu Adam og Eva að læra? —

Þau þurftu að læra að hlýða. Já, líf okkar er undir því komið að við hlýðum Jehóva Guði! Það var ekki nóg fyrir Adam og Evu að segjast ætla að hlýða Guði. Þau þurftu að sýna hlýðni með verkum sínum. Með því að hlýða Guði hefðu þau sýnt að þau elskuðu hann og vildu hafa hann sem stjórnanda. Þá hefðu þau getað lifað að eilífu í paradís. En hvað myndi það sýna ef þau borðuðu ávöxt af trénu? —

Það myndi sýna að þau væru ekki þakklát fyrir það sem Guð hafði gefið þeim. Hefðir þú hlýtt Jehóva ef þú hefðir verið í þeirra sporum? — Adam og Eva gerðu það í fyrstu. En síðan kom andavera og blekkti Evu og fékk hana til að óhlýðnast Jehóva. Hver var þessi andavera? —

Biblían segir að höggormur eða slanga hafi talað við Evu. En þú veist að höggormar geta ekki talað. Hvernig gat höggormurinn þá talað við Evu? — Það var engill





Hver lét höggorminn tala við Evu?

sem lét líta út fyrir að höggormurinn væri að tala. En í rauninni var það hann sjálfur sem talaði. Hann var farinn að hugsa um það sem var rangt. Engillinn vildi fá Adam og Evu til að tilbiðja sig. Hann vildi að þau hlýddu sér. Hann vildi fá stöðu Guðs.

Þess vegna kveikti þessi vondi engill rangar hugmyndir hjá Evu. Hann lét eins og höggormur væri að tala og sagði við hana: „Guð sagði ykkur ekki satt. Þið munuð ekki deyja þótt þið borðið ávöxt af trénu. Þið verðið vitur eins og Guð.“ Hefðir þú trúað því sem röddin sagði? —

Evu fór að langa í það sem Guð hafði ekki leyft henni að fá. Hún borðaði ávöxt af trénu sem þeim hafði verið bannað að borða af. Síðan gaf hún Adam líka ávöxt. Adam trúði ekki orðum höggormsins en löngunin til að vera með Evu var sterkari en kærleikurinn til Guðs. Þess vegna borðaði hann líka ávöxt af trénu. — 1. Mósebók 3:1-6; 1. Tímóteusarbréf 2:14.

Hvaða afleiðingar hafði þetta? — Adam og Eva urðu ófullkomin, gömul og dóu. Þar sem þau voru ófullkomin urðu öll börnin þeirra líka ófullkomin og urðu með tímanum gömul og

*Hvað kom fyrir Adam
og Evu þegar þau
óhlýðnuðust Guði?*



dóu að lokum. Guð laug ekki! Lífið er undir því komið að hlýða honum. (Rómverjabréfið 5:12) Biblían segir að engillinn, sem laug að Evu, heiti Satan djöfullinn og aðrir vondir englar séu kallaðir illir andar. — Jakobsbréfið 2:19; Opínberunarbókin 12:9.

Skilurðu núna hvers vegna góði engillinn, sem Guð hafði skapað, varð vondur? — Það gerðist vegna þess að hann fór að hugsa um það sem var rangt. Hann vildi verða fremri öllum öðrum. Hann vissi að Guð hafði sagt Adam og Evu að eignast börn og hann vildi fá þau öll til að tilbiðja sig. Satan vill fá alla til að óhlýðnast Jehóva. Þess vegna reynir hann að koma röngum hugsunum inn hjá okkur. — Jakobsbréfið 1:13-15.

Satan segir að enginn elski Jehóva í raun og veru. Hann segir að þú og ég elskum ekki Guð og að við viljum í rauninni ekki gera það sem hann segir. Hann segir að við hlýðum Jehóva aðeins þegar allt gengur vel hjá okkur. Hefur Satan rétt fyrir sér? Erum við þannig?

Kennarinn mikli sagði að Satan væri lygari! Jesús hlýddi Jehóva og sannaði þannig að hann elskaði hann í raun og veru. Og Jesús hlýddi honum ekki bara þegar það var auðvelt. Hann gerði það alltaf, jafnvel þótt aðrir gerðu honum það erfitt. Hann var Jehóva trúr allt til dauða. Þess vegna reisti Guð hann upp til eilífs lífs.

Hver heldurðu að sé verstí óvinur okkar? — Já, það er Satan djöfullinn. Geturðu séð hann? — Nei, auðvitað ekki. En við vitum að hann er til og að hann er æðri og máttugri en við. En hver er æðri en Satan? — Jehóva Guð er honum æðri. Þess vegna vitum við að Guð getur verndað okkur.

Lestu um þann sem við ættum að tilbiðja: 5. Mósebók 30:19, 20; Jósuabók 24:14, 15; Orðskviðirnir 27:11 og Matteus 4:10.

VIÐ VERÐUM AÐ STANDAST FREISTINGAR

HEFUR þér einhvern tíma verið sagt að gera eitthvað rangt? — Manaði einhver þig til þess? Eða var þér sagt að það yrði gaman og að það væri eiginlega ekkert rangt? — Þegar einhver segir slíkt er hann að reyna að freista okkar.

Hvað ættum við að gera þegar við verðum fyrir freistingu? Ættum við að láta undan og gera það sem er rangt? — Það myndi ekki gleðja Jehóva Guð. En veistu hver yrði ánægður? — Já, Satan djöfullinn.

Satan er óvinur Guðs og hann er líka óvinur okkar. Við getum ekki séð hann af því að hann er andavera. En hann getur séð okkur. Einu sinni talaði Satan við Jesú, kennarann mikla, og reyndi að freista hans. Við skulum athuga hvað Jesús gerði. Þá vitum við hvað við eigum að gera þegar okkar er freistað.

Jesús vildi alltaf gera vilja Guðs. Hann sýndi það þegar hann lét skírast í ánni Jórdan. Það var rétt eftir að Jesús var skírður sem Satan reyndi að freista hans. Biblían segir að *‘himnarnir hafi opnast’* Jesú. (Matteus 3:16) Þetta gæti þýtt að Jesús hafi þá munað eftir fyrra lífi sínu hjá Guði á himnum.

Eftir hverju ætli Jesús hafi munað þegar hann var skírður?

Eftir að Jesús lét skírast fór hann út í óbyggðina til að hugsa um allt sem hann var farinn að muna. Fjörutíu dagar og fjörutíu nætur liðu. Jesús borðaði ekki neitt allan þennan tíma og var þess vegna orðinn mjög svangur. Það var einmitt þá sem Satan reyndi að freista hans.


Satan sagði: „Ef þú ert sonur Guðs þá breyttu þessum steinum í brauð.“ Það hefði nú verið gott að fá brauðbita. En gat Jesús breytt steinum í brauð? — Já, hann gat það. Af hverju? Af því að hann var sonur Guðs og hafði sérstakan kraft.

Hefðir þú breytt steini í brauð ef Satan hefði sagt þér að gera það? — Jesús var svangur. Hefði það þá ekki verið í lagi, svona einu sinni? — Jesús vissi að það var rangt að nota kraft sinn á þennan hátt. Jehóva hafði gefið honum þennan kraft og hann átti að nota hann til að laða fólk að Guði en ekki fyrir sjálfan sig.

Þess vegna sagði hann við Satan eins og stendur í Biblíunni: „Maðurinn lifir ekki aðeins á brauði heldur á hverju því orði sem kemur frá munni Jehóva.“ Jesús vissi að það er mikilvægara að hlýða Jehóva en að fá mat að borða.

En Satan reyndi aftur. Hann fór með Jesú inn í Jerúsalem og lét hann standa

Hvernig notaði Satan steina til að freista Jesú?



uppi á brún musterisins. Síðan sagði hann: „Ef þú ert sonur Guðs þá kastaðu þér niður því að ritað er að englar Guðs muni sjá til þess að þú meiðist ekki.“

Af hverju sagði Satan þetta? — Hann var að freista Jesú til að hegða sér heimskulega. En Jesús hlustaði ekki heldur á Satan í þetta skipti. Hann sagði við hann: „Ritað er: „Þú skalt ekki freista Drottins Guðs þíns.““ Jesús vissi að það var rangt að freista Jehóva með því að stofna lífi sínu í hættu.

En Satan gafst ekki upp. Næst fór hann með Jesú upp á mjög hátt fjall. Þaðan sýndi hann honum öll ríki heims og dýrð þeirra. Síðan sagði hann við Jesú: „Allt þetta mun ég gefa þér, ef þú fellur fram og tilbiður mig.“

Hugsaðu þér hvað Satan var að bjóða Jesú. Getur verið að hann hafi átt öll þessi ríki? — Jesús neitaði því ekki að Satan ætti þau en það hefði hann gert ef Satan hefði ekki átt þau. Já, Satan stjórnar öllum þjóðum heims. Biblían kallar hann meira að segja „höfðingja þessa heims“. — Jóhannes 12:31.

Hvað myndir þú gera ef Satan lofaði að launa þér fyrir að tilbiðja sig? — Jesús vissi að það var rangt að tilbiðja Satan, hvað sem hann fengi í staðinn. Þess vegna sagði hann: „Farðu burt, Satan! Í Biblíunni segir að við eigum að tilbiðja Jehóva Guð og þjóna honum einum.“ — Matteus 4:1-10; Lúkas 4:1-13.

Við verðum líka fyrir freistingum. Getur þú nefnt einhverjar? — Hér er dæmi. Mamma þín bakar kannski girnilega köku til að hafa í eftirrætt. Hún segir þér að þú megir ekki borða hana fyrr en eftir matinn. En kannski finnst þér freistandi að borða hana af því að þú ert mjög svangur eða svöng. Myndirðu hlýða mömmu þinni? — Satan vill að þú óhlýðnist henni.



Hvers vegna gat Satan boðið Jesú öll þessi ríki?

Mundu eftir Jesú. Hann var líka mjög svangur. En hann vissi að það var mikilvægara að hlýða Guði en að borða. Þú sýnir að þú líkir eftir Jesú ef þú gerir eins og mamma þín segir.

Kannski reyna aðrir krakkar að fá þig til að gleypa einhverjar pillur. Þau segja ef til vill að þér eigi eftir að líða vel af pillunum. En þetta eru kannski eiturlyf. Þú gætir orðið mjög lasinn ef þú tækir þær inn og jafnvel dáíð!



Hvað ætlarðu að gera ef þú verður fyrir freistingu?



Einhver gæti líka boðið þér sígarettu og manað þig til að reykja hana, en í sígarettum eru líka eiturlyf. Hvað myndirðu gera? —

Mundu eftir Jesú. Satan sagði honum að stökkva fram af musterinu og reyndi þannig að fá hann til að stofna lífi sínu í hættu. En Jesús gerði það ekki. Hvað ætlar þú að gera ef einhver manar þig til að gera eitthvað hættulegt? — Jesús hlustaði ekki á Satan. Þú ættir ekki heldur að hlusta á þá sem reyna að fá þig til að gera það sem er rangt.

Þér gæti verið sagt að tilbiðja ýmis tákni eða líkneski, en Biblían segir að það megi alls ekki gera. (2. Mósebók 20:4, 5) Þetta gæti verið liður í einhverri athöfn í skólanum. Kannski er þér sagt að þú megir ekki sækja skólann ef þú neitar að taka þátt í slíku. Hvað myndirðu þá gera? —

Það er auðvelt að gera það sem er rétt þegar allir aðrir gera það líka. En það getur verið frekar erfitt þegar aðrir reyna að fá okkur til að gera það sem er rangt. Þeir gætu sagt að það sem þeir gera sé í rauninni ekki svo slæmt. En spurningin er: Hvað finnst Guði um það? Hann veit hvað okkur er fyrir bestu.

Við ættum því aldrei að gera neitt sem Guð segir að sé rangt, hvað sem aðrir segja. Þannig gleðjum við alltaf Guð en aldrei Satan.

Við finnum meiri upplýsingar um það hvernig við getum staðist freistingar í Sálmi 1:1, 2; Orðskviðunum 1:10, 11; Matteusi 26:41; 2. Tímóteusarbréfi 2:22.

Af hverju er rangt að nota líkneski við tilbeiðslu?




JESÚS HEFUR VALD YFIR ILLUM ÖNDUM

MANSTU af hverju einn af englum Guðs varð Satan djöfullinn? — Það var af því að hann var eigingjarn og vildi láta tilbiðja sig. Þess vegna snerist hann gegn Guði. Ætli aðrir englar hafi fylgt Satan? — Já, Biblían kallar þá ,engla Satans‘ eða illa anda. — Opinberunarbókin 12:9.

*Hvað gerðu
þessir englar
af sér?*

Trúa þessir vondu englar á Guð? — Biblían segir að ,illu andarnir trúi því að Guð sé til‘. (Jakobsbréfið 2:19) En þeir eru hræddir vegna þess að þeir vita að Guð ætlar að refsa þeim fyrir allt það slæma sem þeir hafa gert. Hvað hafa þeir gert af sér? —

Biblían segir að þessir englar hafi yfirgefið heimkynni sín á himnum og komið til jarðarinnar til að lifa eins og menn. Þeir gerðu það vegna þess að þá langaði til að hafa kynmök við fallegu konurnar á jörðinni. (1. Mósebók 6:1, 2; Júdasarbréfið 6) Veistu hvað kynmök eru? —




Það kallast kynmök þegar maður og kona eiga náð líkamlegt samband. Eftir það getur barn farið að myndast í móðurkviði konunnar. En það er rangt af englum að hafa kynmök. Guð hefur aðeins leyft manni og konu, sem eru hjón, að hafa kynmök. Ef þau eignast síðan barn geta þau bæði séð um barnið.

Þegar englarnir breyttu sér í menn og höfðu kynmök við konurnar á jörðinni eignuðust þeir börn með þeim. Börnin stækkuðu svo mikið að þau urðu risavaxin. Þessir risar voru mjög vondir og misþyrmdu fólki. Guð lét þess vegna koma flóð til að eyða risunum og öllu vonda fólkinu. En hann lét Nóa smíða örk eða stórt skip til að bjarga þeim fáu sem gerðu það sem var rétt. Kennarinn mikli sagði að það væri mikilvægt að muna eftir því sem gerðist þegar flóðið átti sér stað.

— 1. Mósebók 6:3, 4, 13, 14;
Lúkas 17:26, 27.

Veistu hvað kom fyrir vondu englana þegar flóðið skall á? — Þeir hættu að nota líkamana sem þeir höfðu gert sér og sneru aftur til himna. En þar sem

*Af hverju eru meiri
erfiðleikar á jörðinni
núna en nokkru
sinni fyrr?*



þeir fengu ekki lengur að vera englar Guðs urðu þeir englar Satans eða illir andar. Hvað kom fyrir börnin þeirra, risana? — Þeir dóu í flóðinu og allt hitt fólkið, sem hlýddi ekki Guði, dó líka.

Eftir flóðið hefur Guð ekki leyft illum öndum að verða aftur eins og menn. En þótt við getum ekki séð illu andana reyna þeir samt enn þá að fá fólk til að gera ýmislegt slæmt. Þeir valda meiri erfiðleikum núna en nokkru sinni fyrr. Það er vegna þess að þeim hefur verið kastað af himnum niður til jarðarinnar.

Veistu af hverju við getum ekki séð illa anda? — Það er af því að þeir eru ósýnilegir. En við getum verið viss um að þeir eru til. Biblían segir að Satan ‚afvegaleiði alla heimsbyggðina‘, og að illu andarnir hjálpi honum. — Opinberunarbókin 12:9, 12.

Geta Satan og illu andarnir blekkst eða platað okkur líka? — Já, þeir geta það ef við gætum okkar ekki. En við þurfum ekki að vera hrædd. Kennarinn mikli sagði: ‚Satan á ekki neitt í mér.‘ Ef við höldum okkur nálægt Guði þá verndar hann okkur fyrir Satan og illum öndum hans. — Jóhannes 14:30.

Það er mikilvægt að vita hvað illu andarnir reyna að fá okkur til að gera. Hugsaðu þig aðeins um. Hvað gerðu illu andarnir þegar þeir komu til jarðarinnar? — Fyrir flóðið höfðu þeir kynmök við konur en það áttu englar alls ekki að gera. Nú á dögum eru illu andarnir ánægðir þegar fólk óhlýðnast lögum Guðs um kynmök. En hverjir mega hafa kynmök? — Það er rétt hjá þér, bara hjón.

Nú á dögum hafa sumir strákar og stelpur kynmök. En það er rangt af þeim. Biblían talar um ‚kynfæri karla‘ eða getnaðarlim. (3. Mósebók 15:1-3, *Bíblíurit*, ný þýðing 2001) Og kynfæri kvenna kallast sköp. Jehóva skapaði þessa líkamshluta í ákveðnum tilgangi og hann vill að við notum þá rétt. Það eru bara hjón

sem mega hafa kynmök. Illu andarnir eru ánægðir þegar fólk gerir það sem Jehóva hefur bannað. Til dæmis hafa illu andarnir gaman af því þegar strákur og stelpa gæla við kynfæri hvort annars. Við viljum ekki gleðja illu andana, er það nokkuð? —

Það er eitt annað sem illu andarnir hafa gaman af en Jehóva hatar. Veistu hvað það er? — Það er ofbeldi. (Sálmur 11:5) Það kallast ofbeldi þegar fólk er vont og meiðir aðra. En það er einmitt það sem risarnir, synir illu andanna, gerðu.

Illir andar hafa líka gaman af að hræða fólk. Stundum þykjast þeir vera dáið fólk. Þeir líkja jafnvel eftir röddum hinna dáu. Þannig telja þeir mörgum trú um að dáið fólk sé enn á lífi og geti talað við þá sem eru lifandi. Já, illu andarnir fá marga til að trú á drauga.



Hvað getur gerst ef við horfum á ofbeldi?

Við verðum því að gæta þess að láta Satan og illa anda ekki plata okkur. Biblían segir til viðvörunar að „Satan þykist



vera góður engill og þjónar hans þykjast líka vera góðir'. (2. Korintubréf 11:14, 15) En illir andar eru vondir í raun og veru. Við skulum athuga hvernig þeir gætu reynt að fá okkur til að vera eins og þeir.

Hvernig lærir fólk mikið um ofbeldi, óviðeigandi kynmök og andaverur eða drauga? — Er það ekki með því að horfa á ákveðna sjónvarpsþætti og kvikmyndir, spila tölvuleiki, fara á Netið og lesa teiknimyndablöð? Hvort færir þetta okkur nær Guði eða nær Satan og illu öndunum? Hvað heldur þú? —



Hvað er gott fyrir okkur að gera?

Hver heldurðu að vilji fá okkur til að hlusta og horfa á það sem er slæmt? — Já, Satan og illu andarnir. Hvað verðum við þess vegna að gera? — Við verðum að lesa, hlusta og horfa á efni sem er gott fyrir okkur og getur hjálpað okkur að þjóna Jehóva. Geturðu nefnt slíkt efni? —

Ef við gerum það sem er gott er engin ástæða til að vera hrædd við illa anda. Jesús er sterkari en þeir og þeir eru hræddir við hann. Illu andarnir kölluðu einu sinni til Jesú: 'Ertu kominn til að eyða okkur?' (Markús 1:24) Verðum við ekki ánægð þegar Jesús eyðir Satan og illu öndunum? — Þangað til getum við treyst því að Jesús verndi okkur fyrir illum öndum ef við höldum okkur nálægt honum og himneskum föður hans.

Lesum um það sem við þurfum að gera í 1. Pétursbréfi 5:8, 9 og í Jakobsbréfinu 4:7, 8.

HJÁLP FRÁ ENGLUM GUÐS

SUMIR segjast aðeins trúa því sem þeir sjá. En það er ekki skynsamlegt að hugsa þannig. Það er margt sem við höfum aldrei séð með berum augum en er samt til. Geturðu nefnt eitthvað? —

Hvað um loftið sem við öndum að okkur? Finnum við fyrir því? — Lyftu upp hendinni og blástu á hana. Fannstu fyrir einhverju? — Já, en þú getur samt ekki séð loftið, er það nokkuð? —

Við höfum áður rætt um andaverur sem við getum ekki séð. Við lærðum að sumar eru góðar en aðrar vondar. Teldu upp nokkrar góðar andaverur sem við getum ekki séð. — Já, Jehóva Guð, Jesús og góðir englar. Eru líka til vondir englar? — Biblían segir að þeir séu til. Segðu mér hvað þú hefur lært um þá. —

Við vitum að minnsta kosti að góðir og vondir englar eru sterkari en við. Kennarinn mikli vissi mjög mikið um engla vegna þess að hann var engill áður en hann fæddist sem barn á jörðinni. Hann var á hinnum ásamt öðrum englum. Hann þekkti milljónir engla. En heita allir þessir englar eitthvað? —

Við höfum lært að Guð gaf stjörnunum nöfn. Þess vegna getum við verið viss um að allir englarnir heita líka eitthvað. Og við vitum að þeir geta talað hver við annan vegna þess að Biblían talar um ‚tungumál engla‘. (1. Korintubréf 13:1) Um hvað heldurðu að englarnir tali? Tala þeir um okkur hér á jörðinni? —

Við vitum að englar Satans, illu andarnir, reyna að fá okkur til að óhlýðnast Jehóva. Þess vegna hljóta þeir að tala saman um

hvernig þeir geti gert það. Þeir vilja að við verðum eins og þeir svo að Jehóva líki ekki heldur við okkur. En hvað um trúfasta engla Guðs? Heldurðu að þeir tali líka um okkur? — Já, þeir vilja hjálpa okkur. Ég skal segja þér hvernig nokkrir englar Jehóva hjálpuðu fólki sem elskaði hann og þjónaði honum.

Tökum Daníel sem dæmi en hann bjó í Babýlon. Fáir íbúanna elskuðu Jehóva. Það voru meira að segja sett þau lög að öllum sem bæðu til Jehóva Guðs yrði refsað. En Daníel hætti ekki að biðja til Jehóva. Veistu hvað var gert við Daníel? —

Já, vondir menn létu kasta Daníel í ljónagryfju. Þar var hann aleinn innan um hungruð ljón. Veistu hvað gerðist svo? — Daníel sagði:

Hvernig bjargaði Guð Daníel?




„Guð minn sendi engil sinn og hann lokaði munni ljónanna.“
Það kom ekkert fyrir hann!

Já, englar geta svo sannarlega hjálpað þeim sem elska Jehóva.
— Daníel 6:19-23.

Einu sinni var Pétur settur í fangelsi. Þú manst kannski að Pétur var vinur kennarans mikla, Jesú Krists. Sumir voru ekki hrifnir af því að Pétur skyldi kalla Jesú son Guðs. Þess vegna settu þeir Pétur í fangelsi. Hermenn voru látnir gæta hans svo að það væri öruggt að hann gæti ekki flúið. Gat einhver hjálpað Pétri? —

Pétur svaf milli tveggja varðmanna og var hlekkjaður á höndum. En Biblían segir: „Allt í einu stóð engill Drottins hjá

*Hvernig hjálpaði engill Pétri
að losna úr fangelsi?*



honum og ljós skein í kleanum. Hann vakti Pétur með því að snerta hann og sagði: „Farðu fljótt á fætur!“

Um leið losnuðu hlekkirnir af höndum Péturs. Engillinn sagði við hann: „Klæddu þig, farðu í skóna og fylgdu mér.“ Verðirnir gátu ekki stöðvað þá vegna þess að engillinn hjálpaði Pétri. Nú komu þeir að járnhliði og þá gerðist nokkuð sérstakt. Hliðið opnaðist af sjálfu sér! Engillinn frelsaði Pétur svo að hann gæti haldið áfram að prédika. — Postulasagan 12:3-11.

Geta englar Guðs hjálpað okkur líka? — Já, svo sannarlega. En þýðir það að þeir komi í veg fyrir að eitthvað slæmt hendi okkur? — Nei, englar koma ekki í veg fyrir að við meiðum okkur ef við gerum eitthvað heimskulegt. En við getum líka meitt okkur þó að við gerum ekki neitt óviturlegt. Englunum er ekki sagt að verja okkur fyrir slíku. Guð hefur hins vegar fengið þeim ákveðið verkefni.

Biblían talar um engil sem segir fólki alls staðar á jörðinni að tilbiðja Guð. (Opinberunarbókin 14:6, 7) Hvernig fer engillinn að því? Kallar hann frá himnum þannig að allir heyri? — Nei, fylgjendur Jesú á jörðinni segja öðrum frá Guði og englarnir leiðbeina þeim. Englarnir sjá til þess að allir fái tækifæri til að kynnast Guði ef þá langar til þess. Við getum tekið þátt í þessu boðunarstarfi og englarnir munu hjálpa okkur.

En hvað nú ef fólk, sem elskar ekki Guð, gerir okkur erfitt fyrir? Segjum að það setji okkur í fangelsi. Ætli englarnir frelsi okkur? — Þeir gætu gert það. En þeir gera það ekki alltaf.

Páll, fylgjandi Jesú, var einu sinni fangi á skipi sem lenti í sjávarháska í mjög vondu veðri. En englarnir frelsuðu hann ekki strax vegna þess að aðrir þurftu að heyra um Guð. Engill sagði


við hann: „Óttast þú ekki, Páll, þú átt að koma fyrir keisarann.“ Já, Páll átti að hitta keisara heimsveldisins svo að hann gæti prédikað fyrir honum. Englarnir vissu alltaf hvar Páll var og hjálpuðu honum. Þeir hjálpa okkur líka ef við þjónum Guði. — Postulasagan 27:23-25.

Englarnir snúa sér mjög fljótlega að öðru mikilvægu verkefni. Guð hefur ákveðið að vondum mönnum verði eytt innan skamms. Öllum sem tilbiðja ekki hinn sanna Guð verður eytt. Þeir sem segjast ekki trúa að englar séu til vegna þess að þeir geta ekki séð þá munu komast að því að þeir hafa alrangt fyrir sér. — 2. Þessaloníkubréf 1:6-8.

Hvað þýðir það fyrir okkur? — Englarnir hjálpa okkur ef við stöndum með þeim. En stöndum við með þeim? — Já, ef við þjónum Jehóva. Og ef við þjónum Jehóva segjum við öðrum að þjóna honum líka.

Til að læra meira um þau áhrif sem englarnir hafa á fólk skaltu lesa Sálms 34:8; Matteus 4:11; 18:10; Lúkas 22:43 og Postulasöguna 8:26-31.

Hvað er engillinn að segja Páli?



JESÚS KENNIR OKKUR AÐ BIÐJA

TALAR þú við Jehóva Guð? — Hann vill að þú talir við sig. Það er kallað bæn að tala við Guð. Jesús talaði oft við föður sinn á himnum. Stundum vildi hann vera einn þegar hann talaði við Guð. Biblían segir að hann hafi einu sinni ‚farið upp á fjall til að biðjast fyrir í einrúmi. Þegar kvöld var komið var hann þar einn.‘ — Matteus 14:23.

Hvenær gætir þú beðið til Jehóva í einrúmi? — Kannski áður en þú ferð að sofa. Jesús sagði: ‚Þegar þú biðst fyrir skaltu fara inn í herbergi þitt, loka dyrunum og biðja til föður þíns.‘ (Matteus 6:6) Biður þú á hverju kvöldi til Jehóva áður en þú ferð að sofa? — Þú ættir að gera það.

Jesús bað einnig til
Guðs þegar aðrir

*Jesús baðst fyrir
þegar hann var
einn . . . og þegar
hann var með
öðrum.*





*Hvers vegna
ættirðu að
hlusta vel á
bænir á
samkomum?*

voru með honum. Þegar Lasarus, vinur hans, dó baðst hann fyrir ásamt öðrum þar sem Lasarus hafði verið lagður. (Jóhannes 11: 41, 42) Jesús fór líka með bæn þegar hann hélt samkomur með lærisveinunum. Ferð þú á samkomur þar sem farið er með bænir? — Venjulega fer einhver fullorðinn með bæn á samkomunum. Hlustaðu vel á það sem hann segir af því að hann talar við Guð fyrir þína hönd. Þá geturðu sagt „amen“ þegar bænin er búin. Veistu hvað það þýðir að segja „amen“ eftir bæn? — Það þýðir að þér finnist bænin góð og að þú sért sammála henni og viljir að hún verði líka bænin þín.

Jesús baðst líka fyrir áður en hann borðaði. Hann þakkaði Jehóva fyrir matinn. Ferð þú alltaf með bæn áður en þú borðar? — Það er gott fyrir okkur að þakka Jehóva fyrir matinn áður en við byrjum að borða. Þegar við borðum með öðrum fer kannski einhver annar með bæn. En hvað ættum við að gera ef við borðum ein eða með fólki sem þakkar Jehóva ekki fyrir matinn? — Þá ættum við að fara sjálf með bæn.

Þurfum við alltaf að biðja upphátt? Eða getur Jehóva heyrt bæn sem við förum með í hljóði? — Frásagan af Nehemía

svarar þessari spurningu. Hann til-
bað Jehóva og vann í höll Artahsasta
Persakonungs. Dag einn varð hann
mjög sorgmæddur af því að hann
frétti að múrar Jerúsalem, höfuð-
borgar Ísraels, væru brotnir.

Þegar konungurinn spurði Ne-
hemía hvers vegna hann væri
sorgmæddur þá fór Nehemía
fyrst með bæn í hljóði. Síð-
an sagði hann konunginum
af hverju hann væri sorg-
mæddur og spurði svo hvort
hann mætti fara til Jerúsal-
em til að endurreisa múr-
ana. Hvað gerðist næst? —

Guð bænheyrði Nehemía
og konungurinn leyfði hon-
um að fara! Hann gaf hon-
um meira að segja mikið
af timbri til að reisa múr-
ana. Guð getur því heyrt
bænir okkar jafnvel
þótt þær séu sagðar í
hljóði. — Nehemía-
bók 1:2, 3; 2:
4-8.

*Hvenær geturðu
beðið í hljóði
eins og Nehemía?*




En ættirðu að lúta höfði þegar þú biður? Ættirðu jafnvel að krjúpa? Hvað heldurðu? — Jesús kraup stundum þegar hann baðst fyrir en stundum bað hann standandi. Stöku sinnum leit hann líka upp til himins þegar hann fór með bæn eins og hann gerði þegar hann bað fyrir Lasarusi.

Hvað lærum við af þessu? — Já, við lærum að það skiptir ekki mestu máli í hvaða stellingu við erum þegar við biðjum. Það getur stundum verið gott að lúta höfði og loka augunum, eða jafnvel krjúpa eins og Jesús gerði. En mundu að við getum beðið til Guðs hvenær sem er og að hann hlustar á okkur bæði að degi og nóttu. Það sem skiptir máli er að trúa því að Jehóva hlusti á bænir okkar. Trúir þú að Jehóva heyri bænir þínar? —

Hvað ættum við að segja í bænum okkar til Jehóva? — Segðu mér eitt: Um hvað talar þú við Guð í bænum þínum? — Fáum við ekki mjög margt gott frá Jehóva sem við ættum að þakka honum fyrir? — Við getum þakkað honum fyrir matinn sem við fáum að borða. En hefur þú einhvern tíma þakkað honum fyrir bláa himininn, græna grasið eða fallegu blómin? — Hann skapaði þetta allt.

Lærisveinar Jesú báðu hann einu sinni um að kenna sér að biðja. Kennarinn mikli gerði það og sagði þeim líka um hvað væri mikilvægast að biðja. Veistu hvað hann sagði þeim? — Náðu í biblíuna þína og flettu upp

Hvað geturðu sagt við Guð í bæn?



á 6. kafla í Matteusi. Í versí 9 til 13 er bæn sem margir kalla faðirvorið. Við skulum lesa hana saman.

Þarna sjáum við að Jesús sagði okkur að tala við Guð um nafn hans. Við ættum að biðja þess að nafn Guðs helgist og verði virt sem heilagt. Hvað heitir Guð? — Já, hann heitir Jehóva og okkur ætti að þykja mjög vænt um nafn hans.

Í öðru lagi kenndi Jesús okkur að biðja um að ríki Guðs komi. Guðsríki er mikilvægt af því að það færir frið á jörð og gerir hana að paradís.

Í þriðja lagi sagði kennarinn mikli að við ættum að biðja um að vilji Guðs ná fram að ganga á jörðinni eins og á himni. Ef við gerum það að bænarefni verðum við auðvitað líka að gera vilja Guðs.

Síðan kenndi Jesús okkur að biðja Guð að gefa okkur mat fyrir hvern dag. Hann sagði okkur líka að við ættum að segja Guði að við sæjum eftir því ranga sem við höfum gert. Við skulum líka biðja Guð að fyrirgefa okkur. En til þess að hann fyrirgefi okkur verðum við fyrst að fyrirgefa þeim sem hafa gert okkur eitthvað. Átt þú auðvelt með að fyrirgefa? —

Að lokum sagði Jesús að við ættum að biðja Jehóva Guð um að vernda okkur fyrir hinum vonda, Satan djöflinum. Það er gott að gera allt þetta að bænarefni.

Við verðum að trúa því að Jehóva heyri bænir okkar. Auk þess að biðja hann um að hjálpa okkur ættum við að þakka honum oft fyrir allt sem hann gefur okkur. Það gleður hann þegar við meinum það sem við segjum í bæn og bænarefni okkar er viðeigandi. Þá mun hann heyra bænir okkar. Trúirðu því? —

Fleiri ráðleggingar um bænir er að finna í Rómverjabréfinu 12:12; 1. Pétursbréfi 3:12 og 1. Jóhannesarbréfi 5:14.

LÆRISVEINAR JESÚ

HVER er besti þjónn Guðs sem lifað hefur? — Já, það er Jesús Kristur. Heldurðu að við getum verið eins og hann? — Biblían segir að hann hafi gefið okkur fordæmi til að líkja eftir. Og hann býður okkur að vera lærisveinar sínir.

Veistu hvað það þýðir að vera lærisveinn Jesú? — Það þýðir ýmislegt. Í fyrsta lagi verðum við að læra af honum. En það er ekki allt og sumt. Við verðum líka að trúa því sem hann segir. Ef við gerum það, þá hlýðum við honum.


Margir segjast trúa á Jesú. Heldurðu að þeir séu allir lærisveinar hans? — Nei, flestir þeirra eru það ekki. Þeir fara kannski í kirkju en margir þeirra hafa samt aldrei gefið sér tíma til að læra það sem Jesús kenndi. Þeir einir sem fylgja fordæmi Jesú eru lærisveinar hans.

Við skulum ræða aðeins um nokkra sem voru lærisveinar Jesú þegar hann var maður á jörðinni. Filippus er einn sá fyrsti sem gerist lærisveinn hans. Hann leitar uppi vin sinn Natanael (líka kallaður Bartólómeus) sem situr undir trénu hérna á myndinni. „Hér er heiðarlegur maður, sannur Ísraelíti,“ segir Jesús þegar Natanael kemur til hans. Natanael er hissa og spyr: „Hvernig þekkir þú mig?“

Hvaða maður er þetta og hvernig gerist hann lærisveinn Jesú?



„Ég sá þig undir fíkjutrénu, áður en Filippus kallaði á þig,“ segir Jesús. Natanael er undrandi á því að Jesús skuli hafa vitað nákvæmlega hvar hann var. Þess vegna segir hann: „Þú ert sonur Guðs, þú ert konungur Ísraels.“ — Jóhannes 1:49.



Hverjum er Jesús að bjóða að vera lærisveinar sínir?

Aðrir höfðu gerst lærisveinar Jesú degi á undan Filippusi og Natanael. Það voru bræðurnir Andrés og Pétur og líka Jóhannes og sennilega Jakob, bróðir hans. (Jóhannes 1:35-51) Mennirnir fjórir snúa sér samt aftur að fiskveiðum stuttu seinna. En dag einn er Jesús að ganga á strönd Galíleuvatns og sér Pétur og Andrés kasta fiskineti í vatnið. Hann kallar til þeirra: „Komið og fylgið mér.“

Jesús gengur spölkorn lengra og sér þá Jakob og Jóhannes. Þeir sitja í báti með föður sínum og eru að gera við fiskinet. Jesús kallar á þá og segir þeim líka að fylgja sér. Hvað hefðir þú gert í þeirra sporum? Hefðir þú fylgt Jesú þegar í stað? — Þessir menn vita hver Jesús er. Þeir vita að hann er sendur af Guði. Þess vegna hætta þeir að vinna sem fiskimenn og fylgja honum tafarlaust. — Matteus 4:18-22.

Gerðu þessir menn alltaf það sem er rétt eftir að þeir urðu fylgjendur Jesú? — Nei, eins og þú manst kannski rifust þeir jafnvel um það hver þeirra væri mestur. En þeir hlustuðu á Jesú og voru fúsir til að breyta sér. Við getum líka orðið lærisveinar Jesú ef við erum fús til að breyta okkur.


Jesús bauð alls konar fólki að verða lærisveinar sínir. Einu sinni kom ungur og ríkur höfðingi til hans og spurði hvað hann þyrfti að gera til að fá eilíft líf. Ríki höfðinginn sagðist hafa haldið boðorð Guðs frá barnæsku og Jesús bauð honum þá að fylgja sér. Veistu hvað gerðist þá? —

Maðurinn varð mjög sorgmæddur þegar hann skildi að það ætti að vera honum meira virði að vera lærisveinn Jesú en að vera ríkur. Hann elskaði peningana sína meira en Guð og gerðist þess vegna ekki lærisveinn Jesú. — Lúkas 18:18-25.

Þegar Jesús var búinn að prédika í næstum eitt og hálft ár valdi hann 12 menn úr hópi lærisveinanna til að vera postular. Postularnir voru menn sem Jesús sendi til að vinna sérstök verkefni. Veistu hvað þeir hétu? — Við skulum athuga hvort við getum lært nöfn þeirra. Skoðaðu myndirnar af þeim á næstu blaðsíðu og reyndu að segja nöfnin. Reyndu síðan að læra þau utan að.



Júdas Ískariót



Pétur

Að lokum snerist einn postulinn á móti Jesú. Það var Júdas Ískariót. Eftir það var annar lærisveinn valinn til að vera postuli. Veistu hvað hann hét? — Hann hét Mattías. Seinna urðu Páll og Barnabas líka postular en þeir voru ekki taldir með postulunum 12. — Postulasagan 1:23-26; 14:14.



Júdas (líka kallaður Taddeus)




Andrés

Eins og við lærðum í 1. kafla bókarinnar hafði Jesús áhuga á börnum. Af hverju? — Af því að hann vissi að þau gætu líka orðið lærisveinar hans. Stundum geta börn jafnvel sagt þannig frá að fullorðið fólk hlustar og vill vita meira um kennarann mikla.



Jakob
(bróðir Jóhannesar)



Símon



Jakob (Alfeusson)




Jóhannes



Tómas



Matteus



Filippus



Natanael



Hvaða konur hjálpuðu Jesú á boðunarferðum hans?

eins og María Magdalena, Jóhanna og Súsanna, ferðuðust með honum þegar hann fór í boðunarferðir til annarra borga. Þær hafa ef til vill hjálpað til við að elda matinn fyrir hann og þvo fötin hans. — Lúkas 8:1-3.

Vilt þú verða lærisveinn Jesú? — Mundu að það er ekki nóg að segjast vera lærisveinn hans. Við verðum líka að hegða okkur eins og lærisveinar hans hvar sem við erum, ekki bara á samkomum. Hvar heldurðu að það sé mikilvægt að hegða sér eins og lærisveinn Jesú? —

Já, það er mikilvægt þegar við erum heima hjá okkur. En það er líka mikilvægt að hegða sér vel í skólanum. Gleymum ekki að ef við viljum vera sannir lærisveinar Jesú verðum við alltaf að hegða okkur eins og hann, hvar sem við erum.

Lesið saman það sem Biblían segir um lærisveina Jesú í Matteusi 28:19, 20; Lúkasi 6:13-16; Jóhannesi 8:31, 32; 1. Pétursbréfi 2:21.



Hvar er mikilvægt að við hegðum okkur eins og lærisveinar Jesú?

HVERS VEGNA ÆTTUM VIÐ AÐ FYRIRGEFA?


HEFUR einhver einhvern tíma gert þér eitthvað? — Meiddi hann þig eða sagði eitthvað sem særði þig? — Ættirðu að koma fram við hann eins og hann kom fram við þig? —

Margir hefna sín á þeim sem gera eitthvað á hlut þeirra. Jesús kenndi hins vegar að við ættum að fyrirgefa. (Matteus 6:12) En hvað ættum við að gera ef einhver særir okkur aftur og aftur? Hversu oft ættum við að fyrirgefa honum? —

Pétur langaði til að vita það. Þess vegna spurði hann Jesú: „Á ég að fyrirgefa honum sjö sinnum?“ En það var ekki nógu oft. Jesús sagði: „Þú átt að fyrirgefa sjötíu og sjö sinnum“ ef einhver særir þig svo oft.

Sjötíu og sjö sinnum er mjög oft. Við værum örugglega löngu hætt að telja ef einhver særði okkur svo oft. Jesús var einfaldlega að segja: Við eigum ekki að reyna að muna hversu oft aðrir sára okkur. Ef þeir biðja okkur um að fyrirgefa sér þá eigum við að fyrirgefa þeim.

Jesús vildi sýna lærisveinunum fram á hversu mikilvægt það væri að fyrirgefa. Hann sagði þeim því sögu eftir að hafa svarað spurningu Péturs. Langar þig til að heyra söguna? —



*Hvað vildi
Pétur vita um
fyrirgefningu?*

*Hvað gerðist þegar þjónninn bað konunginn um
frest til að borga það sem hann skuldaði honum?*

Einu sinni var konungur sem var mjög góður. Hann lánaði þjónum sínum jafnvel peninga þegar þeir þurftu á því að halda. En svo rann upp sá dagur að konungurinn vildi að þjónarnir borguðu það sem þeir skulduðu honum. Þá var færður til konungsins þjónn sem skuldaði honum 60 milljónir denara. Það eru mjög miklir peningar!

Þjónninn hafði eytt öllum peningum konungsins og gat ekki borgað

*Hvernig kom
þjónninn fram við
samþjón sinn sem
gat ekki borgað
skuld sína?*



honum. Konungurinn skipaði þá fyrir að þjónninn skyldi seldur. Sömuleiðis ætti að selja konu þjónsins og börnin hans og allt sem hann átti. Konungurinn átti síðan að fá andvirðið. Hvernig heldurðu að þjóninum hafi liðið? —

Hann féll til fóta konungsins og grátbað: „Gefðu mér lengri frest og þá borga ég allt sem ég skulda þér.“ Hvað hefðir þú gert við þjóninn ef þú hefðir verið konungurinn? — Konungurinn vorkenndi þjóninum og fyrirgaf honum. Hann sagði honum að hann þyrfti ekki að borga skuldina, ekki einu sinni einn denar af þessum 60 milljónum. Þjónninn hlýtur að hafa orðið mjög glaður.

En hvað gerði þjónninn eftir það? Hann fór og leitaði uppi samþjón sinn sem skuldaði honum ekki nema 100 denara. Hann tók samþjón sinn kverkataki svo að hann gat varla andað, og sagði: „Borgaðu þessa 100 denara sem þú skuldar mér!“ Hvernig í ósköpunum gat hann gert svona lagað, sérstaklega eftir að konungurinn var nýbúinn að gefa honum upp miklu hærri skuld? —

Þjónninn, sem skuldaði ekki nema 100 denara, var fátækur. Hann gat ekki borgað skuldina strax. Þess vegna féll hann á kné frammi fyrir samþjóni sínum og grátbað: „Gefðu mér lengri frest og þá borga ég það sem ég skulda.“ Hefði hinn þjónninn átt að gefa honum lengri frest? — Hvað hefðir þú gert? —

Þessi þjónn var ekki eins góður maður og konungurinn. Hann vildi fá peningana strax. Og þar sem fátæki þjónninn gat ekki borgað honum lét hann varpa honum í fangelsi. Aðrir þjónar urði vitni að þessu og þeim mislíkaði það. Þeir vorkenndu fátæka þjóninum sem var varpað í fangelsi og sögðu konunginum frá því hvað hafði gerst.

Konungurinn var ekki heldur ánægður með þetta. Hann reiddist miskunnarlausa þjóninum ákaflega, kallaði á hann og sagði:


„Illu þjónn, gaf ég þér ekki upp skuldina? Hefðir þú ekki átt að gera það sama fyrir samþjón þinn?“

Miskunnarlausu þjónninn hefði átt að draga lærdóm af góðsemi konungsins en hann gerði það ekki. Þess vegna lét konungurinn varpa þjóninum í fangelsi og þar yrði hann að vera þangað til hann gæti borgað alla skuldina til baka, 60 milljónir denara. En þar sem hann var í fangelsi gat hann auðvitað ekki unnið fyrir þeim peningum sem þurfti til að borga konunginum til baka. Hann varð því að dúsa þar til dauðadags.

Þegar Jesús hefur lokið sögunni segir hann við fylgjendur sína: „Þannig mun faðir minn himneskur gera við ykkur nema hver og einn ykkar fyrirgefi af hjarta bróður sínum.“ — Matteus 18: 21-35.

Staðreyndin er sú að við skuldum Guði mjög mikið. Það er honum að þakka að við erum til. Aðrir menn skulda okkur ósköp

*Hvað gerði
konungurinn við
miskunnarlausu
þjóninn?*




lítið í samanburði við það sem við skuldum Guði. Það sem aðrir skulda okkur er eins og þessir 100 denarar sem fátæki þjónninn skuldaði hinum þjóninum. En það sem við skuldum Guði, vegna þess að við erum alltaf að gera eitthvað rangt, er eins og þær 60 milljónir denara sem miskunnarlausi þjónninn skuldaði konunginum.

Guð er mjög góður. Hann fyrirgefur okkur þótt við gerum margt rangt. Hann lætur okkur ekki borga sér með því að taka lífið frá okkur að eilífu. En við verðum að muna eftir því að Guð fyrirgefur okkur aðeins ef við fyrirgefum þeim sem hafa gert okkur eitthvað. Þetta er mjög mikilvæg lexía, finnst þér það ekki? —

Hvað ætlaðu þá að gera ef einhver gerir þér eitthvað en biðst síðan afsökunar? Ætlaðu að fyrirgefa honum? — En ef það gerist aftur og aftur myndirðu þá samt vera fús til að fyrirgefa? —

Ef við værum að biðja einhvern afsökunar myndum við þá ekki vilja að hann fyrirgæfi okkur? — Við ættum að gera það sama. Við ættum ekki bara að segjast fyrirgefa honum heldur ættum við að gera það af öllu hjarta. Ef við gerum það sýnum við að við viljum vera fylgjendur kennarans mikla í raun og veru.

Til að skilja hversu mikilvægt það er að fyrirgefa skulum við lesa Orðskviðina 19:11; Matteus 6:14, 15 og Lúkas 17:3, 4.



*Hvað ættirðu
að gera ef einhver
biður þig um að
fyrirgefa sér?*

KENNSLA Í GÓÐVILD

VEISTU hvað fordómar eru? — Það eru fordómar að líka ekki við einhvern af því að hann lítur öðruvísi út en maður sjálfur eða talar annað tungumál. Að vera fordómafullur merkir því að hafa andúð á einhverjum eða vera illa við hann án þess að þekkja hann í raun og veru.

Heldurðu að það sé rétt að líka illa við einhvern bara af því að hann er öðruvísi en maður sjálfur, áður en maður veit hvers konar mann hann hefur að geyma? — Nei, það er rangt og óvingjarnlegt að hafa fordóma. Við ættum ekki að vera óvingjarnleg við aðra aðeins vegna þess að þeir eru öðruvísi en við.

Þekkirðu einhvern sem hefur annan hörundslit en þú eða talar annað tungumál? — Kannski þekkirðu fólk sem lítur öðruvísi út en þú af því að það hefur meitt sig eða er með sjúkdóm. Kemurðu vel og hlýlega fram við þá sem eru ekki eins og þú? —

Við erum góð við alla ef við hlustum á kennarann mikla og hlýðum honum. Það ætti ekki að breyta neinu frá hvaða landi aðrir eru eða hvernig þeir eru á litinn. Við ættum að vera góð við alla. Sumum finnst þetta ekki rétt, en þetta er það sem Jesús kenndi. Við skulum ræða svolítið um þetta.

Fordómafullur Gyðingur kom til Jesú og spurði: „Hvað á ég að gera til þess að fá eilíft líf?“ Jesús vissi að maðurinn var að reyna að fá hann til að segja að við ættum bara að vera góð við fólk af sama kynþætti eða þjóðerni og við. Jesús svaraði manninum

ekki beint heldur spurði hann: „Hvað segir lögmál Guðs að við eigum að gera?“

Maðurinn svaraði: „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta og náunga þinn eins og sjálfan þig.“ Jesús sagði: „Þú svaraðir rétt. Gerðu þetta og þá muntu lifa að eilífu.“

En maðurinn vildi ekki vera góður og ástúðlegur við fólk sem var öðruvísi en hann. Hann reyndi þess vegna að finna afsökun. Hann spurði Jesú: „Hver er þá náungi minn?“ Kannski vonaði hann að Jesús segði: „Það eru vinir þínir,“ eða „fólk sem lítur út eins og þú“. Jesús svaraði spurningunni með því að segja sögu af Gyðingi og Samverja. Sagan var á þessa leið:

Maður nokkur var að fara frá Jerúsalem niður til Jeríkó. Hann var Gyðingur. Á leiðinni réðust ræningjar á hann. Þeir slógu hann niður og tóku peninga hans og föt. Þeir börðu hann og skildu hann eftir dauðvona rétt við veginn.

Stuttu síðar kom prestur þessa sömu leið og sá særða manninn. Hvað hefðir þú gert í hans sporum? — Presturinn færði sig

Hvernig eigum við að koma fram við þá sem eru öðruvísi en við?





bara yfir á hinn vegarhelminginn og hélt áfram. Hann stoppaði ekki einu sinni. Hann gerði ekkert til að hjálpa manninum.

Síðan kom annar mjög trúður maður eftir veginum. Hann var levíti og þjónaði í musterinu í Jerúsalem. Ætli hann hafi stoppað til að hjálpa særða manninum? — Nei, hann gerði nákvæmlega það sama og presturinn.

Loks kom Samverji. Sérðu hann koma þarna í beygjunni? — Hann sá Gyðinginn liggja illa særðan rétt við veginn. Flestum Samverjum og Gyðingum var mjög illa hverjum við aðra. (Jóhannes 4:9) En hvað gerir þessi Samverji? Ætlar hann að skilja manninn eftir án þess að hjálpa honum? Segir hann við



sjálfan sig: „Hvers vegna ætti ég að hjálpa þessum Gyðingi? Hann myndi ekki hjálpa mér ef ég væri meiddur.“

Samverjinn horfði á manninn sem lá við veginn og fann til með honum. Hann gat ekki bara látið hann liggja þarna og deyja. Hann steig þess vegna af baki asna sínum, gekk til mannsins og hlúði að sárum hans. Hann hellti olíu og víni í þau til að þau greru fyrr. Svo batt hann um sárin.

Samverjinn lyfti manninum gætilega upp á asnann. Síðan fóru þeir hægt og rólega eftir veginum þar til þeir komu að gisti-húsi. Þar leigði Samverjinn herbergi fyrir manninn og hugsaði vel um hann.

Nú spurði Jesús manninn sem hann var að tala við: „Hver af þessum þrem mönnum finnst þér hafa verið náungi mannsins?‘ Hvað myndir þú segja? Var það presturinn, levítinn eða Samverjinn? —

Maðurinn svaraði: „Sá sem stoppaði og annaðist særða manninn var náungi hans.“ Jesús sagði: „Það er rétt hjá þér. Farðu og gerðu það sama.“ — Lúkas 10:25-37.

Hvernig sýndi Samverjinn að hann var náungi slasaða mannsins?



Hvernig getum við verið góð við aðra?

Var þetta ekki góð saga? Hún sýnir okkur hver náungi okkar er. Það er ekki bara náinn vinur. Og það er ekki bara fólk sem hefur sama hörundslit og við eða talar sama tungumálið. Jesús kenndi okkur að vera góð við fólk hvaðan sem það er, hvernig sem það lítur út og hvaða tungumál sem það talar.

Þannig er Jehóva Guð. Hann er ekki fordómafullur. Jesús sagði: „Faðir ykkar á himnum lætur sól sína renna upp yfir vonda sem góða. Og hann lætur rigna yfir réttláta sem rangláta.“ Við ættum þess vegna að vera góð við alla eins og Guð er. — Matteus 5:44-48.

Hvað myndirðu gera ef þú sæir að einhver hefði meitt sig? — En ef hann væri frá öðru landi en þú eða hefði annan hörundslit? Hann er samt náungi þinn og þú ættir að hjálpa honum. Ef þér finnst þú ekki vera nógu stór til að hjálpa geturðu beðið einhvern eldri um aðstoð eða kallað á lögregluþjón eða kennara í skólanum. Þannig geturðu verið góður við aðra eins og Samverjinn.

Kennarinn mikli vill að við séum góð við aðra. Hann vill að við hjálpum öðrum, hverjir sem það eru. Þess vegna sagði hann söguna af Samverjanum sem var góður við aðra.

Við getum lært meira um það að vera góð við alla menn, óháð kynþætti eða þjóðerni, með því að lesa Orðskviðina 19:22; Postulasöguna 10:34, 35 og 17:26.



HVAÐ SKIPTIR MESTU MÁLI Í LÍFINU?


DAG einn kom maður til Jesú. Hann vissi að Jesús var mjög vitur og sagði við hann: „Meistari, segðu bróður mínum að gefa mér hluta af því sem hann á.“ Manninum fannst að hann ætti að fá hluta af eignum bróður síns.

Hverju hefðir þú svarað ef þú hefðir verið Jesús? — Jesús gerði sér grein fyrir því að hugarfar mannsins var ekki rétt. Hann vantaði ekki það sem bróðir hans átti heldur vissi hann ekki hvað skipti mestu máli í lífinu.

Veltum þessu aðeins fyrir okkur. Hvað ætti að vera mikilvægast í lífi okkar? Ætti það að vera skemmtileg leikföng, ný föt eða eitthvað svoléiðis? — Nei, það er annað sem er miklu mikilvægara. Jesús vildi kenna manninum það, svo að hann sagði honum sögu um mann sem gleymdi Guði. Langar þig til að heyra hana? —

Hvað var að hugarfari mannsins?

Maðurinn var mjög ríkur. Hann átti bæði land og hlöður. Landið var svo frjósamt að það var ekki nóg pláss í hlöðunum fyrir alla uppskeruna. Hvað gat hann þá gert? Hann sagði við sjálfan sig: „Ég ríf hlöðurnar og reisi stærri hlöður. Svo safna ég allri uppskerunni og öllum auðæfum mínum í þær.“



Ríka manninum fannst þetta vera mjög skynsamlegt. Hann hélt að það væri viturlegt af sér að safna miklu. Hann sagði við sjálfan sig: „Núna á ég mikinn auð. Hann endist í mörg ár svo að núna ætla ég að taka lífinu með ró, borða og drekka og vera glaður.“ Veistu hvað var rangt við hugarfar ríka mannsins? — Hann hugsaði bara um sjálfan sig og sína eigin vellíðan. Hann gleymdi Guði.



Um hvað er ríki maðurinn að hugsa?

Þess vegna sagði Guð við ríka manninn: „Heimskingi, þú deyrð í nótt. Hver fær þá það sem þú hefur safnað?“ Gat ríki maðurinn notað auðæfi sín eftir að hann var dáinn? — Nei, einhver annar myndi fá þau. „Þannig fer fyrir þeim sem safnar peningum en er ekki ríkur hjá Guði“, sagði Jesús. — Lúkas 12:13-21.

Þú myndir ekki vilja vera eins og ríki maðurinn, er það nokkuð? — Hann hugsaði bara um að eignast efnislega hluti. Það voru

mistök. Hann vildi alltaf fá meira og meira. En hann var ekki „ríkur hjá Guði“.

Það eru margir eins og þessi ríki maður. Þeir vilja alltaf eignast meira og meira. En það getur leitt til mikilla vandræða. Tökum dæmi. Þú átt leikföng, er það ekki? — Hvaða leikföng áttu? — Kannski á vinur þinn eða vinkona bolta eða dúkku eða eitt-hvert annað leikfang sem þú átt ekki. Ættirðu þá að reyna að fá foreldra þína til að kaupa eins leikfang handa þér? —

Stundum getur ákveðið leikfang virst vera mjög spennandi. En hvað verður um það með tímanum? — Það verður gamalt. Kannski skemmist það og þig langar ekki einu sinni til að eiga það lengur. En þú átt eitt sem er miklu dýrmætara en leikföng. Veistu hvað það er? —



Hvað áttu sem er dýrmætara en leikföng?

Það er lífið. Lífið er mjög dýrmætt af því að án þess geturðu ekki gert neitt. En er líf okkar ekki háð því að við gerum vilja Guðs? — Þess vegna skulum við ekki vera eins og ríki maðurinn sem gleymdi Guði.

Það eru ekki bara börn sem hegða sér heimskulega eins og ríki maðurinn. Margir fullorðnir gera það líka. Sumir vilja alltaf eignast meira en þeir eiga. Þeir eiga ef til vill nægan mat, föt til að klæðast og stað til að búa á. En þeir vilja samt meira. Þeir vilja eignast fullt af fötum og stærri hús. Það kostar peninga og þess vegna vinna þeir mikið til að eignast mikið af þeim. Og því meira sem þeir eignast, þeim mun meira vilja þeir fá.

Sumt fullorðið fólk verður svo upptekið af því að eignast peninga að það hefur engan tíma til að vera með fjölskyldunni. Það hefur ekki heldur neinn tíma fyrir Guð. Geta peningar komið í veg fyrir að fólk deyi? — Nei, þeir geta það ekki. Getur fólk notað peningana þegar það er dáið? — Nei, þeir sem eru dánir geta ekki gert neitt. — Prédikarinn 9:5, 10.

Er þá rangt að eiga peninga? — Nei, við getum keypt mat og föt fyrir þá. Biblían segir að peningar verndi okkur. (Prédikarinn 7:12) En ef við elskum peninga þá eigum við eftir að lenda í vandræðum. Þá verðum við eins og ríki maðurinn sem safnaði sér fjársjóði en var ekki ríkur hjá Guði.

Hvað þýðir það að vera ríkur hjá Guði? — Það þýðir að láta vilja hans ganga fyrir öllu öðru í lífinu. Sumir segjast trúa á Guð. Þeir halda að það sé nóg að trúa. En eru þeir í raun og veru ríkir hjá Guði? — Nei, þeir eru eins og ríki maðurinn sem gleymdi Guði.

Jesús gleymdi aldrei himneskum föður sínum. Hann reyndi ekki að eignast mikið af peningum og hann átti ekki miklar efnislegar eigur. Hann vissi hvað skipti mestu máli í lífinu. Veist þú hvað það er? — Það er að vera ríkur hjá Guði.

Hvernig getum við verið rík hjá Guði? — Við getum það með því að gera vilja hans. Jesús sagði: „Ég geri alltaf það sem Guði


HVAÐ SKIPTIR MESTU MÁLI Í LÍFINU?

þóknast.’ (Jóhannes 8:29) Guð er ánægður þegar við gerum vilja hans. Hvað getur þú gert til að gleðja Guð? — Já, þú getur lesið í Biblíunni, farið á samkomur, beðið til hans og hjálpað öðrum að kynnast honum. Það er þetta sem skiptir mestu máli í lífinu.

Jesús var ríkur hjá Guði og þess vegna hugsaði Guð vel um hann. Hann launaði Jesú með því að gefa honum eilíft líf. Jehóva elskar okkur líka og hugsar vel um okkur ef við líkjum eftir Jesú. Við skulum því feta í fótspor hans en aldrei vera eins og ríki maðurinn sem gleymdi Guði.

Hér eru nokkur vers í Biblíunni sem sýna hvernig við getum séð efnislega hluti í réttu ljósi: Orðskviðirnir 23:4; 28:20; 1. Tímóteusarbréf 6: 6-10 og Hebreabréfið 13:5.

*Hvað er þessi
duglega stelpa
að gera?*



HVAÐ GERIR OKKUR HAMINGJUSÖM?

VÍÐ viljum öll vera hamingjusöm, er það ekki? — En fáir eru hamingjusamir í raun og veru. Veistu af hverju? — Það er af því að þeir vita ekki hvernig á að finna hamingjuna. Þeir halda að þeir verði hamingjusamir ef þeir eignast mikið af efnislegum hlutum. En hamingjan endist ekki þótt þeir eignist þessa hluti.

En hver er lykillinn að sannri hamingju? — Kennarinn mikli sagði: „Sælla er að gefa en þiggja.“ (Postulasagan 20:35) Hvað segir þetta okkur? — Já, það veitir okkur mikla ánægju að gefa öðrum gjafir og gera ýmislegt fyrir þá. Vissirðu það? —

Við skulum athuga þetta aðeins betur. Sagði Jesús að það væri leiðinlegt að fá gjafir? — Nei, hann

Af hverju er Jehóva „hinn sæli Guð“?



*Hvað getum við gert sem er enn skemmtilegra
en að borða allar smákökurnar sjálf?*

sagði það ekki. Finnst þér ekki gaman að fá gjafir? — Öllum finnst það gaman. Við erum ánægð þegar við fáum fallegar gjafir.

En Jesús sagði að við yrðum enn ánægðari þegar við gæfum öðrum. Hver heldurðu að hafi gefið fleiri gjafir en nokkur annar? — Já, það er Jehóva Guð.


Biblían segir að Guð „gefi öllum líf og anda og alla hluti“. Hann gefur okkur regn af himni og líka sólskinið til þess að plönturnar vaxi og við getum fengið mat að borða. (Postulasagan 14:17; 17:25) Það er engin furða að Biblían skuli kalla Jehóva „hinn sæla Guð“. (1. Tímóteusarbréf 1:11; *Biblían* 1912) Eitt af því sem veitir Guði ánægju er að gefa öðrum gjafir. Við getum líka orðið glöð þegar við gefum gjafir.

En hvað getum við gefið öðrum? Dettur þér eitthvað í hug? — Gjafir kosta stundum peninga. Ef gjöfin er keypt í búð þarftu að borga fyrir hana. Ef þig langar til að gefa þannig gjöf gætirðu þurft að safna peningum þangað til þú ættir fyrir henni.


En það þarf ekki að kaupa allar gjafir í búð. Á heitum sumar-degi er til dæmis mjög gott að fá glas af köldu vatni. Það getur verið gaman fyrir þig að gefa einhverjum sem er þyrstur slíka gjöf.

Kannski ætlið þið mamma þín að baka smákökur einn daginn. Það gæti verið gaman. En hvað gætirðu gert sem væri enn skemmtilegra en að borða allar smákökurnar sjálfur? — Já, þú





Hvað er Lýdía
að segja við Pál
og Lúkas?



Af hverju var Lýdía ánægð
að geta gefið Páli og Lúkasi
mat og húsaskjól?

gætir gefið vini þínum eða vinkonu nokkrar með þér. Myndirðu ekki vilja gera það einhvern tíma? —

Kennarinn mikli og postularnir vissu að það er mjög ánægjulegt að gefa gjafir. Veistu hvað þeir gáfu fólki? — Þeir gáfu það besta sem til er! Þeir þekktu sannleikann um Guð og voru fúsir til að segja öðrum frá honum. Þeir gerðu þetta án þess að fá nokkuð borgað fyrir.

Vinirnir Páll postuli og lærisveinninn Lúkas hittu einu sinni konu sem langaði til að gefa öðrum gjafir. Þeir hittu hana niðri við á. Þeir höfðu farið þangað af því að þeir höfðu heyrt að þetta væri bænastaður. Þegar þeir komu þangað hittu þeir nokkrar konur sem voru að biðjast fyrir.

Páll fór að segja konunum frá fagnaðarerindinu um Jehóva Guð og ríki hans. Ein konan, sem hét Lýdía, hlustaði með athygli á hann. Eftir á vildi Lýdía sýna að hún kynni að meta fagnaðarerindið sem hún hafði heyrt. Þess vegna sagði hún við Pál og Lúkas: „Gangið inn í hús mitt og dveljist þar, fyrst þér teljið mig trúa á Drottin.“ Og hún lagði fast að þeim að koma heim til sín. — Postulasagan 16:13-15.

Lýdía var mjög ánægð að hafa þessa þjóna Guðs á heimili sínu. Henni þótti vænt um þá af því að þeir hjálpuðu henni að kynnst Jehóva og Jesú og sögðu henni hvernig fólk gæti lifað að eilífu. Hún hafði mikla ánægju af því að geta gefið Páli og Lúkasi mat og húsaskjól. Lýdíu fannst það ánægjulegt af því að hana langaði innilega til að gera þeim gott. Við skulum muna eftir þessu. Einhver gæti ætlast til þess að við gefum gjöf en ef okkur langar ekki til þess þá finnst okkur það ekki gaman.

Tökum dæmi. Segjum sem svo að þú eigir sælgæti sem þig langar til að borða. Fyndist þér gaman ef ég segði þér að þú yrðir að gefa öðru barni með þér? — En ef þú hittir vin sem þér finnst

mjög skemmtilegur og það væri þín hugmynd að gefa honum sælgæti? Fyndist þér það ekki gaman? —

Stundum þykir okkur svo vænt um einhvern að við viljum gefa honum allt sem við eigum og ekki halda neinu eftir handa sjálfum okkur. Þannig ættum við að elska Jehóva.

Af hverju hafði þessi fátæka kona mikla ánægju af því að gefa allt sem hún átti?

Kennarinn mikli vissi af fátækri konu sem hugsaði einmitt þannig. Hann sá hana í musterinu í Jerúsalem. Það eina sem hún átti voru tveir smápeningar. En hún vildi gefa musterinu báða peningana og setti þá í framlagabaukinn. Það sagði henni enginn að gera það. Flestir vissu ekki einu sinni hvað hún hafði gert. Hún gerði þetta af því að hana langaði til þess og af því að hún elskaði Jehóva af öllu hjarta. Hún hafði mikla ánægju af því að geta gefið þessa gjöf. — Lúkas 21:1-4.

Við höfum mörg tækifæri til að gefa gjafir. Dettur þér eitthvað í hug? — Ef við gefum gjafir af því að okkur langar innilega til þess þá verðum við hamingjusöm. Þess vegna hvatti kennarinn mikli okkur til að gefa. (Lúkas 6:38) Ef við gerum það gleðjum við aðra en sjálf verðum við ánægðust allra.

Lesum meira um gleðina sem fylgir því að gefa í Matteusi 6:1-4; Lúkasi 14:12-14 og 2. Korintubréfi 9:7.



MANSTU EFTIR AÐ ÞAKKA FYRIR ÞIG?

HEFURÐU borðað eitthvað í dag? — Veistu hver bjó til matinn? — Var það mamma þín eða einhver annar? Ættum við ekki samt að þakka Guði fyrir matinn? Af hverju? — Af því að það er Guði að þakka að jurtirnar og dýrin, sem við borðum, vaxa. En við ættum líka að þakka þeim sem bjó til matinn eða þeim sem bar hann á borð fyrir okkur.

Gleymum við ekki stundum að segja takk þegar einhver gerir eitthvað fyrir okkur? Þegar kennarinn mikli var á jörðinni gleymdu nokkrir holdsveikir menn að þakka fyrir sig.

Veistu hvað holdsveiki er? — Holdsveiki er sjúkdómur sem getur valdið því að hold eða líkamshlutar falli af. Þegar Jesús var á jörðinni máttu holdsveikir ekki búa nálægt öðru fólki. Ef holdsveikur maður sá annan mann nálgast þurfti hann að kalla og vara hann við. Þetta var gert til þess að fólk kæmi ekki of nálægt og smitaðist af honum.

Jesús var mjög góður við holdsveika. Dag einn, þegar hann var á leið til Jerúsalem, þurfti hann að fara í gegnum smábæ. Þegar hann nálgast bæinn komu til hans tíu holdsveikir menn. Þeir höfðu heyrt að hann hefði vald frá Guði til að lækna alls konar sjúkdóma.

Holdsveiku mennirnir komu ekki nálægt Jesú heldur stóðu langt frá honum. En þeir trúðu því að hann gæti læknað þá. Þegar þeir sáu kennarann mikla kölluðu þeir til hans: „Jesús, meistari, hjálpaðu okkur!“



Hvað er Jesús að segja holdsveiku mönnunum að gera?

Finnurðu til með veiku fólki? — Jesús fann til með því. Hann vissi hversu erfitt það var að vera holdsveikur. Þess vegna sagði hann við þá: „Farið og sýnið ykkur prestunum.“ — Lúkas 17: 11-14.

Af hverju sagði Jesús þeim að gera það? Það var af því að Jehóva hafði gefið þjóð sinni lög um holdsveika. Lögin sögðu að prestur Guðs ætti að skoða húð þess sem var holdsveikur. Presturinn myndi svo segja honum hvenær honum væri batnað. Hann mátti síðan búa aftur með heilbrigðu fólki eftir að honum var batnað. — 3. Mósebók 13:16, 17.



En þessir holdsveiku menn voru enn sjúkir. Fóru þeir til prestsins eins og Jesús hafði sagt þeim að gera? — Já, þeir fóru strax. Þeir hljóta að hafa trúað því að Jesús myndi lækna þá. Hvað gerðist?

Þeir læknuðust á leiðinni til prestsins. Hold þeirra greri og þeir urðu heilbrigðir! Þeim var launað fyrir að trúa á mátt Jesús. Þeir hljóta að hafa verið glaðir! En hvað hefðu þeir átt að gera til að sýna þakklæti sitt? Hvað hefðir þú gert? —

Einn þeirra sem læknaðist kom aftur til Jesús. Hann lofaði og þakkaði Jehóva hárrí röddu. Það var rétt af manninum að gera það vegna þess að krafturinn, sem læknaði hann, kom frá Guði. Maðurinn féll líka fram að fótum kennarans mikla og þakkaði honum fyrir. Hann var mjög þakklátur fyrir það sem Jesús hafði gert.

En hvað um hina mennina nú? Jesús spurði: „Urðu ekki allir tíu hreinir? Hvar eru hinir nú? Sneri aðeins einn við til að lofa Guð?“

Já, þannig var það. Aðeins einn af mönnunum tíu lofaði Guð og sneri við til að þakka Jesús. Og þessi maður var

Eftir hverju mundi þessi holdsveiki maður?



Samverji, það er að segja útlendingur. Hinir nú þökkuðu hvorki Guði né Jesú fyrir lækninguna. — Lúkas 17:15-19.

Hverjum þessara manna líkist þú? Viljum við ekki líkjast samverska manningum? — Eftir hverju þurfum við þá að muna



Hvernig geturðu líkt eftir holdsveika manningum sem sneri aftur til Jesú?

um þig á meðan? — Fékkstu meðal eða var eitthvað annað gert fyrir þig? Fannst þér ekki gott að einhver skyldi hjálpa þér að batna? —

Samverski maðurinn þakkaði Jesú fyrir að hafa læknað sig og það gladdi Jesú. Heldurðu ekki að mamma þín og pabbi verði ánægð ef þú þakkar þeim þegar þau gera eitthvað fyrir þig? — Auðvitað verða þau ánægð.

Margir gera ýmislegt fyrir þig á hverjum degi og í hverri viku. Þeir vinna ef til vill við það og gera það með glöðu geði. En þú

ef einhver gerir eitthvað fyrir okkur? — Við ættum að muna eftir að þakka fyrir okkur. Fólk gleymir oft að þakka fyrir sig. En það er gott að gera það. Við gleðjum Jehóva Guð og son hans, Jesú, þegar við þökkum fyrir okkur.

Ef þú hugsar þig aðeins um þá rifjast örugglega upp fyrir þér ýmislegt sem aðrir hafa gert fyrir þig. Hefurðu einhvern tíma veikst? — Kannski hefurðu aldrei veikst eins mikið og holdsveiku mennirnir tíu, en þú hefur kannski fengið slæmt kvef eða slæma magapínu. Hugsaði einhver

gleymir kannski að þakka fyrir þig. Kennarinn þinn leggur eflaust mikið á sig til að hjálpa þér að læra. Það er vinnan hans. En hann verður örugglega ánægður ef þú þakkar honum fyrir að hjálpa þér.

Stundum gerir fólk eitthvað fyrir þig sem virðist ósköp lítið. Heldur einhver dyrunum opnum fyrir þér eða réttir þér matinn við matarborðið? Það er gott að segja takk jafnvel fyrir það sem virðast smámunir.



Ef við munum eftir að þakka öðrum fyrir það sem þeir gera fyrir okkur er líklegra að við munum eftir að þakka föður okkar á himnum. Og það er mjög margt sem við getum þakkað Jehóva fyrir! Hann gaf

Af hverju er mikilvægt að muna eftir að þakka fyrir sig?

okkur lífið og allt það góða sem gerir lífið svo ánægjulegt. Við höfum því margar ástæður til að lofa Guð með því að tala um hann á hverjum degi.

Lestu um það að þakka fyrir sig í Sálmi 92:2; Efesusbréfinu 5:20; Kólossubréfinu 3:17 og 1. Þessaloníkubréfi 5:18.



ER RÉTT AÐ SLÁST?


ÞEKKIRÐU krakka sem eru miklir með sig og hrekkja aðra? — Finnst þér gaman að vera með þeim? Eða langar þig frekar að vera með þeim sem eru vingjarnlegir og friðsamir? — Kennarinn mikli sagði: „Sælir eru friðflytjendur, því að þeir munu Guðs börn kallaðir verða.“ — Matteus 5:9.

Stundum gera aðrir eitthvað sem reitir okkur til reiði, er það ekki? — Þá langar okkur kannski að hefna okkar. Þetta kom fyrir lærisveina Jesú eitt sinn þegar þeir voru að ferðast með honum til Jerúsalem. Ég skal segja þér frá því.

Þegar þeir voru komnir nokkuð áleiðis sendi Jesús lærisveina á undan sér í Samverjaþorp til að útvega gistingu. En þorpsbúar vildu ekki fá þá vegna þess að Samverjar voru annarrar trúar en lærisveinarnir. Og þeim líkaði ekki við neinn sem fór til Jerúsalem að tilbiðja Guð.

Hvað hefðir þú gert ef þetta hefði komið fyrir þig? Hefðirðu

*Hvernig vildu Jakob
og Jóhannes hefna sín
á Samverjunum?*



reiðst? Hefði þig langað til að hefna þín? — Það er einmitt það sem lærisveinana Jakob og Jóhannes langaði til að gera. Þeir spurðu Jesú: „Eigum við að láta eld falla af himni og tortíma þeim?“ Það er ekkert skrítið að Jesús skyldi kalla Jakob og Jóhannes þrumusyni. En hann sagði þeim að það væri ekki rétt að fara þannig með fólk. — Lúkas 9:51-56; Markús 3:17.

Stundum eru aðrir vondir við okkur. Sumir krakkar vilja kannski ekki leika við þig og segja jafnvel: „Þú mátt ekki vera með.“ Finnst þér ekki leiðinlegt þegar eitthvað slíkt gerist? Þá gæti verið freistandi að hefna sín á þeim. En ættum við að gera það? —

Náðu í biblíuna þína og flettu upp í Orðskviðunum í 24. kafla og 29. versí. Þar stendur: „Seg þú ekki: „Eins og hann gjörði mér, eins ætla ég honum að gjöra, ég ætla að endurgjalda manningnum eftir verkum hans!““

Hvað merkir þetta vers? — Það merkir að við eigum ekki að reyna að hefna okkar. Við ættum ekki að vera vond við aðra þó að þeir séu vondir við okkur. En hvað geturðu gert ef einhver reynir að fá þig til að slást við sig? Hann reynir kannski að reita þig til reiði með því að kalla þig öllum illum nöfnum. Kannski hlær hann að þér og segir að þú sért hræddur. Segjum sem svo að hann kalli þig skræfu. Hvernig ættirðu að bregðast við? Ættirðu að slást við hann? —

Við skulum athuga aftur hvað Biblían segir. Flettum upp í Matteusi í 5. kafla og 39. versí. Jesús segir þar: „Rísið ekki gegn þeim, sem gerir yður mein. Nei, slái einhver þig á hægri kinn, þá bjóð honum einnig hina.“ Hvað heldurðu að Jesús hafi verið að meina? Var hann að segja að ef einhver kýldi þig á aðra kinnina ættirðu að leyfa honum að kýla þig á hina líka? —

Nei, Jesús átti alls ekki við það. Að slá utan undir er ekki það sama og að kýla með hnefanum. Það er meira eins og að ýta eða hrinda. Einhver reynir kannski að fá okkur í slag með því að slá okkur utan undir. Hann vill reita okkur til reiði. En hvað gerist ef við verðum reið og svörum í sömu mynt? — Við lendum líklega í slagsmálum.

Jesús vildi ekki að fylgjendur sínir lentu í slagsmálum. Þess vegna ættum við ekki að slá til baka ef einhver slær okkur á kinnina. Við ættum ekki að reiðast og fara að slást. Ef við förum að slást erum við engu betri en sá sem hóf slagsmálin.

Hvað ættum við að gera ef einhver reynir að fá okkur til að slást við sig?



Hvað heldurðu að sé best að gera ef einhver reynir að fá þig til að slást? — Ganga í burtu. Hinn hrindir þér kannski nokkrum sinnum í viðbót en svo er það líklega búið. Það er ekki veikleika-

merki að ganga í burtu. Það þýðir að þú sért sterkur og ákveðinn í að gera það sem er rétt.

En hvað gæti gerst ef þú lentir í slagsmálum og ynnir? — Sá sem þú lamdir gæti komið aftur ásamt nokkrum vinum sínum. Þeir gætu jafnvel meitt þig með spýtu eða hnífi. Skilurðu núna hvers vegna Jesús vildi ekki að við lentum í slagsmálum? —

Hvað ættum við að gera ef við sjáum aðra vera að slást? Ættum við að halda með öðrum hvorum þeirra? — Biblían segir okkur hvað sé rétt að gera. Flettu upp í Orðskviðunum 26. kafla og 17. versí. Þar segir: „Sá, sem kemst í æsing út af deilu, sem honum kemur ekki við, hann er eins og sá, sem tekur um eyrun á hundi, er hleypur fram hjá.“

Hvernig færi ef þú tækir um eyrun á hundi? Værirðu ekki að meiða hundinn og myndi hann ekki glefsa í þig? Því meir sem hundurinn reyndi að losa sig þeim mun erfiðara yrði að halda um eyrun og þeim mun æstari yrði hann. Ef þú slepptir myndi hann líklega bíta þig fast. En ekki geturðu staðið þarna og haldið um eyrun á honum endalaust, er það? —

Við komum okkur í þannig vandræði ef við blöndum okkur í slagsmál annarra. Við vitum kannski ekki hver byrjaði eða hvers vegna þeir eru að slást. Kannski er verið að berja annan af því að hann stal einhverju

Hvað er líkt með því að blanda sér í slagsmál annarra og að taka um eyrun á hundi? Þú gætir meiðst svo að þú skalt ekki gera neitt slíkt.



frá hinum. Ef við hjálpuðum honum værum við að hjálpa þjófi. Og ekki væri það gott?

Hvað áttu þá að gera ef þú sérð einhverja vera að slást? — Ef það er í skólanum geturðu hlaupið til kennara og sagt honum frá. En ef það er ekki í skólanum geturðu kallað á foreldra þína eða lög-regluna. Já, við ættum að vera friðsöm jafnvel þó að aðrir vilji slást.

Sannir lærisveinar Jesú gera allt sem þeir geta til að lenda ekki í slagsmálum. Þannig sýnum við að við erum sterk og ákveðin í að gera það sem er rétt. Biblían segir að lærisveinn Jesú ‚eigi ekki að eiga í ófriði, heldur eigi hann að vera ljúfur við alla‘. — 2. Tímóteusarbréf 2:24.

Nú skulum við skoða fleiri góð ráð sem hjálpa okkur að forðast slagsmál: Rómverjabréfið 12:17-21 og 1. Pétursbréf 3:10, 11.

Hvað ættirðu að gera ef þú verður vitni að slagsmálum?



VILT ÞÚ ALLTAF VERA FYRSTUR?

ÞEKKIRÐU einhvern sem vill alltaf vera fyrstur? — Hefurðu séð einhvern ryðjast fram fyrir aðra til að vera fyrstur í biðröð? — Kennarinn mikli sá meira að segja fullorðið fólk reyna að ná bestu sætunum. Hann var ekki ánægður með það. Við skulum athuga hvað gerðist.

Biblían segir að Jesú hafi verið boðið í veislu heima hjá farísea sem var háttsettur trúarleiðtogi. Þegar Jesús var kominn í veisluna fylgdist hann með öðrum gestum koma inn og velja sér bestu sætin. Þess vegna sagði hann gestunum sögu. Langar þig til að heyra hana? —

Hefurðu séð fólk troða sér fram fyrir aðra?



Jesús sagði: „Þegar þér er boðið í brúðkaup skaltu ekki setjast í besta sætið.“ Veistu af hverju hann sagði þetta? — Hann sagði að virtari manni gæti hafa verið boðið. Þá kæmi gestgjafinn, eins og þú sérð á myndinni, og segði: „Leyfðu þessum manni að fá sætið og færðu þig annað.“ Hvernig ætli gestinum liði þá? — Hann yrði vandræðalegur af því að allir hinir gestirnir myndu horfa á hann færa sig í verra sæti.

Jesús var að benda á að það væri ekki rétt að vilja alltaf fá besta sætið. Þess vegna sagði hann: „Þegar þér er boðið í brúðkaup skaltu setjast í ysta sætið. Þá kemur sá sem bauð þér og segir: „Vinur, flyttu þig hærra upp!“ Þegar þú færir þig í betra sæti hlýtur þú virðingu allra gestanna.“ — Lúkas 14:1, 7-11.

Skilurðu hvað Jesús var að kenna okkur með þessari sögu? — Við skulum taka dæmi til að sjá hvort þú hafir skilið það. Segjum sem svo að þú sért að fara inn í troðfullan strætisvagn. Ættirðu að flýta þér að ná í sæti jafnvel þótt fullorðið fólk þurfi þá að standa? — Hvað myndi Jesú finnast um það? —


Sumir segja að það skipti Jesú engu máli hvað við gerum. En trúirðu því? — Þegar Jesús var í veislunni hjá faríseanum horfði hann á gestina velja sér sæti. Heldurðu ekki að hann hafi jafnmikinn áhuga á því sem við gerum núna? — Fyrst Jesús er á himnum getur hann vissulega fylgst með okkur.

Það getur valdið árekstrum þegar fólk vill vera fyrst. Oft reiðist fólk og fer að rífast. Stundum gerist það þegar börn fara saman í rútuferðalag. Um leið og dyrnar á rútunni opnast reyna margir í hópnum að verða fyrstir inn. Þeir vilja ná bestu sætunum við gluggana. Hvað getur þá gerst? — Já, þau geta reiðst hvert öðru.

Það getur skapað heilmikil vandræði ef menn vilja vera fyrstir eða fremstir. Það olli jafnvel deilum meðal postula Jesú. Eins og við lærðum í sjötta kafla deildu þeir um það hver þeirra væri mestur. Hvað gerði Jesús þá? — Já, hann leiðrétti þá. En síðar fóru þeir aftur að þræta. Við skulum athuga hvernig það átti sér stað.

Postularnir eru, ásamt fleirum, að fara með Jesú til

Hvað má læra af sögu Jesú um þá sem settust í bestu sætin?




Jerúsalem í síðasta sinn. Jesús hefur verið að ræða við þá um Guðsríki og þá fara Jakob og Jóhannes að hugsa um þann tíma þegar þeir munu stjórna sem konungar með honum. Þeir hafa meira að segja talað um það við Salóme, móður sína. (Matteus 27:56; Markús 15:40) Á leiðinni til Jerúsalem kemur Salóme til Jesú, beygir sig fyrir honum og biður hann bónar.

„Hvað viltu?“ spyr Jesús. Hún biður hann þá að láta syni sína sitja næst honum í Guðsríki, annan til hægri handar og hinn til vinstri. Hvernig heldurðu að hinum tíu postulunum líði þegar þeir heyra hvað Jakob og Jóhannes hafa fengið móður sína til að biðja um? —

Þeir eru mjög reiðir út í Jakob og Jóhannes. Jesús gefur þá öllum postulunum góð ráð. Hann segir þeim að stjórnendur þjóð-

Um hvað bað Salóme Jesú og til hvers leiddi það?



anna njóti þess að vera valdamiklir og háttsettir. Þeir vilji vera í hárri stöðu og láta alla hlýða sér. En Jesús segir lærisveinunum að þeir eigi ekki að hugsa þannig. Hann segir við þá: „Sá sem vill verða fremstur meðal ykkar á að vera þræll ykkar.“ Hugsaðu þér! — Matteus 20:20-28.

Veistu hvað þrælar gera? — Þeir þjóna öðrum en ætlast ekki til þess að aðrir þjóni sér. Þeir setjast ekki í besta sætið heldur í það versta. Þeir telja sig ekki vera mikilvægari en aðrir heldur lítilvægari. Og mundu að Jesús sagði að sá sem vildi vera fremstur ætti að vera eins og þræll annarra.

Hvað heldurðu að þetta þýði fyrir okkur? — Myndi þræll deila við húsbónda sinn um það hver ætti að fá besta sætið eða fá fyrstur að borða? Hvað heldurðu? — Jesús sagði að þræll léti húsbóndann alltaf ganga fyrir. — Lúkas 17:7-10.

Hvað ættum við þá að gera í stað þess að reyna að vera alltaf fyrst? — Já, við ættum að vera eins og þrælar annarra. Það þýðir að við látum aðra ganga fyrir og metum þá meira en sjálf okkur. Hvernig geturðu gert það? Dettur þér eitthvað í hug? — Þú getur flett aftur upp á blaðsíðu 40 og 41 og lesið um það hvernig þú getur þjónað öðrum og látið þá hafa forgang.

Þú manst að kennarinn mikli lét aðra ganga fyrir og þjónaði þeim. Hann þvoði meira að segja fætur postulanna síðasta kvöldið sem hann var með þeim. Við gleðjum kennarann mikla og Jehóva Guð, föður hans, ef við látum aðra hafa forgang og þjónum þeim.

Lesum fleiri vers í Biblíunni sem hvetja okkur til að taka aðra fram yfir sjálf okkur: Lúkas 9:48; Rómverjabréfið 12:3 og Filippíbréfið 2:3, 4.

ER RÉTT AÐ MONTA SIG?

HVAÐ þýðir það að monta sig? Veistu það? — Tökum dæmi. Hefurðu einhvern tíma reynt að gera eitthvað sem þú kannt ekki mjög vel eins og til dæmis að sparka fótbolta eða sippa? — Sagði einhver þá: „Ha! Ha! Ha! Ég kann þetta betur en þú“? — Þá var hann að monta sig.

Hvernig líður þér þegar aðrir monta sig? Finnst þér það gaman? — Hvernig heldurðu þá að öðrum líði ef þú montar þig? — Er fallegt að segja við aðra: „Ég er betri en þú“? — Heldurðu að Jehóva líki við fólk sem segir svona? —

Kennarinn mikli þekkti menn sem töldu sig vera betri en aðrir. Þeir montuðu sig og litu niður á alla aðra. Þess vegna sagði Jesús þeim sögu til að sýna fram á að það væri rangt að monta sig. Við skulum hlusta á söguna.

Sagan fjallar um farísea og tollheimtumann. Farísear stunduðu trúfræðslu og hegðuðu sér oft eins og þeir væru réttlátari eða heilagri en aðrir. Faríseinn í sögu Jesú fór í musteri Guðs í Jerúsalem til að biðjast fyrir.

Jesús sagði að tollheimtumaður hafi líka farið í musterið til að biðja. Flestum var illa við tollheimtumenn. Þeim fannst tollheimtumenn vera að reyna að svindla á sér, enda voru margir tollheimtumenn óheiðarlegir.

Í musterinu fór faríseinn að biðja til Guðs og sagði: „Guð, ég þakka þér fyrir að ég er ekki syndari eins og aðrir. Ég svindla hvorki á fólki né geri annað slæmt. Ég er ekki eins og þessi

tollheimtumaður. Ég er réttlátur maður. Ég sleppi því að borða tvo daga í viku svo að ég hafi meiri tíma til að hugsa um þig og gef musterinu tíund af öllu sem ég fæ.' Faríseanum fannst hann greinilega miklu betri en aðrir og hann sagði Guði það líka.

En tollheimtumaðurinn var ekki eins og faríseinn. Hann vildi ekki einu sinni horfa til himins þegar hann baðst fyrir. Hann stóð langt frá og laut höfði. Hann var mjög dapur vegna synna sinna og barði sér á brjóst. Hann reyndi ekki að segja Guði hversu góður hann væri heldur bað hann: 'Hjálpaðu mér, Guð, því að ég er syndugur.'

Hvorum þessara manna heldurðu að Guð hafi haft velþóknun á? Faríseanum sem fannst hann vera svo góður? Eða tollheimtumanninum sem var dapur vegna synna sinna? —

Jesús sagði að Guð hefði velþóknun á tollheimtumanninum. Af hverju? Jesús útskýrði það og sagði: 'Hver sem reynir að sýnast betri en aðrir verður auðmýktur. En sá sem er auðmjúkur verður upphafinn.' — Lúkas 18:9-14.

Hvað var Jesús að kenna með þessari sögu? — Hann var að kenna að það er rangt að halda að maður sé betri en aðrir. Við segjum kannski ekki að okkur

*Hvers vegna var
Jehóva ánægður með
tollheimtumanninn en
ekki faríseann?*



finnist við vera betri en aðrir, en við gætum samt hegðað okkur eins og okkur finnist það. Hefurðu einhvern tíma hegðað þér þannig? — Skoðum frásögu af Pétri postula.

Jesús sagði postulunum að þeir myndu allir yfirgefa hann þegar hann yrði handtekinn. En Pétur montaði sig og sagði: *„Þó að allir aðrir yfirgefi þig þá mun ég aldrei gera það.“* En Pétur hafði rangt fyrir sér. Hann var of góður með sig. Hann yfirgaf Jesú líka. En hann sneri við eins og við lærum seinna í kafla 30. — Matteus 26:31-33.

Tökum dæmi úr nútímanum. Segjum að þú og bekkjarfélagi þinn séuð spurðir einhverrar spurningar í skólanum. Ef til vill getur þú svarað strax en hinn ekki. Auðvitað finnst þér gaman að vita svarið. En væri fallett af þér að bera þig saman við þann sem er seinn að svara? — Er allt í lagi að reyna að upphefja sjálfan sig með því að gera lítið úr öðrum? —

Faríseinn gerði það. Hann montaði sig af því að vera betri en tollheimtumaðurinn. En kennarinn mikli sagði að faríseinn hefði haft rangt fyrir sér. Auðvitað geta sumir gert ýmislegt betur en aðrir. Það þýðir samt ekki að þeir séu betri manneskjur.

En höfum við ástæðu til að monta okkur ef við vitum meira en einhver annar? — Hugleiðum málið aðeins. Þuggum við til heilann í okkur? — Nei, það er Guð sem gefur öllum heila. Auk þess hafa aðrir kennt okkur næstum allt sem við vitum. Sumt lesum við kannski í bókum eða heyrum aðra segja frá því. Jafnvel þótt við kæmumst að einhverju sjálf, hvernig færum við þá að því? — Já, með því að nota heilann sem Guð gaf okkur.

Það væri fallett af þér að segja eitthvað hvetjandi við þann sem er að gera sitt besta. Segðu honum að þér hafi fundist hann



*Ertu betri manneskja ef þú veist
meira en einhver annar?*

standa sig vel. Þú gætir jafnvel hjálpað honum að bæta sig. Myndirðu ekki vilja að aðrir hjálpuðu þér þannig? —

Sumir eru sterkari en aðrir. Segjum til dæmis að þú sért sterkari en

bróðir þinn eða systir. Gæfi það þér ástæðu til að monta þig? — Nei, alls ekki. Við verðum sterk af matnum sem við borðum. Auk þess er það Guð sem gefur okkur sólskinið og rigninguna og allt annað sem þarf til að grænmeti og ávextir vaxi. Það er því Guði að þakka að við erum sterk. — Postulasagan 14:16, 17.

Engum finnst gaman að hlusta á aðra monta sig, er það nokkuð? — Munum eftir orðum Jesú: „Það sem þið viljið að aðrir geri ykkur það skulið þið gera þeim.“ Ef við gerum það verðum við aldrei eins og stolti faríseinn í sögunni sem kennarinn mikli sagði. — Lúkas 6:31.

Einu sinni var maður sem kallaði Jesú góðan. Sagði kennarinn mikli þá: „Já, ég er góður“? — Nei það gerði hann ekki. Hann sagði: „Enginn er

*Af hverju eigum við ekki
að monta okkur þó að við
séum sterkari en aðrir?*



góður nema Guð einn.“ (Markús 10:18) Jafnvel þó að kennarinn mikli hafi verið fullkominn þá upphóf hann ekki sjálfan sig. Hann gaf Jehóva, föður sínum, allan heiðurinn.

Getum við gert það líka? — Já, við getum upphafið skapara okkar, Jehóva Guð. Þegar við sjáum fallegt sólsetur eða annað undur í náttúrunni getum við sagt: „Jehóva Guð skapaði þetta.“ Við skulum alltaf vera tilbúin til að tala um það stórkostlega sem Jehóva hefur þegar gert og það sem hann mun gera í framtíðinni.

Lestu hvað Biblían segir um það að vera montinn og upphefja sjálfan sig, og lærðu hvernig við ættum að forðast það: Orðskviðirnir 16:5, 18; Jeremía 9: 23, 24; 1. Korintubréf 4:7.

Hvern er þessi strákur að upphefja?



AF HVERJU ER RANGT AÐ LJÚGA?


SEGJUM sem svo að stelpa lofi mömmu sinni að koma beint heim eftir skóla. En síðan fer hún að leika sér við vinkonur sínar og segir við mömmu sína: „Kennarinn hleypti mér ekki strax út.“ Væri það í lagi? —

Eða segjum að strákur segði við pabba sinn: „Ég var ekki að sparka boltanum hérna inni.“ En hann gerði það samt. Væri ekki rangt af honum að segjast ekki hafa gert það? —

Kennarinn mikli benti á hvað væri rétt af okkur að gera. Hann sagði: „Já ykkar sé já og nei sé nei. Allt annað kemur frá hinum vonða.“ (Matteus 5:37) Hvað átti Jesús við með þessu? — Hann vill að við gerum það sem við segjumst ætla að gera.

Í Biblíunni er frásaga sem minnir á hversu mikilvægt er að segja alltaf satt. Hún fjallar um hjón sem sögðust vera lærisveinar Jesú. Við skulum athuga hvað gerðist.

Hvað gerði strákurinn af sér?



Tæplega tveim mánuðum eftir dauða Jesú kemur fjöldi fólks til Jerúsalem frá fjarlægum slóðum. Fólkið ætlar að halda hátíð Gyðinga sem kallast hvítasunna. Pétur postuli heldur mjög góða ræðu og segir fólkinu frá Jesú sem Jehóva reisti upp frá dauðum. Margir sem eru gestkomandi í Jerúsalem eru að fræðast um Jesú í fyrsta skipti og langar til að vita meira. Hvað gera þeir?


Þeir dvelja lengur í Jerúsalem en þeir ætluðu.

Eftir nokkurn tíma eiga sumir enga peninga eftir og þurfa að fá aðstoð til að geta keypt mat. Lærissveinarnir í Jerúsalem vilja aðstoða aðkomufólkið. Þess vegna selja margir eigur sínar og láta postula Jesú fá peningana. Síðan gefa postularnir þeim peninga sem þurfa.

Í kristna söfnuðinum í Jerúsalem eru hjón sem heita Ananías og Saffíra. Þau ákveða að selja land sem þau eiga.

Enginn sagði þeim að

selja það. Þau ákváðu það sjálf. En þau gera það ekki vegna þess að þeim þyki vænt um þessa nýju lærisveina Jesú. Þau vilja bara telja öðrum trú um að þau séu betri en þau eru. Þess vegna segj-



Hverju laug Ananías að Péttri?


ast þau ætla að hjálpa nýju lærisveinunum með því að gefa þeim alla peningana. En í rauninni ætla þau bara að gefa hluta af upphæðinni. Hvað finnst þér um þetta? —

Ananías kemur til postulanna og lætur þá fá peningana. En Guð veit auðvitað að hann ætlar ekki að gefa þá alla. Guð lætur því Pétur vita að Ananías sé að ljúga.

Þá segir Pétur: „Ananías, af hverju leyfðirðu Satan að spilla þér? Þú áttir landið. Þú þurftir ekki að selja það. Og jafnvel eftir að þú seldir landið gastu ráðið því hvað þú gerðir við peningana. En hvers vegna þykist þú gefa alla peningana fyrst þú ætlar aðeins að gefa hluta þeirra? Með því að gera þetta lýgurðu ekki bara að okkur heldur líka að Guði.“

Það sem Ananías gerði var mjög alvarlegt. Hann laug! Hann gerði ekki það sem hann sagðist hafa gert. Hann þóttist bara gera það. En Biblían segir svo hvað gerist næst: „Þegar Ananías heyrir þetta, dettur hann niður og deyr.“ Þannig refsar Guð Ananías. Stuttu seinna er lík hans borið út og jarðað.

Hvað kom fyrir Ananías af því að hann laug?



Um þrem tímum seinna kemur Saffíra inn. Hún veit ekki hvað kom fyrir manninn hennar. Pétur spyr hana því: „Selduð þið landið fyrir sömu upphæð og þið létuð okkur fá?“

„Já, við seldum landið fyrir þá upphæð,“ svarar Saffíra. En það er lygi! Þau héldu hluta af upphæðinni fyrir sig. Guð lætur því Saffíru deyja líka. — Postulasagan 5:1-11.

Hvað getum við lært af því sem kom fyrir Ananías og Saffíru? — Við lærum að Guði er illa við lygara. Hann vill að við segjum alltaf satt. En margir segja að það sé í lagi að ljúga. Heldurðu að það sé rétt hjá þeim? — Vissirðu að allir sjúkdómar, allar þján-ingar og dauðinn urðu til vegna lygi? —

Þú manst kannski að Satan laug að fyrstu konunni, Evu. Hann sagði henni að hún myndi ekki deyja þó að hún óhlýðnaðist Guði og borðaði ávöxtinn sem Guð hafði bannað henni. Eva trúði Satan, tók ávöxt af trénu og át og hún fékk

Adam til að gera það líka. Þannig urðu þau syndug og öll börnin þeirra fæddust syndarar og þurftu því að þjást og deyja. Hvernig byrjuðu öll vanda-mál mannanna? — Þau byrjuðu með einni lygi.

Það er skiljanlegt að Jesús skuli hafa kallað Satan „lygara og föður lyginna“. Hann var sá fyrsti sem laug. Sá sem lýgur er því að líkja eftir Satan. Við ættum að hugsa um það þegar okkur finnst freistandi að ljúga. — Jóhannes 8:44.

Hver var fyrstur til að ljúga, að sögn Jesú, og hvaða afleiðingar hafði það?

Hvenær gæti þér fundist freistandi að segja ósatt? — Er það ekki þegar þú hefur



gert eitthvað af þér? — Kannski hefurðu brotið eitthvað alveg óvart. Ef einhver spyr þig, ættirðu þá að segja að bróðir þinn eða systir hafi gert það? Eða ættirðu kannski að láta eins og þú vitir ekki hvernig það gerðist? —

Segjum að þú hafir átt að læra heima en ekki lokið við það. Ættirðu að segjast vera búinn að læra heima þótt þú sért ekki búinn að því? — Við ættum að muna eftir Ananíasi og Saffíru. Þau sögðu ekki allan sannleikann. Guð sýndi hversu alvarlegt það var með því að láta þau deyja.

Við ættum aldrei að ljúga því að það gerir aðeins illt verra og við ættum ekki heldur að segja bara hálfan sannleikann. Biblían segir: „Talið sannleika.“ Hún segir líka: „Ljúgið ekki hver að öðrum.“ Jehóva segir alltaf satt og hann ætlast til þess að við gerum það líka. — Efesusbréfið 4:25; Kólossubréfið 3:9.

Við ættum alltaf að segja satt. Það kemur fram í 2. Mósebók 20:16; Orðskviðunum 6:16-19; 12:19; 14:5; 16:6 og Hebreabréfinu 4:13.

Hvenær gæti þér fundist freistandi að segja ósatt?



HVERS VEGNA VEIKIST FÓLK?

ÞEKKIR þú einhvern sem er veikur? — Sennilega verður þú stundum lasinn. Kannski færðu kvef eða magapínu. Sumir eru mjög veikir. Þeir geta jafnvel ekki staðið upp hjálparlaust. Þannig er það oft þegar fólk verður mjög gamalt.

Allir verða einhvern tíma veikir. Veistu hvers vegna fólk veikist, hrörnar og deyr? — Dag einn var komið með mann til Jesú sem gat ekki gengið og Jesús útskýrði þá hvers vegna fólk veikist og deyr. Ég skal segja þér frá því.

Jesús dvaldist í húsi í þorpi nálægt Galíleuvatni. Fólk kom þangað hópum saman til að hitta hann. Það voru svo margir í húsinu að ekki var pláss fyrir fleiri. Það var ekki einu sinni hægt að komast að dyrunum. En fólk hélt samt áfram að koma. Fjórir menn komu með lamaðan mann sem gat ekki gengið. Þeir báru hann á börum.

Veistu hvers vegna þá langaði til að koma með þennan veika mann til Jesú? — Þeir voru vissir um að Jesús gæti hjálpað honum. Þeir trúðu því að hann gæti læknað manninn. Veistu hvernig þeir komu lamaða manninum til Jesú þrátt fyrir að það voru svona margir í húsinu? —


Myndin hérna sýnir hvernig þeir fóru að því. Fyrst fóru þeir með manninn upp á þakið sem var flatt. Síðan gerðu þeir stórt gat á það. Loks létu þeir veika manninn síga á börunum í

gegnum gatið og niður í herbergið fyrir neðan. Þeir höfðu mjög sterka trú!


Allir í húsinu urðu steinhissa þegar þeir sáu hvað var að gerast. Lamaði maðurinn var látinn síga niður til þeirra. Var Jesús reiður yfir því sem mennirnir höfðu gert? — Nei, alls ekki. Það gladdi hann að þeir skyldu hafa trú. Hann sagði við lamaða manninn: „Syndir þínar eru fyrirgefnar.“

Sumum fannst ekki rétt af Jesú að segja þetta. Þeim fannst ekki að hann gæti fyrirgefið syndir. Til að sýna þeim að hann gæti það sagði hann við manninn: „Stattu upp, taktu rúmið þitt og farðu heim til þín.“

Hvað sagði Jesús lamaða manninum að gera?



Maðurinn læknaðist þegar Jesús sagði þetta. Hann var ekki lengur lamaður. Hann gat staðið upp hjálparlaust og gengið. Þeir sem sáu þetta kraftaverk voru furðu lostnir. Þeir höfðu aldrei séð neitt svona dásamlegt og lofuðu Jehóva fyrir að hafa gefið þeim þennan mikla kennara sem gat jafnvel læknað fólk. — Markús 2:1-12.



Hvað lærum við af þessu kraftaverki? — Við lærum að Jesús hefur vald til að fyrirgefa syndir og lækna þá sem eru veikir. En við lærum líka annað mjög mikilvægt. *Við lærum að fólk veikist vegna þess að það er syndugt.*

Hvað lærum við af þessu kraftaverki?


Erum við þá öll syndug fyrst við veikjumst stundum? — Já, Biblían segir að allir séu fæddir syndugir. Veistu hvað það merkir að vera fæddur syndugur? — Það merkir að við fæðumst ófullkomin. Stundum gerum við það sem er rangt þó að okkur langi ekki til þess. Veistu af hverju við erum öll syndug? —

Það er vegna þess að Adam, fyrsti maðurinn, hlýddi ekki Guði. Hann syndgaði þegar hann braut lög Guðs. Og við höfum öll fengið syndina frá Adam. Veistu hvernig við fengum syndina frá honum? Ég skal reyna að útskýra það fyrir þér.

Þú hefur kannski hjálpað til við að baka brauð í formi. Veistu hvernig brauðið verður ef formið er beyglað? — Sést

ekki beyglan á öllum brauðum sem eru bökuð í forminu? —

Adam var eins og þetta form og við erum eins og brauðið. Hann varð ófullkominn þegar hann braut lög Guðs. Það var eins og hann hefði fengið beyglu. Hvernig myndu þá börnin hans verða? — Þau myndu öll fá sömu beygluna eða ófullkomleikann.



Hvernig urðum við öll syndug?

Fæst börn fæðast með stóran galla sem hægt er að sjá. Það vantar ekki á þau handlegg eða fótlegg. En gallinn, sem þau hafa, er samt það slæmur að þau veikjast og deyja að lokum.

Vissulega verða sumir oftast veikir en aðrir. Hvers vegna ætli það sé? Fæddust þeir syndugri en aðrir? — Nei, allir fæðast jafnsyndugir. Við fæddumst öll ófullkomin. Þess vegna veikjast allir fyrr eða síðar. Fólk veikist jafnvel þó að það reyni að hlýða öllum lögum Guðs og geri ekkert sem er mjög slæmt.

Hvers vegna veikjast þá sumir oftast en aðrir? — Það eru margar ástæður fyrir því. Kannski hafa þeir ekki nóg að borða eða borða ekki hollan mat. Kannski borða þeir of mikið af kökum og sælgæti. Önnur ástæða gæti verið sú að þeir vaki of lengi á kvöldin og sofi ekki nóg eða klæði sig ekki nógu vel áður en þeir fara út í kuldann. Sumir eru svo veikburða að líkami þeirra getur ekki barist á móti veikindunum jafnvel þó að þeir reyni að fara vel með sig.



*Hvernig verður heilsufar okkar
þegar syndin er farin?*

Ætli við verðum einhvern tíma laus við veikindi? Losnum við einhvern tíma við syndina? — Hvað gerði Jesús fyrir lamaða manninn? — Jesús fyrirgaf honum syndir hans og læknaði hann. Þannig sýndi Jesús hvað hann ætlar að gera fyrir alla sem leggja sig fram um að gera það sem er rétt.

Jesús mun lækna okkur ef við sýnum að við viljum ekki syndga og hötum það sem er rangt. Í framtíðinni fjarlægir hann meðfæddan ófullkomleika okkar. Hann gerir það sem konungur Guðsríkis. Syndin hverfur ekki allt í einu heldur verður hún fjarlægð á all löngu tímabili. Þegar syndin verður loks farin veikjumst við aldrei framar. Allir hafa þá fullkomna heilsu. Mikið verður það ánægjulegt!

*Til að fá betri hugmynd um
það hvernig syndin hefur áhrif á
alla skaltu lesa Jobsbók 14:4;
Sálm 51:7; Rómverjabréfið
3:23; 5:12 og 6:23.*

ÞAÐ ER RANGT AÐ STELA

HEFUR einhvern tíma verið stolið frá þér? — Hvernig leið þér? — Sá sem stal frá þér er þjófur og engum er vel við þjófa. Hvernig verða menn þjófar? Fæðast þeir þannig? —

Við lærðum í kaflanum á undan að fólk fæðist syndugt. Þess vegna erum við öll ófullkomin. En enginn fæðist þjófur. Þjófur getur verið úr góðri fjölskyldu og átt heiðarlega foreldra og systkini. En hann gerist þjófur af því að hann langar svo mikið í peninga og ýmislegt sem hægt er að kaupa fyrir peninga.

Hver heldurðu að hafi verið fyrsti þjófurinn? — Veltum því aðeins fyrir okkur. Kennarinn mikli þekkti þennan þjóf þegar hann var á himnum. Þessi þjófur var engill. En hvernig gat engill orðið þjófur fyrst allir englarnir voru fullkomnir þegar Guð skapaði þá? — Við lærðum í 8. kafla að hann vildi fá það sem tilheyrði honum ekki. Manstu hvað það var? —

Þegar Guð hafði skapað fyrstu hjónin vildi engillinn fá þau til að tilbiðja sig. Hann átti alls ekki rétt á að fá tilbeiðslu þeirra. Þau áttu að tilbiðja Guð en engillinn stal tilbeiðslu þeirra. Hann gerðist þjófur þegar hann fékk Adam og Evu til að tilbiðja sig. Þá varð hann Satan djöfullinn.

Af hverju gerast menn þjófar? — *Það er af því að þá langar í það sem þeir eiga ekki.* Þessi löngun getur orðið svo sterk að hún getur jafnvel fengið gott fólk til að gera það sem er rangt. Sumir

sem gerast þjófar iðrast aldrei og halda áfram að stela. Þannig fór fyrir einum postula Jesú. Hann hét Júdas Ískariót.

Júdas vissi að það var rangt að stela af því að hann hafði lært lög Guðs alveg frá því hann var lítill. Hann vissi að Guð hafði jafnvel talað frá himni og sagt við fólk sitt: „Þú skalt ekki stela.“ (2. Mósebók 20:15) Þegar Júdas var orðinn fullorðinn hitti hann kennarann mikla og gerðist lærisveinn hans. Síðar valdi Jesús hann meira að segja til að vera einn af postulunum tólf.

Jesús og postularnir ferðuðust saman og borðuðu saman. Allir peningarnir þeirra voru geymdir í einum kassa. Jesús bað Júdas um að sjá um kassann. Auðvitað átti Júdas ekki peningana. En veistu hvað hann gerði skömmu seinna? —

Júdas fór að taka peninga úr kassanum þótt hann ætti ekki að gera það. Hann tók þá þegar aðrir sáu ekki til og hann reyndi jafnvel að finna leiðir til að fá meiri peninga. Hann hugsaði sífellt um peninga. Athugum hvað þessi ranga löngun kom honum til að gera.

Lasarus, vinur Jesú, átti systur sem hét María. Hún bar dýrindissmyrsl á fætur Jesú nokkrum dögum fyrir dauða hans. En Júdas kvartaði yfir því. Veistu af hverju? — Hann sagði að það hefði átt að selja smyrslin og gefa fátækum peningana. Í rauninni vildi hann bara fá meiri peninga í kassann svo að hann gæti stolið þeim. — Jóhannes 12:1-6.

Jesús sagði Júdasi að angra ekki Maríu sem hafði verið svona góð. Júdasi mislíkaði að Jesús skyldi segja þetta við sig svo að hann fór til æðstuprestanna sem voru óvinir Jesú. Þeir vildu handtaka hann, en þeir vildu gera það að nóttu til svo að aðrir sæju ekki til þeirra.

Júdas sagði við prestana: „Ég skal segja ykkur hvar þið getið fundið Jesú ef þið gefið mér peninga. Hvað viljið þið borga mér mikið?“


„Við borgum þér þrjátíu silfurpeninga,“ svöruðu prestarnir.
— Matteus 26:14-16.

Júdas tók við peningunum. Í rauninni var hann að selja þessum mönnum kennarann mikla! Geturðu ímyndað þér að nokkur maður skuli geta gert annað eins? — Því miður getur slíkt gerst þegar einhver gerist þjófur og stelur peningum. Hann elskar peninga meira en annað fólk og jafnvel meira en Guð.

Þú hugsar kannski: „Ég myndi aldrei elska neitt heitar en ég elska Jehóva Guð.“ Það er gott að þú skulir hugsa þannig. Júdas hefur líklega hugsað þannig þegar Jesús valdi hann sem postula. Aðrir hafa líka hugsað þannig en síðar gerst þjófar. Við skulum nefna dæmi um nokkra slíka menn.

Einn þeirra var þjónn Guðs sem hét Akan. Hann var uppi löngu áður en kennarinn mikli fæddist. Akan kom auga

*Hvers vegna stal
Júdas?*




*Um hvað eru Akan og
Davíð að hugsa?*

á fallega skikkju, gullstöng og silfurpeninga. Hann átti þetta ekki. Biblían segir að Jehóva hafi átt það af því að það var tekið af óvinum þjóðar hans. En Akan langaði svo mikið í það að hann stal því. — Jósúabók 6:19; 7:11, 20-22.

Tökum annað dæmi. Fyrir langa löngu valdi Jehóva Davíð til að vera konungur Ísraelsmanna. Dag einn fór Davíð að horfa á fallega konu sem hét Batséba. Hann hélt áfram að horfa á hana og fór að hugsa um að fá hana heim til sín til þess að geta verið með henni. En hún var gift Úríá. Hvað hefði Davíð átt að gera? —

Davíð hefði átt að hætta að hugsa um að fá Batsebu til sín. En hann gerði það ekki, heldur fór með hana heim til sín. Síðan

Hverju stal Absalon?



lét hann drepa Úríá. Hvers vegna framdi Davíð þessi vondu verk? — Vegna þess að hann vildi fá konu annars manns. — 2. Samúelsbók 11:2-27.

Davíð iðraðist og þess vegna leyfði Jehóva honum að lifa. En eftir þetta lenti hann í miklum erfiðleikum. Absalon sonur hans vildi verða konungur í stað hans. Hann greip því til þess ráðs að faðma og kyssa þá sem komu til að hitta Davíð. Biblían segir að ‚Absalon hafi *stolið* hjörtum Ísraelsmanna‘. Nú vildi fólkið fá hann sem konung í staðinn fyrir Davíð. — 2. Samúelsbók 15:1-12.

Hefur þig einhvern tíma langað mjög mikið í eitthvað á sama hátt og þá Akan, Davíð og Absalon? — Þú værir að stela ef þú tækir það sem einhver annar á án þess að biðja um leyfi. Manstu hvað Satan, fyrsti þjófurinn, vildi fá? — Hann vildi fá fólk til að tilbiðja sig í staðinn fyrir Guð. Þess vegna var hann að stela þegar hann fékk Adam og Evu til að hlýða sér.

Sá sem á eitthvað hefur rétt til að ákveða hver megi nota það. Tökum dæmi. Segjum að þú farir heim til annarra barna til að leika við þau. Væri þá allt í lagi að taka eitthvað og fara með það heim til þín? — Nei, ekki nema foreldrar þeirra leyfi það. Ef þú tækir eitthvað heim með þér án þess að biðja um leyfi værirðu að stela.

Hvers vegna gæti þér þótt freistandi að stela? — Vegna þess að þig gæti langað í eitthvað sem þú átt ekki. Hver myndi sjá þig taka það jafnvel þótt enginn annar sæi þig? — Jehóva Guð sæi til þín. Við verðum að muna að Guð hatar þjófnað. Kærleikur til Guðs og náungans kemur í veg fyrir að þú gerist þjófur.

Biblían segir skýrt að það sé rangt að stela. Lestu Markús 10:17-19; Rómverjabréfið 13:9 og Efesusbréfið 4:28.

GETA ÞEIR SEM ERU VONDIR BREYTT SÉR?

VÆRI ekki gaman ef allir gerðu það sem er gott? — En enginn gerir alltaf gott. Veistu af hverju við gerum stundum það sem er slæmt, jafnvel þótt við viljum vera góð? — Það er af því að við erum öll fædd syndug. En sumir gera margt mjög slæmt. Þeir hata annað fólk og meiða það viljandi. Heldurðu að þeir geti breytt sér og lært að vera góðir? —

Sjáðu unga manninn á myndinni sem passar yfirhafnir hinna meðan þeir kasta grjóti í Stefán. Hann heitir Sál á hebresku, en rómverska nafnið hans er Páll. Hann er ánægður að mennirnir skuli taka Stefán af lífi en Stefán er lærisveinn kennarans mikla. Við skulum athuga af hverju Sál gerir svona slæma hluti.

Sál tilheyrir trúflokki Gyðinga sem kallast farísear. Farísearnir nota orð Guðs en þeir taka meira mark á kenningum sumra trúarleiddtoga sinna. Þetta er ástæðan fyrir því að Sál er svona vondur.

Sál er viðstaddur þegar Stefán er handtekinn í Jerúsalem. Stefán er leiddur fyrir dómstól og sumir dómararnir eru farísear. En Stefán er óhræddur jafnvel þótt þeir segi margt slæmt um hann. Hann er hugrakkur og vitnar strax fyrir dómurunum um Jehóva Guð og Jesú.

En dómararnir eru ekki hrifnir af því sem þeir heyra. Þeir vita nú þegar mikið um Jesú af því að það voru þeir sem höfðu látið taka hann af lífi stuttu áður. Seinna reisti Jehóva Jesú upp frá

dauðum og tók hann upp til himna á ný. En dómararnir breyta sér ekki heldur berjast gegn lærisveinum Jesú.

Dómararnir grípa í Stefán. Þeir fara með hann út fyrir borgina, slá hann niður og kasta í hann grjóti. Eins og þú sérð á myndinni er Sál á staðnum og fylgist með þessu. Honum finnst rétt að Stefán sé tekinn af lífi.

Veistu af hverju Sál hugsaði svona? — Af því að hann hafði verið farísei alla ævi og honum fannst kenningar farísea vera réttar. Hann tók sér þessa menn til fyrirmyndar og þess vegna gerði hann eins og þeir. — Postulasagan 7:54-60.

En hvað gerir Sál eftir að Stefán hefur verið líflátinn? — Hann reynir að finna alla aðra lærisveina Jesú. Hann veður inn á heimili þeirra, dregur út bæði karla og konur og lætur varpa þeim í fangelsi. Margir lærisveinar neyðast til að yfirgefa Jerúsalem en þeir hætta samt ekki að prédika um Jesú. — Postulasagan 8:1-4.

Af hverju finnst Sál rétt að taka Stefán af lífi?



Þetta verður til þess að Sál hatar lærisveina Jesú enn meira. Hann fer því til Kaífasar æðsta prests og fær leyfi til að handtaka kristið fólk í borginni Damaskus. Hann vill taka fólkið til fanga og flytja það til Jerúsalem og láta refsa því. En þegar hann er á leiðinni til Damaskus gerist ótrúlegur atburður.

Skyndilega leiftrar ljós frá himni og rödd segir: „Sál, Sál, hví ofsækir þú mig?“ Þetta er Jesús að tala frá himnum. Ljosið er svo skært að Sál verður blindur og fólkið sem er með honum verður að leiða hann til Damaskus.

Þremur dögum seinna birtist Jesús einum lærisveini í sýn. Hann heitir Ananías og býr í Damaskus. Jesús segir honum að heimsækja Sál, gefa honum sjónina aftur og tala við hann. Sál tekur við sannleikanum um Jesú þegar Ananías talar við hann. Hann fær sjónina aftur. Líf hans gerbreytist og hann verður dyggur þjónn Guðs. — Postulasagan 9:1-22.

Skilurðu núna af hverju Sál gerði svona margt slæmt? — Það var af því að honum hafði verið kennt það sem er rangt. Hann fylgdi mönnum sem voru ekki trúfastir Guði og tilheyrði hópi fólks sem tók skoðanir manna fram yfir orð Guðs. En af hverju breytir Sál um lífsstefnu og fer að gera gott jafnvel þótt aðrir farísear haldi áfram að berjast gegn Guði? — Það er af því að Sál hatar ekki sannleikann í raun og veru. Þegar honum er bent á hvað sé rétt er hann tilbúinn til að fara eftir því.

Veistu fyrir hvað Sál varð seinna þekktur? — Já, hann varð þekktur fyrir að vera postuli Jesú og var kallaður Páll postuli. Þú manst kannski líka að Páll skrifaði fleiri bækur í Biblíunni en nokkur annar.

Margir geta breytt sér eins og Sál. En það er ekki auðvelt vegna þess að það er til andavera sem er stöðugt að reyna að fá fólk til


að gera það sem er rangt. Veistu hver það er? — Jesús ræddi um þessa andaveru þegar hann birtist Sál á veginum til Damaskus. Hann talaði við Sál frá himnum og sagði: „Ég sendi þig til að opna augu fólks, til að snúa því frá myrkri til ljóss og frá valdi Satans til Guðs.“ — Postulasagan 26:17, 18.

Já, það er Satan djöfullinn sem reynir að fá alla til að gera það sem er rangt. Finnst þér stundum erfitt að gera það sem er rétt? — Okkur finnst það öllum. Satan gerir okkur erfitt fyrir. En það er líka önnur ástæða fyrir því að það er ekki alltaf auðvelt að gera rétt. Veistu hver hún er? — Hún er sú að við erum öll fædd syndug.

Þessi synd er ástæðan fyrir því að okkur finnst oft auðveldara að gera rangt en rétt. En hvað verðum við þá að gera? — Já, við verðum að leggja hart að okkur til að gera það sem er rétt. Ef við gerum það getum við verið viss um að Jesús hjálpar okkur af því að honum þykir vænt um okkur.

Þegar Jesús var á jörðinni sýndi hann að honum þótti vænt um fólk sem hafði áður gert ýmislegt slæmt en breytti sér síðan. Hann vissi hvað það var erfitt fyrir þetta fólk að breyta sér.

Hver er að tala við Sál og hvað segir hann honum að gera?



Það voru til dæmis til konur sem höfðu kynmök við marga menn. Þetta var auðvitað rangt. Biblían kallar þessar konur skækjur eða vændiskonur.

Einu sinni frétti slík kona af Jesú og kom til hans þegar hann var heima hjá farísea. Hún vætti fætur hans með tárum sínum, þurrkaði þá með hárinu og helkti smyrslum á þá. Hún var mjög leið vegna synda sinna og þess vegna fyrirgaf Jesús henni. En faríseanum fannst konan ekki eiga skilið að fá fyrirgefningu. — Lúkas 7:36-50.


Veistu hvað Jesús sagði við nokkra farísea? — Hann sagði: „Skækjur verða á undan ykkur inn í Guðs ríki.“ (Matteus 21:31)

Jesús sagði þetta af því að skækjurnar trúðu honum og þær breyttu sér og hættu að gera það sem var rangt. En farísearnir héldu áfram að vera vondir við lærisveina Jesú.

Ef við gerum eitthvað sem Biblían segir að sé slæmt ættum við að vilja breyta okkur. Þegar við lærum hvað Jehóva vill að við gerum ættum við að vera tilbúin til að gera það. Þá verður Jehóva ánægður með okkur og veitir okkur eilíft líf.

Lesum saman nokkra ritningarstaði sem hjálpa okkur að forðast það sem er slæmt. Sálmur 119:9-11; Orðskviðirnir 3:5-7 og 12:15.

Af hverju fyrirgaf Jesús konunni sem hafði gert margt slæmt?




AF HVERJU ER SVONA ERFITT AÐ GERA RÉTT?

HVER varð ánægður þegar Sál gerði það sem var rangt? — Satan djöfullinn. En trúarleiðtogar Gyðinga urðu líka ánægðir. Þegar Sál gerðist lærisveinn kennarans mikla og var kallaður Páll fóru trúarleiðtogarnir að hata hann. Skilurðu þá af hverju það getur verið erfitt fyrir lærisvein Jesú að gera það sem er rétt? —


Einu sinni fyrirskipaði Ananías æðsti prestur mönnum að slá Pál í andlitið. Hann reyndi meira að segja að láta varpa Páli í fangelsi. Páll þurfti að þola margt eftir að hann varð lærisveinn Jesú. Vondir menn börðu hann til dæmis og reyndu að drepa hann með því að kasta í hann grjóti. — Postulasagan 23: 1, 2; 2. Korintubréf 11:24, 25.

Margir reyna að fá okkur til að gera ýmislegt sem Guð vill ekki að við gerum. Spurningin er því sú hve mikið þú elskar það sem er rétt. Elskarðu það svo

Hvað þurfti Páll að þola af því að hann gerði það sem er rétt?



*Af hverju er fólkið að
reyna að drepa Jesú?*



mikið að þú gerir rétt þótt aðrir hati þig fyrir það? Þarf ekki hugrekki til þess? —

Þú hugsar kannski: „Af hverju hata aðrir okkur fyrir að gera það sem er rétt? Ættu þeir ekki að vera ánægðir?“ Það mætti halda það. Oft líkaði fólki vel við Jesú af því að hann gerði mörg góðverk. Einu sinni söfnuðust allir bæjarbúar saman fyrir utan hús þar sem hann dvaldist. Þeir komu vegna þess að Jesús hafði læknað marga sjúka. — Markús 1:33.

En stundum líkaði fólki ekki það sem Jesús kenndi jafnvel þótt hann hafi alltaf kennt það sem var rétt. Sumir hötuðu hann ein-

mitt vegna þess að hann kenndi sannleikann. Þetta gerðist einu sinni í borginni Nasaret, þar sem Jesús ólst upp. Hann fór í samkunduhúsið, en þar hittust Gyðingar til að tilbiðja Guð.

Jesús hélt góða ræðu út frá Ritningunni. Í fyrstu var fólk hrif-ið af ræðunni og undraðist það sem hann sagði. Það trúði því varla að hann væri ungi maðurinn sem hafði alist upp í borginni þeirra.

En síðan fór Jesús að tala um þann tíma þegar Guð myndi sýna öðrum en Gyðingum sérstaka góðvild. Þeir sem voru í samkunduhúsinu reiddust þegar Jesús sagði þetta. Veistu af hverju? — Af því að þeir héldu að Guð sýndi engum nema Gyðingum góðvild. Þeir héldu að þeir væru betri en aðrir. Þess vegna hötuðu þeir Jesú fyrir það sem hann sagði. Veistu hvað þeir reyndu að gera? —

Biblían segir að fólkið hafi „hrakið Jesú út úr borginni. Það fór með hann út á fjallsbrún til að hrinda honum fram af og drepa hann. En Jesús komst undan.“ — Lúkas 4:16-30.

Hefðir þú farið aftur að segja þessu fólki frá Guði ef þú hefðir lent í þessu? — Það hefði kostað hugrekki, ertu ekki sammála því? — Jesús fór samt aftur til Nasaret ári seinna. Biblían segir: „Hann . . . tók að kenna þeim í samkundu þeirra.“ Jesús hætti ekki að tala um sannleikann vegna ótta við menn sem elskuðu ekki Guð. — Matteus 13:54.

Við annað tækifæri hitti Jesús mann sem var með visna eða fatlaða hönd. Þetta var á hvíldardegi. Jesús fékk kraft frá Guði til að lækna manninn. En sumir reyndu að koma Jesú í klandur. Hvað ætli kennarinn mikli hafi gert? — Fyrst spurði hann: „Ef þið ættuð kind sem dytti ofan í djúpa holu á hvíldardegi, mynduð þið þá ekki draga hana upp úr?“

Þeir hefðu alveg örugglega dregið kindina upp úr jafnvel á hvíldardegi, en þá áttu þeir að hvíla sig frá allri vinnu. Jesús sagði því: „Það er miklu mikilvægara að hjálpa mönnum á hvíldardegi þar sem menn eru meira virði en kindur.“ Er ekki greinilegt að Jesús átti að hjálpa manninum með því að lækna hann? —

Jesús sagði manninum að rétta út höndina og samstundis læknaðist hún. Maðurinn varð himinlifandi! En hvað um hina mennina? Urðu þeir ánægðir? — Nei, alls ekki. Þeir hötuðu Jesú jafnvel enn meira og þeir fóru og lögðu á ráðin um að drepa hann! — Matteus 12:9-14.

Ástandið er svipað nú á dögum. Það er alveg sama hvað við gerum, við getum aldrei gert öllum til hæfis. Við verðum því að ákveða hverja við viljum gleðja. Ef við viljum gleðja Jehóva Guð og son hans, Jesú Krist, verðum við alltaf að fara eftir því sem þeir kenna. En hver hatar okkur ef við gerum það? Hver gerir okkur erfitt fyrir að gera það sem er rétt? —

Það er Satan. Og hverjir aðrir? — Það eru þeir sem Satan hefur blekkst svo að þeir trúa því sem er rangt. Jesús sagði við trúarleiðtogana: „Þið eigið djöfulinn að föður og viljið gera það sem faðir ykkar girnist.“ — Jóhannes 8:44.

Satan er mjög ánægður með marga. Jesús kallar þetta fólk „heiminn“. Hver heldurðu að „heimurinn“ sé sem Jesús er að tala um? — Við skulum skoða hvað hann segir í Jóhannesi 15. kafla, versí 19. Þar lesum við þessi orð: „Væruð þér af heiminum, mundi heimurinn elska sitt eigið. Heimurinn hatar yður af því að þér eruð ekki af heiminum, heldur hef ég útvalið yður úr heiminum.“

Heimurinn, sem hatar lærisveina Jesú, er því allir þeir sem fylgja Jesú ekki. En af hverju hatar heimurinn lærisveina hans? — Hugsaðu málið aðeins. Hver stjórnar heiminum? — Biblían

segir: „Allur heimurinn er á valdi hins vonda.“ Og hinn vondi er Satan djöfullinn. — 1. Jóhannesarbréf 5:19.

Skilurðu núna af hverju það er svona erfitt að gera það sem er rétt? — Satan og heimur hans gera okkur erfitt fyrir. En það er annað sem gerir það líka. Manstu hvað það er? — Við lærðum í 23. kaflanum í þessari bók að við erum öll fædd syndug. Heldurðu að það verði ekki stórkostlegt þegar syndin, Satan og heimur hans verða ekki lengur til? —

Biblían lofar því að þetta muni gerast. Hún segir: „Heimurinn fyrirferst.“ Þetta þýðir að þeir sem fylgja ekki kennaranum mikla verða ekki framar til. Þeir fá ekki að lifa að eilífu. Veistu hverjir fá að lifa að eilífu? — Biblían segir í áframhaldinu: „Sá, sem gjörir Guðs vilja, varir að eilífu.“ (1. Jóhannesarbréf 2:17) Já, aðeins þeir sem gera rétt, það er að segja þeir sem gera ‚vilja Guðs‘, fá að lifa að eilífu í nýjum heimi hans. Viljum við ekki gera það sem er rétt, jafnvel þótt það sé erfitt? —

Lesum saman eftirfarandi ritningarstaði sem sýna okkur hvers vegna það er ekki auðvelt að gera rétt: Matteus 7:13, 14; Lúkas 13:23, 24 og Postulasagan 14:21, 22.

Hvað verður um þá sem gera rétt þegar heimurinn ferst?



HVAÐA GUÐ TILBIÐUR ÞÚ?

HVERS vegna er mikilvægt að spyrja: Hvaða Guð tilbiður þú? — Vegna þess að fólk tilbiður marga guði. (1. Korintubréf 8:5) Þegar Páll postuli fékk kraft frá Jehóva til að lækna mann, sem hafði aldrei getað gengið, kallaði fólk-ið: „Guðirnir eru stignir niður til okkar eins og menn.“ Fólk-ið vildi tilbiðja Pál og vin hans, Barnabas. Það kallaði Pál Hermes og Barnabas Seif en það voru nöfn á falsguðum.

En Páll og Barnabas vildu ekki láta tilbiðja sig. Þeir stukku inn í mannfjöldann og sögðu: „Hverfið frá þessum fánýtu goðum til lifandi Guðs.“ (Postulasagan 14:8-15) Hver er hinn „lifandi Guð“ sem skapaði alla hluti? — Já, það er Jehóva, „hinn hæsti yfir allri jörðunni“. Jesús kallaði Jehóva „hinn eina sanna Guð“. Hver er þá sá eini sem verðskuldar tilbeiðslu? — Já, það er Jehóva. — Sálmur 83:19; Jóhannes 17:3; Opinberunarbókin 4:11.

Flestir tilbiðja aðra guði en „hinn eina sanna Guð“. Þeir tilbiðja oft hluti sem þeir smíða úr tré, steini eða málmi. (2. Mósebók 32:4-7; 3. Mósebók 26:1; Jesaja 44:14-17) Stundum er frægt fólk jafnvel dýrkað og kallað stjórnur eða goð. Er rétt að upphefja fólk þannig? —

Eftir að Sál varð postuli og fékk nafnið Páll, skrifaði hann: „Guð þessarar aldar hefur blindað huga hinna vantrúuðu.“ (2. Korintubréf 4:4) Hver er þessi guð? — Já, Satan djöfullinn. Satan hefur tekist að fá marga til að tilbiðja fólk og hluti.



***Hvers vegna vildu Páll og Barnabas
ekki að fólkið félli fram fyrir þeim?***

Hvað sagði Jesús þegar Satan reyndi að fá hann til að tilbiðja sig? — „Drottin, Guð þinn, skalt þú tilbiðja og þjóna *honum einum*.“ (Matteus 4:10) Jesús tók skýrt fram að það eigi ekki að tilbiðja neinn nema Jehóva. Við skulum lesa um þrjá unga menn sem vissu þetta. Þeir hétu Sadrak, Mesak og Abed-Negó og voru Hebrear.

Þessir ungu menn voru af þjóð Guðs, Ísrael, og höfðu verið hernumdir til Babýlonar. Nebúkadnesar, konungur Babýlonar, reisti risastórt líkneski úr gulli. Síðan skipaði hann öllum að falla fram fyrir líkneskinu þegar tónlist yrði leikin. Hann aðvaraði: „Hver sá sem fellur ekki fram og tilbiður, honum verður kastað inn í brennandi eldsofn.“ Hvað hefðir þú gert? —



*Hvers vegna vilja þessir
menn ekki falla fram
fyrir líkneskinu?*

Sadrak, Mesak og Abed-Negó gerðu yfirleitt allt sem konungurinn fyrirskipaði. En þetta vildu þeir ekki gera. Veistu hvers vegna? — Vegna þess að í lögum Guðs var sagt: ‚Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig. Þú skalt engin líkneski gera þér og ekki tilbiðja þau.‘ (2. Mósebók 20: 3-5) Sadrak, Mesak og Abed-Negó hlýddu því frekar lögum Guðs en skipun konungsins.

Konungurinn reiddist ákaflega og lét sækja ungu Hebreana þrjá. Hann spurði: ‚Er það af ásettu ráði að þið dýrkið ekki minn guð? Ég gef ykkur annað tækifæri. Um leið og þið heyr-ið tónlistina skuluð þið falla fram og tilbiðja líkneskið sem ég hef gert. Ef þið gerið það ekki verður ykkur kastað í brenn-andi eldsofn, og hvaða guð getur frelsað ykkur úr mínum höndum?‘

Hvað gerðu ungu mennirnir? Hvað hefðir þú gert? — Þeir sögðu við konunginn: ‚Guð okkar, sem við dýrkum, getur frelsað okkur. En þótt hann geri það ekki munum við ekki dýrka þína guði. Við munum ekki falla fram fyrir gulllíkneskinu þínu.‘


Konungurinn varð bálreiður. Hann fyrirskipaði: „Kyndið ofninn sjöfalt heitara en venjulega!“ Síðan sagði hann sterkum hermönnum að binda Sadrak, Mesak og Abed-Negó og kasta þeim í ofninn. Ofninn var svo heitur að eldsloginn varð mönnum konungs að bana. En hvernig fór fyrir Hebreunum þrem?

Sadrak, Mesak og Abed-Negó lentu beint í eldinum. En síðan stóðu þeir upp. Þeir voru ómeiddir. Og þeir voru lausir við böndin. Hvernig gat þetta gerst? — Konungurinn varð hræddur þegar hann leit inn í ofninn. „Köstuðum við ekki þremur mönnum í eldinn?“ spurði hann. „Jú, vissulega, konungur,“ svöruðu þjónar hans.

Þá sagði konungurinn: „Ég sé fjóra menn ganga þar um án þess að eldurinn skaði þá.“ Veistu hver sá fjórði var? — Það var engill Jehóva. Hann verndaði Hebreana þrjá þannig að ekkert kom fyrir þá.

Þegar konungurinn sá þetta fór hann að dyrum ofnsins og kallaði: „Sadrak, Mesak og Abed-Negó,

Hvernig bjargaði Jehóva þjónum sínum úr eldsofninum?





**Hvaða skurðgoð
dýrkar fólk
nú á dögum?**

þjónar hins hæsta Guðs, gangið út og komið hingað!“ Þegar þeir komu út sáu allir að þeir höfðu ekki brennst. Það var ekki einu sinni brunalykt af þeim. Þá sagði konungurinn: „Lofaður sé Guð Sadraks, Mesaks og Abed-Negós sem sendi engil til að frelsa þjóna sína af því að þeir vildu ekki tilbiðja neinn annan guð en sinn Guð.“ — Daníel, 3. kafli.

Við getum dregið lærdóm af því sem gerðist þarna. Nú á dögum tilbiður fólk alls konar hluti eins og líkneski og myndir. Alfræðibók segir: „Fáninn er heilagur líkt og krossinn.“ (*The Encyclopedia Americana*) Fólk tilbiður hluti úr tré, steini, málmi eða taui. Fyrstu lærisveinar Jesú tilbáðu ekki rómverska keisarann. Sagnfræðingurinn Daniel P. Mannix segir að það sé sambærilegt við það að neita að hylla fánann eða syngja þjóðsönginn.

Heldurðu að það skipti Guð einhverju máli hvort við búum til myndir eða líkneski úr taui, tré, steini eða málmi? — Væri rétt af þjóni Jehóva að tilbiðja slíka hluti? — Sadrak, Mesak og Abed-Negó gerðu það ekki og Jehóva var ánægður með þá. Hvernig geturðu líkt eftir þeim? —

Þeir sem þjóna Jehóva mega *hworki* tilbiðja aðra persónu né nokkra hluti. Þú getur lesið um þetta í Jósúabók 24:14, 15, 19-22; Jesaja 42:8; 1. Jóhannesarbréfi 5:21 og Opínberunarbókinni 19:10.

HVERJUM ÁTT ÞÚ AÐ HLÝÐA?

STUNDUM er erfitt að vita hverjum maður á að hlýða. Mamma þín eða pabbi segja þér kannski að gera eitt en kennari eða lögregluþjónn segja þér að gera annað. Hverjum áttu þá að hlýða? —

Í 7. kafla bókarinnar lásum við úr Biblíunni Efesusbréfið 6: 1-3. Þar segir að börn eigi að hlýða foreldrum sínum. „Hlýðið foreldrum yðar *vegna Drottins*,“ segir í versinu. Veistu hvað það þýðir fyrir börn að hlýða foreldrum sínum „*vegna Drottins*“? — Það þýðir að börn eiga að hlýða því sem þau læra af foreldrum sínum um lög Guðs.

En sumir sem eru eldri en þú trúu ekki á Jehóva. Kannski segja þeir að það sé í lagi að svindla á prófi í skólanum eða taka vörur úr búð án þess að borga fyrir þær. Er þá allt í lagi að barn svindli eða steli? —

Manstu þegar Nebúkadnesar konungur skipaði öllum að tilbiðja gulllíkneskið og Sadrak, Mesak og Abed-Negó neituðu að tilbiðja það? — Veistu af hverju þeir neituðu að gera það? — Af því að Biblían segir að við eigum ekki að tilbiðja neinn nema Jehóva. — 2. Mósebók 20:3; Matteus 4:10.

Eftir dauða Jesú voru postularnir leiddir fyrir æðstaráðið sem var helsti trúardómstóll Gyðinga. Kaífas, æðsti prestur,

sagði: „Við bönnuðum ykkur stranglega að kenna í nafni Jesú en þið eruð búnir að fylla Jerúsalem með kenningu ykkar.“ Af hverju hlýddu postularnir ekki æðstaráðinu?

Hvað er Pétur að segja við Kaífas?



— Pétur talaði fyrir hönd allra postulanna þegar hann svaraði Kaífas: „Framar ber að hlýða Guði en mönnum.“ — Postulasagan 5:27-29.

Trúarleiðtogar Gyðinga voru mjög valdamiklir. En land þeirra var undir stjórn Rómaveldis og æðsti stjórnandinn var kallaður keisari. Jafnvel þótt Gyðingar hafi ekki viljað láta keisarann stjórna sér gerðu rómversku stjórnvöldin margt gott fyrir fólk-ið. Stjórnvöld gera líka margt

gott fyrir þegna sína nú á tímum. Geturðu nefnt einhver dæmi? —

Stjórnvöld leggja vegi og borga lögreglu- og slökkviliðsmönnum kaup fyrir að vernda okkur. Þau sjá börnum og unglingum fyrir menntun og öldruðum fyrir heilbrigðisþjónustu. Allt þetta kostar peninga. Veistu hvaðan stjórnvöld fá peningana? — Frá fólkinu. Peningarnir, sem fólk borgar þeim, eru kallaðir skattar.

Þegar kennarinn mikli var á jörðinni voru margir Gyðingar á móti því að borga rómversku stjórninni skatta. Dag einn fengu prestarnir nokkra menn til að spyrja Jesú spurningar því að þeir ætluðu að reyna að koma honum í klandur. Þeir spurðu: „Þurfum við að borga keisaranum skatt eða ekki?“ Þetta var lúmsk spurning. Ef Jesús hefði sagt að þeir þyrftu að borga skatt hefðu margir Gyðingar orðið ósáttir við það. En Jesús gat ekki sagt að þeir þyrftu ekki að borga skatt af því að það hefði verið rangt.

Hverju svaraði Jesús þá? Hann sagði: „Sýnið mér pening.“ Þeir færðu honum pening og hann spurði: „Hvers mynd og nafn er á peningnum?“ „Keisarans,“ svöruðu mennirnir. Þá sagði Jesús: „Gjaldið þá keisaranum það sem keisarans er og Guði það sem Guðs er.“ — Lúkas 20:19-26.

Enginn gat fundið neitt að þessu svari. Þar sem keisarinn gerði ýmislegt fyrir fólk var rétt að nota peningana, sem hann hafði látið gera, til að borga fyrir það. Þannig sýndi Jesús fram á

Hvernig svaraði Jesús lúmskri spurningu þessara manna?



að það er rétt að borga yfirvöldum skatt fyrir það sem við fáum frá þeim.

Þó að þú sért ekki nógu gamall eða gömul til að borga skatt er samt eitt sem þú átt að gera fyrir yfirvöldin. Veistu hvað það er? — Þú átt að hlýða lögum þeirra. Biblían segir: ‚Verið yfirvöldum hlýðin.‘ Yfirvöldin eru opinberir stjórnendur í landinu. Það er því Guð sem segir að við eigum að hlýða lögunum sem yfirvöld setja. — Rómverjabréfið 13:1, 2.

Segjum að bannað sé með lögum að henda rusli á götuna. Áttu að hlýða þeim lögum? — Já, Guð vill að þú hlýðir þeim. Áttu að hlýða lögreglunni líka? — Yfirvöldin borga lögreglunni fyrir að vernda fólk. Þegar við hlýðum henni erum við að hlýða yfirvöldum.

Hvað áttu þá að gera ef þú ætlar að fara yfir götu en lögregluþjónn segir þér að bíða? — Kannski fara aðrir yfir götuna þótt lögreglan hafi sagt þeim að bíða. En ættir þú að gera það líka? — Nei, þú ættir að bíða jafnvel þótt enginn annar bíði. Guð segir þér að hlýða.

Segjum að það sé hættuástand í hverfinu og lögreglan segi fólki að vera heima og fara ekki út. En þá heyrirðu kannski hróp og köll og verður forvitinn. Ættirðu að fara út til að athuga hvað sé að gerast? — Værirðu þá að hlýða yfirvöldum? —

Yfirvöldin byggja líka skóla og greiða kennurum laun. Heldurðu að Guð vilji að þú hlýðir kennurum? — Veltu því aðeins fyrir þér. Yfirvöldin borga þeim fyrir að kenna alveg eins og þau borga lögreglunni fyrir að vernda fólk. Að hlýða kennurum og lögreglunni er því það sama og að hlýða yfirvöldum.



Hvers vegna eigum við að hlýða lögreglunni?

En hvað áttu að gera ef kennari segir að þú eigir að heiðra einhvers konar líkneski? — Hebrearnir þrír tilbáðu ekki líkneskið jafnvel þótt Nebúkadnesar konungur segði þeim að gera það. Manstu af hverju þeir neituðu að tilbiðja það? — Það var af því að þeir vildu ekki óhlýðnast Guði.

Sagnfræðingurinn Will Durant skrifaði um frumkristna menn og sagði að „æðsta hollusta þeirra hafi ekki verið bundin við keisarann“. Sú hollusta tilheyrði Jehóva! Mundu því að við eigum að setja Guð framar öllu öðru í lífinu.

Við hlýðum yfirvöldum af því að Guð vill að við gerum það. En hverju eigum við að svara ef okkur er sagt að gera eitthvað sem Guð hefur bannað okkur að gera? — Við eigum að svara eins og postularnir sem sögðu við æðsta prestinn: „Framar ber að hlýða Guði en mönnum.“ — Postulasagan 5:29.

Biblían kennir okkur að virða lögin. Lestu það sem stendur í Matteusi 5:41; Títusarbréfinu 3:1 og 1. Pétursbréfi 2:12-14.

ER GUÐ ÁNÆGÐUR MEÐ ALLAR VEISLUR?


FINNST þér gaman að fara í veislu? — Það getur verið mjög skemmtilegt. Heldurðu að kennarinn mikli vilji að við förum í veislur? — Hann fór sjálfur í brúðkaupsveislu og nokkrir lærisveinar fóru með honum.

Jehóva er ‚hinn sæli Guð‘ og þess vegna er hann ánægður þegar við skemmtum okkur vel í góðum veislum. — 1. Tímóteusarbréf 1:11, *Biblían* 1912; Jóhannes 2:1-11.

Á blaðsíðu 29 í þessari bók er sagt frá því þegar Jehóva klauf Rauðahafið svo að Ísraelsmenn kæmust yfir. Manstu eftir því? — Eftir á söng fólkið og dansaði og þakkaði Jehóva. Þetta var eins konar veisla. Fólkið var mjög ánægt og við getum verið viss um að Guð var líka ánægður. — 2. Mósebók 15:1, 20, 21.

Um það bil 40 árum seinna fóru Ísraelsmenn í aðra mikla veislu. Í þetta sinn voru gestgjafarnir ekki tilbiðjendur Jehóva. Þeir tilbáðu aðra guði og höfðu kynmök við aðra en maka sína. Heldurðu að það hafi verið í lagi að fara í slíka veislu? — Jehóva var ekki ánægður og hann refsaði Ísraelsmönnum. — 4. Mósebók 25:1-9; 1. Korintubréf 10:8.

Af hverju var Jehóva ánægður með þessa veislu?



Biblían segir líka frá tveimur afmælisveislum. Var önnur hvor þeirra til að halda upp á afmæli kennarans mikla? — Nei, báðar afmælisveislurnar voru haldnar fyrir menn sem þjónuðu ekki Jehóva. Önnur þeirra var haldin fyrir Heródes Antípas konung. Hann var fjórðungsstjóri í Galíleu þegar Jesús bjó þar.

Heródes konungur gerði margt slæmt. Hann kvæntist konu bróður síns. Hún hét Heródías. Jóhannes skírari, sem var þjónn Guðs, sagði Heródesi að það væri rangt. Það líkaði Heródesi illa og þess vegna lét hann varpa Jóhannesi í fangelsi. — Lúkas 3: 19, 20.

Á meðan Jóhannes var í fangelsinu rann afmælisdagur Heródesar upp. Heródes hélt mikla veislu og bauð mörgu háttsettu fólki. Gestirnir borðuðu og drukku og skemmtu sér vel. Síðan kom dóttir Heródíasar og dansaði fyrir gestina. Allir voru svo hrifnir af dansinum að Heródes konungur ákvað að gefa henni sérstaka gjöf. Hann sagði við hana: „Hvað sem þú biður um, það mun ég gefa þér, allt að helmingi ríkis míns.“

Hvað gerðist í afmælisveislu Heródesar?



Um hvað átti hún að biðja? Átti hún að biðja um peninga, falleg föt eða höll? Stúlkan vissi ekki hvað hún átti að segja. Þess vegna fór hún til Heródíasar, móður sinnar, og spurði: „Um hvað á ég að biðja?“

Heródías hataði Jóhannes skírara. Þess vegna sagði hún dóttur sinni að biðja um höfuð hans. Stúlkan fór aftur til konungsins og sagði: „Gefðu mér þegar í stað höfuð Jóhannesar skírara á fati.“

Heródes konungur vildi ekki taka Jóhannes af lífi vegna þess að hann vissi að Jóhannes var góður maður. En hann hafði gefið stúlkunni loforð og var hræddur við hvað öðrum í veislunni myndist um hann ef hann skipti um skoðun. Hann sendi því mann í fangelsið til að hálshöggva Jóhannes. Stuttu seinna kom maðurinn aftur með höfuð Jóhannesar á fati. Hann færði stúlkunni höfuðið og hún lét móður sína fá það. — Markús 6:17-29.

Hin afmælisveislan, sem Biblían segir frá, var ekkert skárri. Hún var haldin fyrir Egyptalandskonung. Í þeirri veislu lét konungurinn líka hálshöggva mann. Síðan hengdi hann lík

Af hverju getur Jesús ekki hafa fæðst 25. desember?



mannsins upp svo að fuglarnir gætu étið það. (1. Mósebók 40:19-22) Heldurðu að Guð hafi verið ánægður með þessar tvær veislur? — Hefðir þú viljað vera í þeim? —

Við vitum að allt í Biblíunni er skrifað í ákveðnum tilgangi. Hún segir bara frá tveimur afmælisveislum og í þeim báðum voru unnin mikil vonskuverk. Hvað heldurðu að Guð sé að segja okkur um afmælisveislur? Vill hann að við höldum upp á afmæli? —

Auðvitað er enginn hálshöggvinn í afmælisveislum nú á dögum. En sá siður að halda upp á fæðingardaga byrjaði hjá fólki sem tilbað ekki hinn sanna Guð. Alfræðiorðabók segir um afmælisveislurnar í Biblíunni: „Aðeins syndarar . . . halda fagnaðarveislur á fæðingardegi sínum.“ (*The Catholic Encyclopedia*) Viljum við vera eins og þeir? —

En hvað með kennarann mikla? Hélt hann upp á afmælið sitt? — Nei, Biblían minnst aldrei á að afmælisveislur hafi verið haldnar fyrir Jesú. Fyrstu fylgjendur hans héldu ekki heldur fæðingardag hans hátíðlegan. Veistu af hverju fólk ákvað seinna að halda upp á fæðingardag Jesú 25. desember? —

Eins og segir í annarri alfræðiorðabók var þessi dagur valinn af því að „Rómverjar héldu hann þegar hátíðlegan því að þá var Satúrnusarhátíðin eða fæðingardagur sólarinnar“. (*The World Book Encyclopedia*) Fólk ákvað sem sagt að halda upp á fæðingardag Jesú á degi sem heiðingjar héldu þegar hátíðlegan.

Veistu af hverju Jesús getur ekki hafa fæðst í desember? — Af því að Biblían segir að þegar hann fæddist hafi fjárhirðar enn þá verið með hjarðirnar úti í haga á næturnar. (Lúkas 2:8-12) Það gátu þeir ekki gert í desember því að þá er kalt og oft rigning á þessu svæði.

Margir vita að Jesús fæddist ekki á jólunum. Þeir vita jafnvel að á þessum degi héldu heiðingjar hátíð sem Guð hafði ekki velþóknun á. Margir halda jól þrátt fyrir það. Þeir hafa meiri áhuga á því að halda veislu en að vita hvað Jehóva segir um mál-ið. En við viljum þóknast Jehóva, er það ekki? —

Við skulum því ganga úr skugga um að Jehóva sé ánægður með þær veislur sem við höldum. Við getum haldið veislu á hvaða árs-tíma sem er. Við þurfum ekki að bíða eftir sérstökum degi. Við get-um borðað góðan mat og farið í skemmtilega leiki. Væri það ekki gaman? — Þú gætir kannski talað við foreldra þína og beðið þá um að hjálpa þér að skipuleggja slíka veislu. Heldurðu ekki að það gæti verið skemmtilegt? — En áður en þú skipuleggur veislu skaltu vera viss um að þetta sé veisla sem Guð er ánægður með.

Eftirfarandi ritningarstaðir sýna okkur hversu mikilvægt er að gera alltaf það sem Guð hefur velþóknun á. Orðskviðirnir 12:2; Jóhannes 8:29; Rómverjabréfið 12:2; 1. Jóhannesarbréf 3:22.

Hvernig getum við gengið úr skugga um að Guð sé ánægður með veislurnar okkar?



HVERNIG GETUM VIÐ SIGRAST Á ÓTTA?

FINNST þér auðvelt að þjóna Jehóva? — Kennarinn mikli sagði að það yrði ekki auðvelt. Nóttina áður en hann var tekinn af lífi sagði hann við postulana: „Ef heimurinn hatar ykkur þá vitið að hann hefur hatað mig fyrr en ykkur.“ — Jóhannes 15:18.

Pétur gortaði af því að hann myndi aldrei yfirgefa Jesú en Jesús sagði að þessa sömu nótt myndi Pétur neita því þrisvar sinnum að hann þekkti hann. Það var einmitt það sem Pétur gerði! (Matteus 26:31-35, 69-75) En hvernig í ósköpunum gat þetta gerst? — Það gerðist vegna þess að Pétur og hinir postularnir urðu hræddir.

Veistu af hverju postularnir urðu hræddir? — Þeir gleymdu einu sem var mjög mikilvægt. Ef við kynnum okkur það sem gerðist getur það hjálpað okkur að þjóna Jehóva sama hvað aðrir segja eða gera okkur. En fyrst þurfum við að skoða hvað gerðist síðustu nóttina sem Jesús var með postulunum.

Þeir byrja á því að halda páskana saman. Páskahátíðin var haldin árlega og þá var borðuð sérstök máltíð sem átti að minna þjóð Guðs á að hann frelsaði hana úr þrælkun í Egyptalandi. En síðan innleiðir Jesús nýja máltíð og býður postulunum að taka þátt í henni. Við ræðum nánar um þessa máltíð seinna í bókinni og skoðum hvernig hún hjálpar okkur að minnast Jesú. Eftir þessa nýju máltíð og eftir að hafa hughreyst postulana fer Jesús með þá

í Getsemanegarðinn sem þeir þekkja vel og er einn af uppáhalds-stöðunum þeirra.

Í garðinum fer Jesús afsíðis til að biðjast fyrir. Hann segir Péttri, Jakobi og Jóhannesi að biðja líka en þeir sofna. Þrisvar sinnum fer Jesús afsíðis til að biðjast fyrir og þrisvar sinnum kemur hann til baka og finnur Pétur og hina sofandi. (Matteus 26:36-47) Veistu af hverju þeir hefðu átt að vaka og biðja? — Við skulum skoða það aðeins betur.

Fyrr um kvöldið hafði Júdas Ískariót borðað páskamáltíðina með Jesú og hinum postulunum. Þú manst kannski að Júdas var orðinn þjófur. En núna gerist hann svikari. Hann veit að Jesús og postularnir hafa oft hist á ákveðnum stað í Getsemanegarðinum og fer þangað með hermenn til að handtaka hann. Jesús spyr þegar þeir koma: „Að hverjum leitið þið?“

„Að Jesú,“ svara hermennirnir. En Jesús er ekki hræddur og segir því: „Ég er hann.“ Hermennirnir eru svo hissa á því hversu hugrakkur Jesús er að þeir hörfa og falla til jarðar. Þá segir Jesús: „Ef þið eruð að leita að mér leyfið þá postulunum að fara.“ — Jóhannes 18:1-9.

Þegar hermennirnir handtaka Jesú og binda hann verða postularnir hræddir og flýja. En Pétur og Jóhannes vilja vita hvað verður um Jesú og fara í humáttina á eftir þeim. Jesús er síðan fluttur heim til Kaífasar æðsta prests. Jóhannes þekkir æðsta prestinn og honum er því hleypt inn í hallargarðinn.

Prestarnir eru komnir heim til Kaífasar til þess að halda réttarhöld. Þeir vilja að Jesús verði dæmdur til dauða. Þess vegna kalla þeir fram vitni sem ljúga ýmsu upp á Jesú. Fólkið lemur hann og slær hann utan undir. En á meðan þetta gerist er Pétur ekki langt undan.



Hvers vegna hefðu Pétur, Jakob og Jóhannes átt að vaka?

Þjónustustúlkan, sem gætti dyranna og hleypti Pétri og Jóhannesi inn, tekur eftir Pétri. „Þú varst líka með Jesú,“ segir hún. En Pétur segist ekki einu sinni þekkja Jesú. Stuttu síðar kannast önnur stúlka við Pétur og segir við fólkið í kring: „Þessi var með Jesú.“ Aftur segist hann ekki þekkja Jesú. Nokkru seinna kemur hópur fólks auga á Pétur og segir við hann: „Víst ertu líka einn af þeim.“ Í þriðja skiptið neitar hann því og segist „ekki þekkja manninn“. Pétur sver jafnvel að hann sé að segja satt. Í sömu andrá snýr Jesús sér við og lítur á hann. — Matteus 26:57-75; Lúkas 22:54-62; Jóhannes 18:15-27.

Veistu hvers vegna Pétur laug? — Já, það var vegna þess að hann var hræddur. En af hverju var hann hræddur? Hvað hafði hann gleymt að gera til að byggja upp hugrekki? Hugsaðu þig að eins um. Hvað hafði Jesús gert til að fá hugrekki? — Hann hafði beðið til Guðs og Guð hjálpaði honum að vera hugrakkur. Og mundu að Jesús hafði sagt Pétri þrisvar sinnum að vaka og biðja. En hvað gerðist? —



*Hvers vegna varð Pétur svo hræddur
að hann sagðist ekki þekkja Jesú?*

Pétur sofnaði í öll skiptin. Hann bað hvorki til Guðs né hélt sér vakandi. Þess vegna kom það honum á óvart þegar Jesús var handtekinn. Og þegar fólkið lamdi Jesú við réttarhöldin og lagði á ráðin um að drepa hann varð Pétur hræddur. En við hverju hafði Jesús sagt postulunum aðeins nokkrum klukkustundum áður að þeir mættu búast? — Hann hafði sagt þeim að heimurinn myndi hata þá eins og heimurinn hafði hatað hann.

Hugleiðum nú hvað gæti komið fyrir okkur svipað því sem kom fyrir Pétur. Segjum að þú sért í skólanum og krakkarnir í bekknum fara að tala illa um þá sem halda ekki jól og



*Hvernig gætirðu lent
í svipaðri aðstöðu og Pétur?*

afmæli. Einhver þeirra snýr sér að þér og spyr: „Er það satt að þú haldir ekki jól?“ Og hinir spyrja kannski: „Heldurðu ekki einu sinni upp á afmæli?“ Myndirðu þora að segja þeim sannleikann? — Myndirðu kannski freistast til að segja ósatt eins og Pétur? —

Eftir á varð Pétur mjög leiður yfir því að hafa ekki viðurkennt að hann þekkti Jesú. Þegar hann áttaði sig á því hvað hann hafði gert fór hann út og grét. Já, hann iðraðist og hélt áfram að fylgja Jesú. (Lúkas 22:32) En hugsaðu aðeins um þetta. Hvað getur hjálpað okkur að vera óhrædd svo að við förum ekki að ljúga eins og Pétur? — Mundu að Pétur hélt sér hvorki vakandi né bað til Guðs. Hvað þurfum við þá að gera til að vera fylgjendur kennarans mikla? —

Við verðum auðvitað að biðja Jehóva um hjálp. Veistu hvað Guð gerði fyrir Jesú þegar hann bað til hans? — Hann sendi engil til að styrkja hann. (Lúkas 22:43) Geta englar Guðs hjálpað okkur? — Biblían segir: „Engill Drottins setur vörð kringum þá er óttast hann, og frelsar þá.“ (Sálmur 34:8) En til að fá hjálp frá Guði verðum við að gera meira en aðeins að biðja um hana. Veistu hvað annað við þurfum að gera? — Jesús sagði postulunum að vaka. Hvernig heldurðu að við getum gert það? —

Við verðum að hlusta vandlega á það sem kemur fram á safnaðarsamkomunum og taka vel eftir því sem við lesum í Biblíunni. En við verðum líka að biðja reglulega til Jehóva og biðja hann um að hjálpa okkur að þjóna sér. Ef við gerum það fáum við hjálp til að sigrast á því sem við óttumst. Þá verðum við líka ánægð þegar við fáum tækifæri til að segja öðrum frá kennaranum mikla og föður hans.

Eftirfarandi ritningarstaðir geta hjálpað okkur að vera ekki svo hrædd við aðra að við þorum ekki að gera rétt: Orðskviðirnir 29:25; Jeremía 26:12-15, 20-24 og Jóhannes 12:42, 43.

HVAR FÁUM VIÐ HUGGUN?

ERTU stundum niðurdreginn og einmana? — Veltirðu því stundum fyrir þér hvort einhverjum þyki vænt um þig? — Sum börn gera það. En Guð lofar: „Ég gleymi þér ekki.“ (Jesaja 49:15) Er ekki yndislegt að hugsa um það? — Já, Jehóva Guð elskar okkur mjög heitt.

Biblíuritari nokkur sagði: „Enda þótt faðir minn og móðir hafi yfirgefið mig, tekur Drottinn mig að sér.“ (Sálmur 27:10) Það getur verið mjög huggandi að vita þetta, finnst þér það ekki? — Jehóva segir okkur: „Óttast þú ekki því að ég er með þér. . . . Ég hjálpa þér.“ — Jesaja 41:10.

En stundum leyfir Jehóva Satan að gera okkur lífið leitt. Hann leyfir honum jafnvel að leggja prófraunir á þjóna sína. Satan djöfullinn lét Jesú einu sinni þjást svo mikið að Jesús kallaði til Jehóva: „Guð minn, Guð minn, hvers vegna hefur þú yfirgefið mig?“ (Matteus 27:46) Þó að Jesús fyndi til vissi hann að Jehóva elskaði hann. (Jóhannes 10:17) En Jesús vissi líka að Guð leyfir Satan að leggja prófraunir á þjóna sína og valda þeim þjáningum. Seinna í bókinni verður útskýrt hvers vegna Guð leyfir Satan að gera þetta.

Þegar maður er lítill þarf ekki mikið til að gera mann hræddan. Hefurðu einhvern tíma týnst? — Hvernig leið þér? — Mörg börn yrðu hrædd. Kennarinn mikli sagði einu sinni sögu um það að vera týndur. En það var ekki barn sem týndist heldur sauðkind.

*Hvernig heldurðu að þessum
litla týnda sauði líði?*

Á vissan hátt ert þú eins og þessi týndi sauður. Hvernig þá? Sauðfé er ekki mjög stórt og sterkt. Og einhver þarf að annast sauðina og vernda þá. Sá sem gerir það kallast fjárhirðir.

Í sögunni sagði Jesús frá fjárhirði sem átti hundrað sauði. En síðan týndist einn þeirra. Kannski vildi hann bara sjá hvað var hinum megin við hæðina. En eftir smástund var hann kominn langt frá hinum. Geturðu ímyndað þér hvernig þessum sauði hefur liðið þegar hann leit í kringum sig og sá að hann var aleinn? —

Hvað ætli fjárhirðirinn hafi gert þegar hann uppgötvaði að það vantaði einn sauð? Ætli hann hafi hugsað sem svo að þetta væri allt sauðnum sjálfum að kenna og að hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af honum? Eða myndi hann skilja alla hina 99 sauðina eftir á öruggum stað og leita að þessum eina? Væri einn sauður það mikils virði? — Myndirðu vilja að fjárhirðirinn leitaði að þér ef þú værir þessi týndi sauður? —

Fjárhirðinum þótti afar vænt um sauðina sína, jafnvel þann sem var týndur. Hann fór því að leita að honum.



Hugsaðu þér hvað týndi sauðurinn hlýtur að hafa verið glaður þegar hann sá fjárhirðinn koma. Og Jesús sagði að fjárhirðirinn hefði fagnað því að finna sauðinn. Hann gladdist meira yfir honum en hinum 99 sem týndust ekki. Hver er eins og fjárhirðirinn í sögu Jesú? Hverjum þykir jafnvænt um okkur og fjárhirðinum um sauðina? — Jesús sagði að föður sínum á himnum þætti svona vænt um okkur. Og faðir hans er Jehóva.

Jehóva Guð er hinn mikli fjárhirðir. Hann annast fólk sitt. Honum þykir vænt um alla sem þjóna honum, og það á líka við um börn eins og þig. Hann vill ekki að nokkurt okkar slasist eða farist. Já, það er mjög gott að vita að Jehóva skuli þykja svona vænt um okkur. — Matteus 18:12-14.

Hver er eins og fjárhirðirinn sem bjargaði sauði sínum?



Trúirðu á Jehóva Guð? — Hugsarðu um hann sem raunverulega persónu? — Við getum auðvitað ekki séð Jehóva vegna þess að hann er andi. Hann hefur líkama sem við sjáum ekki.

En hann er raunveruleg persóna og hann getur séð okkur. Hann veit hvenær við þurfum á hjálp að halda. Og við getum talað við hann í bæn alveg eins og við tölum við annað fólk. Jehóva vill að við gerum það.

Hvað ættirðu þá að gera ef þú ert niðurdreginn eða einmana? — Talaðu við Jehóva. Styrktu sambandið við hann og þá mun hann hugga þig og hjálpa þér. Mundu að Jehóva þykir vænt um þig þó svo að þér finnist þú vera aleinn. Við skulum ná í Biblíuna. Í Sálmi 23 er sagt í fyrsta og öðru versinu: „Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert breyta. Á grænum grundum lætur hann mig hvílast, leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.“

Sjáðu hverju ritarinn bætir við í fjórða versinu: „Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér, sproti þinn og stafur hugga mig.“ Þannig líður þeim sem eiga Jehóva að Guði. Þeir fá huggun þegar þeir eiga erfitt. Líður þér þannig? —

Jehóva er eins og ástríkur hirðir sem annast fólk sitt vel. Hann vísar fólki sínu rétta veginn og það fylgir honum fúslega. Það þarf ekki að vera hrætt, jafnvel þegar ófriður er allt í kring. Fjárhirðir notar stafinn sinn til að vernda sauðina fyrir dýrum



Er Jehóva þér eins raunverulegur og pabbi þinn eða einhver önnur manneskja?

sem gætu gert þeim mein. Biblían segir frá því hvernig Davíð, sem var ungur fjárhirðir, verndaði sauði sína fyrir ljóni og bjarndýri. (1. Samúelsbók 17:34-36) Þjónar Jehóva vita að hann verndar þá líka. Þeir geta fundið til öryggis vegna þess að Guð er með þeim.

Jehóva þykir ákaflega vænt um sauði sína og hann hugsar vel um þá. Biblían segir: ‚Eins og hirðir mun hann halda sauðum sínum til haga og taka unglömbin í faðm sér.‘ — Jesaja 40:11.

Er ekki notalegt að vita að Jehóva er þannig? — Langar þig til að vera einn af sauðum hans? — Sauðir hlusta á rödd fjárhirðisins. Þeir halda sig nærri honum. Hlustar þú á Jehóva? — Heldurðu þig nálægt honum? — Þá þarftu aldrei að hræðast. Jehóva mun vera með þér.

Jehóva þykir vænt um þá sem þjóna honum og hann hugsar vel um þá. Lesum saman hvað Biblían segir um þetta í Sálmi 37:25; 55:23 og Lúkasi 12:29-31.

Hver getur hjálpað okkur þegar við eigum í erfiðleikum, líkt og fjárhirðir sem verndar sauði sína?



JEHÓVA VERNDAÐI JESÚ

JEHÓVA gerir margt til að vernda þá sem eru ungir og varn-
arlausir. Þú getur séð dæmi um það ef þú ert á gangi úti í
móa. En þú skilur kannski ekki strax hvað er á seyði.

Þú sérð fugl koma fljúgandi og setjast á jörðina stutt frá þér.
Hann virðist vera meiddur. Hann dregur annan vænginn eftir
jörðinni og færir sig frá þér þegar þú nálgast. Þú eltir fuglinn en
hann er alltaf rétt á undan þér. Síðan flýgur hann allt í einu í
burtu. Hann var þá ekkert meiddur á vængnum! Veistu hvað
hann var að gera? —

Þetta var ungamma sem var með unga sína í felum í
móanum rétt hjá. Hún var hrædd um að þú fyndir ung-
ana hennar og gerðir þeim mein. Þess vegna þótt-
ist hún vera meidd og lokkaði þig í burtu. Veistu
hver getur verndað okkur eins og ungamma
verndar ungana sína? — Það er Jehóva. Biblían
líkir honum við örn sem verndar ungana sína.
— 5. Mósebók 32:11, 12.



*Hvernig verndar þessi
ungamma ungana sína?*

Af öllum sonum sínum og dætrum þótti Jehóva vænst um Jesú. Þegar Jesús var á himnum var hann máttug andavera eins og faðir hans. Hann gat séð um sig sjálfur. En þegar hann fæddist á jörðinni var hann ósjálfbjarga og þarfnadist verndar.

Jesús þurfti að verða fullorðinn maður til að vilji Guðs með hann næði fram að ganga. En Satan vildi koma í veg fyrir það og reyndi að myrða hann. Það er spennandi að heyra hvernig Jehóva verndaði Jesú þegar reynt var að myrða hann á barnsaldri. Langar þig til að heyra söguna af því? —

Skömmu eftir að Jesús fæðist lætur Satan sjást eitthvað á himninum í Austurlöndum sem líkist stjörnu. Menn, sem eru kallaðir vitringar eða stjörnuspekingar, elta þessa stjörnu hundruð kílómetra alla leið til Jerúsalem. Þegar þeir eru komnir þangað spyrja þeir hvar konungur Gyðinga eigi að fæðast. Biblíufróðir menn eru spurðir um þetta og þeir svara: „Í Betlehem.“ — Matteus 2:1-6.

Hvað segir Guð við stjörnuspekingana sem verður til þess að bjarga Jesú?



Í Jerúsalem er vondur konungur sem heitir Heródes. Eftir að hann heyrir um þennan nýja konung, sem hafði nýlega fæðst í nágrannabænum Betlehem, segir hann við stjörnuspekingana: „Farið og finnið barnið og komið svo aftur til mín og látið mig vita.“ Veistu af hverju Heródes vill vita hvar Jesús er? — Það er af því að hann er öfundsjúkur og vill myrða hann!

Hvernig verndar Guð son sinn? — Stjörnuspekingarnir finna Jesú og gefa honum gjafir. Seinna segir Guð þeim í draumi að fara ekki aftur til Heródesar. Þeir fara því aðra leið heim án þess að koma við í Jerúsalem. Heródes verður afar reiður þegar hann kemst að því að stjörnuspekingarnir eru farnir. Hann reynir að myrða Jesú með því að láta drepa alla drengi í Betlehem sem eru yngri en tveggja ára. En Jesús er farinn burt.

Veistu hvernig Jesús kemst undan? — Þegar stjörnuspekingarnir eru farnir segir Jehóva við Jósef, eiginmann Maríu, að þau eigi að flýja alla leið til Egyptalands. Þar er Jesús óhultur fyrir hinum vonða Heródesi. Nokkrum árum seinna koma Jósef, María og Jesús til baka frá Egyptalandi og þá aðvarar Guð Jósef aftur. Hann segir honum í draumi að flytjast til Nasaret þar sem Jesús verði óhultur. — Matteus 2:7-23.



*Hvernig verndaði Guð
drenginn Jesú í annað sinn?*

Sérðu hvernig Jehóva verndaði son sinn? — Hver finnst þér vera eins og ungarnir sem móðirin faldi í móanum eða eins og Jesús þegar hann var smábarn?

Ert það ekki þú? — Sumir vilja líka gera þér mein. Veistu hverjir það eru? —

Biblían segir að Satan sé eins og öskrandi ljón sem vilji gleypa okkur. Satan og illu andarnir ráðast oft á börn alveg eins og ljón ráðast á smádyr. (1. Pétursbréf 5:8) En Jehóva er sterkari en Satan. Hann getur verndað börnin sín og bætt fyrir allt það slæma sem Satan gerir þeim.

Manstu hvað Satan og illu andarnir reyna að fá okkur til að gera eins og kom fram í 10. kafla? — Já, þeir reyna að fá okkur til að hafa kynmök sem Guð bannar. En hverjir mega hafa kynmök? — Já, aðeins fullorðinn maður og kona sem eru hjón.

Því miður er til fullorðið fólk sem vill hafa kynmök við börn. Þegar það gerist geta strákar og stelpur farið að gera ýmislegt slæmt sem þau hafa lært af þessu fullorðna fólki. Þau fara líka að nota kynfærin á rangan hátt. Það gerðist fyrir langa löngu í borginni Sódómu. Biblían segir að mennirnir í Sódómu, „bæði ungir og gamlir“, hafi reynt að hafa kynmök við menn sem heimsóttu Lot. — 1. Mósebók 19:4, 5.

Alveg eins og Jesús þarfnaðist verndar þarft þú vernd gegn fullorðnu fólki, og jafnvel öðrum börnum, sem gætu reynt að hafa kynmök við þig. Yfirleitt þykist þetta fólk vera vinir þínir. Það býðst jafnvel til að gefa þér eitthvað ef þú lofar að segja engum frá því sem það vill gera við þig. En svona fólk er eigingjarnt eins og Satan og illu andarnir og það vill bara láta sér líða vel. Og það reynir að láta sér líða vel með því að hafa kynmök við börn. *Það er alrangt að gera slíkt!*

Hvað ættirðu að segja og gera ef einhver reynir að snerta þig á óviðeigandi hátt?

Veistu hvað svona fólk gæti reynt að gera til að láta sér líða vel? — Það gæti reynt að snerta kynfæri þín eða jafnvel nudda sínum kynfærum upp við þín. En þú ættir aldrei að leyfa neinum að þukla á kynfærum þínum, ekki einu sinni bróður þínum eða systur eða mömmu þinni eða pabba.

Hvernig geturðu verndað líkama þinn gegn fólki sem gerir svona lag-að? — Í fyrsta lagi skaltu aldrei leyfa neinum að þukla á kynfærum þínum. Ef einhver reynir að gera það skaltu segja hátt og skýrt: „Hættu! Ég ætla að segja frá þessu!“ Ef hann segir að þetta sé þér að kenna skaltu ekki trúa honum. Þetta er ekki þér að kenna. Þú verður að segja frá þessu sama hver á hlut að máli! Þú ættir að gera það jafnvel þótt hann segi þér að þetta sé leyndarmál ykkar á milli. Jafnvel þótt hann lofi að gefa þér góðar gjafir eða hóti þér ættirðu að fara burt frá honum og segja frá.

Þú þarft ekki að hræðast en þú þarft að vera varkár. Þú verður að hlusta á foreldra þína þegar þau vara þig við hættulegu fólki og varasömum stöðum. Ef þú gerir það gefurðu ekki vondu fólki færi á að gera þér mein.

Lestu um hvernig þú getur verndað þig gegn kynferðisofbeldi: 1. Mósebók 39:7-12; Orðskviðirnir 4:14-16; 14:15, 16; 1. Korintubréf 6:18 og 2. Pétursbréf 2:14.



JESÚS GETUR VERNDAÐ OKKUR

JEHÓVA verndaði Jesú þegar hann var lítill, eins og við lærðum í síðasta kafla. Heldurðu að Jesús hafi beðið til Jehóva og þakkað honum þegar hann fékk að vita þetta? — Hvað heldurðu að hann hafi sagt við Maríu og Jósef þegar hann komst að raun um að þau höfðu bjargað lífi hans með því að fara með hann til Egyptalands? —

Jesús er auðvitað ekki barn lengur. Hann býr ekki einu sinni á jörðinni eins og hann gerði áður. En hefurðu tekið eftir því að sumir hugsa bara um hann sem lítið barn í jötu? — Um jólaleytið sjáum við til dæmis oft myndir sem eiga að sýna Jesú þegar hann var barn.

Trúirðu að Jesús sé lifandi þótt hann búi ekki lengur á jörðinni? — Já, hann var reistur upp frá dauðum og núna er hann voldugur konungur á himnum. Hvernig heldurðu að hann geti verndað þá sem þjóna honum? — Þegar hann var á jörðinni sýndi hann hvernig hann gat verndað þá sem elskuðu hann. Við skulum athuga hvernig hann fór einu sinni að því þegar hann var á báti með lærisveinum.

Hvernig líturðu á Jesú — sem voldugan konung eða ósjálfbjarga ungarn?

Þetta gerist seinni hluta dags. Jesús er búinn að kenna allan daginn við Galíleuvatn sem er stórt stöðuvatn, um það bil 20 kílómetra langt og 12 kílómetra breitt. Hann segir við lærisveinana: „Förum yfir vatnið.“ Þeir fara um borð í bátinn og sigla af stað. Jesús er mjög þreyttur svo að hann leggst á kodda aftur í skut bátsins. Fljótlega steinsofnar hann.

Lærisveinarnir vaka og stýra bátnum. Í fyrstu gengur allt vel en síðan fer að hvesa. Vindurinn verður sífellt hvassari og öldurnar hærri og hærri. Vatnið skvettist inn í bátinn svo að við liggur að hann fyllist.

Lærisveinarnir eru hræddir um að báturinn sökkvi. En Jesús er ekkert hræddur. Hann sefur í skutnum. Lærisveinarnir vekja hann að lokum og segja: „Kennari, kennari, bjargaðu okkur áður en við deyjum í óveðrinu.“ Þá stendur Jesús á fætur og hrópar á vindinn og öldurnar. Hann segir: „Þegi þú, haf hljótt um þig!“

Samstundis lygnir og vatnið verður stillt. Lærisveinarnir verða steinhissa.

Hvað er Jesús að segja við vindinn og öldurnar?



Þeir hafa aldrei áður séð neitt þessu líkt. Þeir segja hver við annan: „Hver er þessi? Hann skipar bæði vindum og vatni og hvort tveggja hlýðir honum.“ — Lúkas 8:22-25; Markús 4: 35-41.

Veist þú hver Jesús er? — Veistu hvaðan hann fær kraft sinn? — Lærisveinarnir hefðu ekki þurft að vera hræddir á meðan Jesús var með þeim, því að hann var enginn venjulegur maður. Hann gat gert margt stórkostlegt sem enginn annar maður gat gert. Ég skal segja þér frá öðru sem hann gerði þegar stormur var á Galíleuvatni.



Af hverju vann Jesús kraftaverk?

Þetta gerist nokkrum dögum seinna. Það er komið kvöld og Jesús segir lærisveinunum að fara um borð í bátinn og leggja af stað á undan sér yfir vatnið. Síðan fer hann einn upp á fjallið. Þar getur hann beðið til föður síns, Jehóva Guðs, í ró og næði.

Lærisveinarnir fara um borð í bátinn og leggja af stað yfir vatnið. En fljótlega fer að hvesa. Vindurinn færir sífellt í aukana og það er komið fram á nótt. Mennirnir fella seglið og fara að róa. En þeim miðar hægt áfram því að vindurinn blæs á móti þeim. Báturinn kastast til í öldunum og vatnið skvettist inn í bátinn. Mennirnir leggja hart að sér til að komast yfir vatnið en þeir geta það ekki.

Jesús er enn þá einn á fjallinu. Hann hefur verið þar lengi. En núna sér hann að lærisveinarnir eru í hættu staddir í ölduganginum. Hann fer því ofan af fjallinu og gengur niður að vatninu. Hann vill hjálpa lærisveinunum og þess vegna gengur hann til þeirra á vatninu.

Hvað myndi gerast ef þú reyndir að ganga á vatni? — Þú myndir sökkva og þú gætir druknað. En Jesús er ekki eins og við. Hann hefur sérstakan kraft. Hann þarf að ganga lengi til að komast að bátnum. Það er því komið fram undir morgun þegar lærisveinarnir sjá Jesú ganga í átt til þeirra á vatninu. Þeir trúu ekki sínum eigin augum. Þeir eru mjög hræddir og æpa af hræðslu. Þá segir Jesús við þá: „Verið hughraustir, það er ég, verið óhræddir.“


Vindinn lægir um leið og Jesús kemur um borð í bátinn. Lærisveinarnir verða aftur yfir sig undrandi. Þeir falla fram fyrir Jesú og segja: „Sannarlega ert þú sonur Guðs.“ — Matteus 14:22-33; Jóhannes 6:16-21.

Ætli það hafi ekki verið gaman að vera uppi á þessum tíma og sjá Jesú vinna kraftaverk? — Veistu af hverju Jesús gerði þessi kraftaverk? — Hann gerði þau af því að honum þótti vænt um lærisveinana og hann vildi hjálpa þeim. En hann gerði þau líka til að sýna kraftinn sem hann bjó yfir og hann ætlaði nota í framtíðinni sem konungur Guðsríkis.

Nú á dögum notar Jesús kraft sinn oft til að vernda fylgjendur sína því að Satan reynir að koma í veg fyrir að þeir segi öðrum frá ríki Guðs. En Jesús notar ekki kraftinn til að lækna lærisveina sína eða til að koma í veg fyrir að þeir veikist. Postular Jesú dóu meira að segja allir að lokum. Jakob bróðir Jóhannesar var líflátinn og Jóhannes sjálfur var settur í fangelsi. — Postulasagan 12:2; Opínberunarbókin 1:9.

Það er eins nú á dögum. Allir geta veikst og dáið, hvort sem þeir þjóna Jehóva eða ekki. En bráðlega breytist það þegar Jesús stjórnar sem konungur í Guðsríki. Þá þarf enginn að vera hræddur því að Jesús mun nota kraft sinn til að blessa alla sem hlýða honum. — Jesaja 9:6, 7.

Eftirfarandi ritningarstaðir sýna máttinn sem Jesús býr yfir og mun nota þegar hann er konungur í Guðsríki: Danél 7:13, 14; Matteus 28:18; Efesusbréfið 1:20-22.



Hvernig verndar Jesús fylgjendur sína nú á dögum?

HVAÐ GERIST ÞEGAR FÓLK DEYR?

ÞÚ VEIST líklega að fólk eldist, veikist og deyr. Og stundum deyja börn. En ættirðu að óttast dauðann eða dáíð fólk? — Veistu hvað gerist við dauðann? —

Enginn núlifandi maður hefur dáíð og síðan lifnað við til að segja okkur frá því sem gerðist. En þegar Jesús, kennarinn mikli, var á jörðinni gerðist það að maður dó og lifnaði aftur við. Ef við lesum um þennan mann getum við komist að því hvað verður um þá sem deyja. Maðurinn var vinur Jesú og bjó í Betaníu sem er lítill bær skammt frá Jerúsalem. Hann hét Lasarus og átti tvær systur sem hétu Marta og María. Núna skulum við heyra hvað Biblían segir um hann.

Dag einn verður Lasarus mjög veikur. Jesús er langt í burtu þegar það gerist. Marta og María senda því sendiboða til að segja Jesú frá því að bróðir þeirra sé veikur. Þetta gera þær vegna þess að þær vita að Jesús getur læknað hann. Jesús er ekki læknir en hann hefur fengið kraft frá Guði til að lækna alls konar veikindi. — Matteus 15:30, 31.

En Lasarus deyr af veikindum sínum áður en Jesús kemst til hans. Jesús segir lærisveinunum að Lasarus sé sofandi og að hann ætli sjálfur að vekja hann. Lærisveinarnir skilja ekki hvað hann á við með þessu. Þess vegna segir Jesús berum orðum: „Lasarus er dáinn.“ Hvað segir þetta okkur um dauðann?

— Já, þetta segir okkur að dauðinn sé eins og svefn sem er svo djúpur að mann dreymir ekki einu sinni.

Jesús kemur til að hitta Mörtu og Maríu. Vinir systranna eru hjá þeim til að hugga þær af því að bróðir þeirra er dáinn. Marta fer á móti Jesú þegar hún fréttir að hann sé á leiðinni. Stuttu seinna gerir María það sama. María er mjög sorgmædd og grætur og fellur við fætur Jesú. Þeir sem eru henni samferða gráta líka.

Kennarinn mikli spyr fólkið hvar það hafi látið Lasarus. Fólkið leiðir Jesú þá að helli þar sem Lasarus er jarðsettur. Þegar Jesús sér alla gráta fer hann líka að gráta. Hann veit hversu sárt er að missa ástvin í dauðann.

Stór steinn stendur fyrir hellisopinu. „Takið steinninn frá!“ segir Jesús. Ætti fólkið að gera það? — Mörtu líst ekkert á það. Hún segir: „Herra, það er komin nálykt af honum, það er komið á fjórða dag.“

En Jesús segir við hana: „Sagði ég þér ekki: „Ef þú trúir, munt þú sjá dýrð Guðs?“ Með þessu er Jesús að segja að Marta eigi eftir að sjá nokkuð sem verður Guði til lofs. Hvað ætlar Jesús að gera? Þegar steinninn er færður frá biður hann upphátt til Jehóva. Síðan kallar hann hárri röddu: „Lasarus, kom út!“ Ætli hann komi út? Getur hann það? —

Getur þú vakið sofandi manneskju? — Já, ef þú kallar hátt vaknar hún. En geturðu vakið þann sem sefur dauðasvefni? — Nei, það er ekki hægt. Sá sem er dáinn heyrir ekki þó að þú kallir og þá skiptir engu máli hversu hátt þú kallar. Hvorki ég, þú né nokkur annar á jörðinni getur vakið þá sem eru dánir.

HVAÐ GERIST ÞEGAR FÓLK DEYR?

En Jesús er ólíkur okkur. Hann hefur einstakan kraft frá Guði svo að hið ótrúlega gerist þegar hann kallar á Lasarus. Maðurinn, sem hefur verið dáinn í fjóra daga, kemur út úr hellinum! Hann er lifnaður við! Hann getur andað, talað og gengið á ný! Já, Jesús reisir Lasarus upp frá dauðum.

— Jóhannes 11:1-44.

Hvað gerði Jesús fyrir Lasarus?



Hugsaðu þig nú um: Hvað varð um Lasarus þegar hann dó? Fór einhver hluti af honum — sál eða andi — burt úr líkamnum til að búa annars staðar? Fór sál Lasarusar til himna? Var hann í fjóra daga hjá Guði og englunum? —

Nei, eins og þú manst sagði Jesús að Lasarus væri sofandi. Hvernig er svefninn? Veistu nokkuð hvað gerist í kringum þig þegar þú ert í fastasvefni? — Þegar þú vaknar veistu ekki hversu lengi þú hefur sofið fyrr en þú lítur á klukkuna.



*Í hvernig ástandi var Lasarus
á meðan hann var dáiinn?*

Það er eins með þá sem eru dánir. Þeir *vita ekki neitt*. Þeir *finna ekki fyrir neinu*. Þeir *geta ekkert gert*. Þannig var komið fyrir Lasarusi á meðan hann var dáiinn. Sá sem er dáiinn man ekki eftir neinu því að dauðinn er eins og djúpur svefn. „Hinir dauðu *vita ekki neitt*,“ segir Biblían. — Prédikarinn 9:5, 10.

En veltu líka öðru fyrir þér: Heldurðu að Lasarus hefði ekki sagt frá því ef hann hefði verið þessa fjóra daga á himnum? — Og ef hann hefði verið á svona yndislegum stað, heldurðu þá að Jesús hefði þvingað hann til að koma aftur til jarðarinnar? — Auðvitað ekki!

Margir segja samt að við höfum sál og að hún lifi áfram eftir að líkaminn deyr. Þeir segja að sál Lasarusar hafi verið lifandi einhvers staðar. En það er ekki það sem Biblían segir. Hún segir að Guð hafi skapað manninn Adam sem „lifandi sál“. Adam *var* sem sagt sál. Biblían segir líka að Adam hafi dáíð þegar hann syndgaði. Hann, það er að segja sálin, dó og varð aftur að mold. Biblían segir líka að allir afkomendur Adams hafi fengið synd og dauða í arf. — 1. Mósebók 2:7; 3:17-19; 4. Mósebók 6:6; Rómverjabréfið 5:12.

Það er því ljóst að við *höfum* ekki einhverja sál sem er óháð líkamanum heldur *erum* við sálir. Og þar sem mennirnir hafa erfð syndina frá Adam, fyrsta manninum, segir Biblían að ‚sú sálin, sem syndgar, skuli deyja‘. — Esekíel 18:4.


Sumir eru hræddir við dáið fólk. Þeir koma ekki nálægt kirkjugörðum vegna þess að þeir halda að sálir hinna dáu séu óháðar líkamanum og geti því gert þeim illt sem eru lifandi. En geta hinir dáu gert okkur mein? — Nei, auðvitað ekki.

Sumir trúa því jafnvel að hinir dáu geti komið aftur sem andar og heimsótt fólk. Þess vegna bera þeir fram mat fyrir hina dáu. Þeir sem gera slíkt trúa ekki því sem Guð segir um hina dáu. Ef við hins vegar trúum því sem Guð segir erum við ekki hrædd við hina dáu. Og með því að hlýða Guði getum við sýnt að við erum honum innilega þakklát fyrir lífið.

En heldurðu að Guð ætli að reisa upp börn sem hafa dáið? Skyldi hann *langa* til þess? Við skulum ræða um það í næsta kafla.

Lesum meira í Biblíunni um sálina og ástand hinna dáu í Sálmi 115:17; 146:3, 4 og Jósúabók 11:11.

Hvers vegna þurfum við ekki að vera hrædd við hina dáu?



DÁNIR GETA FENGIÐ UPPRISU

ÆTLI GUÐ *vilji* reisa okkur upp ef við deyjum, það er að segja að gefa okkur lífið aftur? — Hinn réttláti Job trúði því. Þegar hann hélt að hann væri að deyja sagði hann við Guð: „Þú mundir kalla, og ég — ég mundi svara þér.“ Job sagði að Jehóva Guð myndi *þrá* eða langa mjög mikið að reisa hann upp. — Jobsbók 14:14, 15.


Jesús er alveg eins og faðir sinn, Jehóva Guð. Hann *vill* hjálpa okkur. Holdsveikur maður sagði eitt sinn við hann: „Ef þú *vilt*, getur þú hreinsað mig.“ Jesús svaraði: „Ég *vil*,“ og læknaði síðan holdsveika manninn. — Markús 1:40-42.

Jesús lærði af föður sínum að þykja vænt um börn. Fyrir langa löngu notaði Jehóva tvo þjóna sína til að reisa börn upp frá dauðum. Elía sárbændi Jehóva að reisa upp son konu sem hafði sýnt honum

gestrisni. Og Jehóva gerði það. Jehóva notaði líka Elísa, þjón sinn, til að reisa upp lítinn dreng.

— 1. Konungabók 17: 17-24; 2. Konungabók 4:32-37.

*Hvernig sýndi
Jehóva að honum
þykir vænt um börn?*




Er ekki gott að vita að Jehóva þykir svona vænt um okkur? — Hann hugsar ekki bara um okkur meðan við erum lifandi. Hann man líka eftir okkur ef við deyjum. Jesús sagði að faðirinn líti svo á að dánir menn, sem hann elskar, séu lifandi. (Lúkas 20:38) Biblían segir að „hvorki dauði né líf, hvorki hið yfirstandandi né hið ókomna geti gert okkur viðskila við kærleika Guðs“. — Rómverjabréfið 8:38, 39.

Þegar Jesús var á jörðinni sýndi hann að Jehóva ber umhyggju fyrir börnum. Þú manst að Jesús gaf sér tíma til að segja börnum frá Guði. En vissirðu að Guð gaf honum kraft til að reisa börn upp frá dauðum? — Við skulum ræða um það þegar Jesús reisti upp 12 ára dóttur manns sem hét Jaírus.

Jaírus býr við Galíleuvatn ásamt konu sinni og einkadóttur. Dag einn veikist litla stúlkan alvarlega og Jaírus gerir sér ljóst að hún muni deyja. Honum verður þá hugsað til Jesú. Hann hefur heyrt að þessi frábæri maður geti læknað fólk. Hann fer þess vegna að leita að honum. Hann finnur Jesú á strönd Galíleuvatns þar sem hann er að kenna fjölda fólks.

Jaírus olnbogar sig í gegnum mannþröngina og fellur að fótum Jesú og segir við hann: „Dóttir mín er fárveik. Viltu koma og hjálpa henni? Ég bið þig.“ Jesús fer strax með Jaírusi. Mannfjöldinn, sem er kominn til að sjá kennarann mikla, fylgir þeim. En eftir að þeir hafa farið allnokkra vegalengd koma menn heiman frá Jaírusi og segja við hann: „Dóttir þín er látin, hvers vegna ómakar þú meistarann lengur?“

Jesús heyrir hvað mennirnir segja. Hann veit að Jaírus er mjög sorgmæddur yfir því að hafa misst eina barnið sitt. Jesús segir því við hann: „Óttastu ekki. Trúðu aðeins og það verður



Hvað lærum við af því að Jesús reisti upp dóttur Jaírusar?

urðu að hann sé að kenna fólkinu? — Hann vill sýna fram á að dauðinn geti verið eins og djúpur svefn. Hann langar til að kenna fólkinu að hann geti með krafti Guðs vakið látið fólk upp frá dauðum eins auðveldlega og við getum vakið einhvern upp af svefni.

Jesús lætur alla fara út úr húsinu nema postulana Pétur, Jakob og Jóhannes og foreldra stúlkunnar. Hann fer síðan til hennar, tekur í hönd hennar og segir: „Stúlka litla, rís upp!“ Og um leið rís stúlkan á fætur og fer að ganga. Foreldrar hennar eru frá sér numdir af gleði. — Markús 5:21-24, 35-43; Lúkas 8:40-42, 49-56.

allt í lagi með dóttur þína.’
 Þeir halda áfram þar til þeir koma að húsi Jaírusar. Vinir fjölskyldunnar eru grátandi. Þeir eru sorgmæddir yfir því að litla vinkona þeirra er dáin. En Jesús segir við þá: „Hættið að gráta. Barnið er ekki dáið heldur sefur það.“

Þegar Jesús segir þetta fer fólkið að hlæja af því að það veit að stúlkan er dáin. Hvers vegna heldurðu þá að Jesús segi að hún sé sofandi? — Hvað held-

Veltu nú einu fyrir þér. Ætli Jesús geti vakið fleiri en þessa litlu stúlku til lífsins? — Heldurðu að hann geri það? — Já, Jesús sagði sjálfur: „Sú stund kemur, þegar allir þeir, sem í gröfunum eru, munu heyra raust [mína] og ganga fram.“ — Jóhannes 5:28, 29.

Heldurðu að Jesús *vilji* reisa fólk upp? — Biblían segir frá öðru atviki sem gefur okkur svar við því. Það átti sér stað hjá borginni Nain og sýnir hvernig Jesús hugsar til þeirra sem syrgja við jarðarfirir.

Kona er á leið úr borginni ásamt fleira fólki. Hún er að fylgja syni sínum til grafar. Hún er búin að missa manninn sinn og nú er *eina* barnið hennar dáíð. Hún er mjög sorgmædd. Margir í Nain eru með í för þegar lík sonar hennar er borið út úr borginni. Konan grætur og fólkið getur ekki huggað hana með nokkru móti.

Sama dag vill svo til að Jesús og lærisveinar hans eru á leið til Nain. Nálægt borgarhliðinu hitta þeir mannfjöldann sem er að fylgja syni konunnar til grafar. Þegar Jesús kemur auga á grátandi konuna finnur hann til með henni. Sorg hennar snertir hjarta hans. Hann langar til að hjálpa henni.

„Gráttu ekki,“ segir hann blíðlega en samt ákveðið svo að hún taki eftir. Allir fylgjast með Jesú þegar hann gengur að líkinu. Þeim er eflaust spurn hvað hann ætli að gera. „Ungi maður, ég segi þér, rís þú upp!“ skipar Jesús. Um leið sest ungi maðurinn upp og fer að tala. — Lúkas 7:11-17.

Hugsaðu þér hvernig konunni hefur verið innanbrjósts. Hvernig myndi þér líða ef látinn ástvinur þinn lifnaði við? — Sýnir þetta ekki að Jesús elskar fólk í raun og veru og

vill hjálpa því? — Hugsaðu þér hvað það verður yndislegt í nýjum heimi Guðs þegar fólk rís upp frá dauðum og við getum boðið það velkomið! — 2. Pétursbréf 3:13; Opinberunarbókin 21:3, 4.

Við munum þá þekkja suma af þeim sem verða reistir upp, þar á meðal börn. Við þekkjum þá aftur rétt eins og Jaírus þekkti dóttur sína þegar Jesús reisti hana upp. Aðrir sem reistir verða upp dóu fyrir hundruðum eða þúsundum ára. En Guð gleymir þeim ekki þó að þeir séu löngu dánir.

Er ekki dásamlegt að vita að Jehóva Guð og sonur hans, Jesús, elska okkur svona heitt? — Þeir vilja að við lifum að eilífu en ekki bara í nokkur ár.

Þú getur fræðst meira um dásamlega von hinna dáu með því að lesa Jesaja 25:8; Postulasöguna 24:15 og 1. Korintubréf 15:20-22.

Hvað lærum við af því að Jesús skyldi reisa einkason þessarar konu upp frá dauðum?



HVERJIR VERÐA REISTIR UPP OG HVAR MUNU ÞEIR BÚA?

I SÍÐUSTU tveimur köflum lású við um nokkra einstaklinga sem voru reistir upp frá dauðum. Manstu hvað þeir voru margir? — Þeir voru fimm. Hvað voru mörg börn reist upp? — Þrjú. Og sá fjórði var ungur maður. Hvað heldurðu að við getum lært af þessu? —


Við lærum að Guð elskar ungt fólk. En hann reisir líka marga aðra upp frá dauðum. Reisir Guð aðeins upp þá sem gerðu gott? — Það mætti halda það. En margir kynntust aldrei sannleikanum um Jehóva Guð og son hans. Þeir gerðu margt rangt af því að þeim var kennt margt rangt. Heldurðu að Jehóva reisi svona fólk upp frá dauðum? —

Biblían segir: ‚Upp munu rísa bæði réttlátir og ranglátir.‘ (Postulasagan 24:15) Hvers vegna verða þeir reistir upp sem voru ranglátir og gerðu ekki rétt? — Vegna þess að þeir fengu aldrei tækifæri til að fræðast um Jehóva og það sem hann vill að fólk geri.

*Hvers vegna mun Guð
reisa upp fólk sem
gerði ekki rétt?*



Hvar er paradísinn sem Jesús er að segja manninum frá?



Hvenær heldurðu að fólk verði reist upp? — Manstu hvað Jesús sagði við Mörtu um dauða Lasarus? Hann sagði: „Bróðir þinn mun upp rísa.“ Hún svaraði: „Ég veit, að hann rís upp í uppreisunni á efsta degi.“ (Jóhannes 11:23, 24) Hvað átti Marta við þegar hún sagði að Lasarus myndi rísa upp á „efsta degi“? —

Marta vissi að Jesús hafði sagt að „allir þeir sem væru í gröfunum myndu ganga fram“. (Jóhannes 5:28, 29) Hinn „efsti dagur“ er sá tími þegar allir sem Guð minnst verða reistir upp frá dauðum. Þessi dagur er ekki bara einn sólarhringur heldur þúsund ár. Biblían segir að „Guð muni dæma jarðarbúa“ á þessum degi. Hann dæmir meðal annars þá sem hafa verið reistir upp. — Postulasagan 17:31; 2. Pétursbréf 3:8.

Hugsaðu þér hvað þetta verður dásamlegur dagur! Á þessum þúsund ára langa degi verða margar milljónir látinna manna reistar upp frá dauðum. Jesús sagði að þegar fólkið yrði reist upp myndi það búa á stað sem kallast paradís. Við skulum athuga hvar paradís verður og hvernig verður að búa þar.

Þremur klukkustundum áður en Jesús deyr á kvalastaur talar hann um paradís við mann sem hékk á staur við hliðina á honum. Það er verið að lífláta manninn fyrir glæpi sem

hann hefur framið. En þegar afbrotamaðurinn fylgist með Jesú og heyrir það sem sagt er um hann fer hann að trúá á hann. Þess vegna segir afbrotamaðurinn: „Minnst þú mín, þegar þú kemur í ríki þitt.“ Jesús svarar: „Sannlega segi ég þér í dag, þú skalt vera með mér í paradís.“ — Lúkas 23:42, 43, NW.



Um hvað ættum við að hugsa þegar við lesum um paradís?

Hvað á Jesús við þegar hann segir þetta? Hvar er paradís? — Hugsaðu málið. Hvar var paradís upphaflega?

— Eins og þú manst leyfði Guð Adam, fyrsta manninum, og konu hans að búa í paradís hérna á jörðinni. Þessi paradís hét Eden. Í Edengarðinum voru alls konar dýr en þau gerðu engum mein. Þar var líka stór á og mörg tré með fullt af gómsætum ávöxtum. Þetta var yndislegur staður til að búa á. — 1. Mósebók 2:8-10.

Þegar við lesum að afbrotamaðurinn verði í paradís ættum við að sjá fyrir okkur að öll jörðin verði unaðsfögur. Verður Jesús í paradís hérna á jörðinni með þessum fyrrverandi afbrotamanni? — Nei. Veistu hvers vegna? —

Það er vegna þess að Jesús verður á himnum sem konungur yfir paradís. Jesús verður því með manninum í þeim skilningi að hann reisir hann upp frá dauðum og sinnir þörfum hans. En hvers vegna leyfir Jesús fyrrverandi afbrotamanni að búa í paradís? — Við skulum reyna að átta okkur á því.



Vissi afbrotamaðurinn um fyr-
irætlun Guðs áður en hann talaði
við Jesú? — Nei, það gerði hann ekki.
Hann gerði margt slæmt vegna þess að
hann þekkti ekki sannleikann um Guð. Í
paradís lærir hann um það sem Guð ætlar sér að gera.
Þá fær hann tækifæri til að gera vilja Guðs og sanna þannig að
hann elskar hann í raun og veru.

*Hvar munu hinir
upprisnu búa og hvað
munu þeir gera?*

Munu allir sem fá upprisu búa í
paradís á jörð? — Nei. Veistu af
hverju? — Af því að sumir verða reist-
ir upp til að vera með Jesú á himnum. Þeir munu ríkja með hon-
um sem konungar yfir paradís á jörð. Hvernig vitum við það?

Kvöldið fyrir dauða sinn segir Jesús postulunum: 'Í húsi föður
míns eru margir bústaðir og ég fer burt til að undirbúa stað fyr-
ir ykkur.' Síðan lofar hann þeim: 'Ég kem aftur og tek ykkur til
mín svo að þið verðið einnig þar sem ég er.' — Jóhannes 14:2, 3.



Hvert fór Jesús eftir að hann var reistur upp? — Já, hann fór aftur til himna til að vera með föður sínum. (Jóhannes 17:4, 5) Jesús lofar sem sagt postulunum og öðrum fylgjendum sínum að reisa þá upp svo að þeir geti verið með honum á himnum. Hvað gera þeir á himnum með Jesú? — Biblían segir að lærisveinarnir, sem fá hlutdeild í „fyrri uppreisunni“, verði á himnum og ríki með honum sem konungar yfir jörðinni „um þúsund ár“. — Opinberunarbókin 5:10; 20:6; 2. Tímóteusarbréf 2:12.

Hversu margir fá hlutdeild í „fyrri uppreisunni“ og stjórna sem konungar með Jesú? — Jesús sagði við lærisveinana: „Vertu ekki hrædd, *litla hjörð*, því að föður ykkar hefur þóknast að gefa ykkur ríkið.“ (Lúkas 12:32) Það er bara ákveðinn fjöldi sem tilheyrir þessari „litlu hjörð“ og verður reistur upp til að vera með Jesú í Guðsríki. Biblían segir að „hundrað fjörutíu og fjórar þúsundir“ verði reistar upp til himna. — Opinberunarbókin 14:1, 3.

Hversu margir munu búa í paradís á jörð? — Biblían segir ekki hve margir þeir verða. En Guð sagði Adam og Evu í Eden-garðinum að eignast börn og *uppfylla jörðina*. Þau gerðu það að vísu ekki. En Guð mun sjá til þess að fyrirætlun sín rætist og að jörðin fyllist af góðu fólki. — 1. Mósebók 1:28; Jesaja 45:18; 55:11.

Hugsaðu þér hversu dásamlegt það verður að búa í paradís. Öll jörðin verður eins og lystigarður. Þar verður allt iðandi af lífi; fuglum, dýrum og alls konar fallegum blómum og trjám. Enginn þjáist vegna veikinda og enginn þarf að deyja. Allir verða vinir. Ef okkur langar að lifa að eilífu í paradís á jörð þurfum við að undirbúa okkur núna.

Lestu meira um fyrirætlun Guðs með jörðina í Orðskviðunum 2:21, 22; Prédikaranum 1:4 og Jesaja 2:4; 11:6-9 og 35:5, 6.

GLEYMUM EKKI JEHÓVA OG SYNI HANS

HVERNIG myndi þér líða ef einhver gæfi þér dýrmæta gjöf? — Myndirðu bara þakka fyrir þig og gleyma síðan þeim sem gaf þér gjöfina? Eða myndirðu muna eftir honum og því sem hann gerði fyrir þig? —

Jehóva Guð gaf okkur mjög dýrmæta gjöf. Hann sendi son sinn til jarðar til að deyja fyrir okkur. Veistu af hverju Jesús þurfti að deyja fyrir okkur? — Það er mjög mikilvægt að við skiljum það vel.

Eins og við ræddum um í 23. kafla syndgaði Adam þegar hann braut fullkomin lög Guðs. Við fengum síðan syndina frá Adam sem er faðir okkar allra. En hvað vantar okkur þá? — Það mætti segja að okkur vanti nýjan, fullkominn föður sem hefur aldrei gert neitt rangt. Hver heldurðu að geti verið þess konar faðir? — Enginn annar en Jesús.

Jehóva sendi Jesú til jarðar svo að hann gæti verið okkur eins og faðir í stað Adams. Biblían segir: „Hinn fyrsti maður, Adam, varð að lifandi sál,‘ hinn síðari Adam að lífgandi anda.“ Hver var hinn fyrri Adam? — Já, það var maðurinn sem Guð skapaði af leiri jarðar. En hver er hinn síðari Adam? — Það er Jesús. Biblían bendir okkur á þetta þegar hún segir: „Hinn fyrsti maður [Adam] er frá jörðu, jarðneskur, hinn annar maður [Jesús] er frá himni.“ — 1. Korintubréf 15:45, 47; 1. Mósebók 2:7.

Jesús erfði enga synd frá Adam því að Guð flutti líf hans frá hinnum í móðurkvið Maríu. Þess vegna var Jesús fullkominn

maður. (Lúkas 1:30-35) Og þess vegna sagði engill við fjárhirðana þegar Jesús fæddist: „Í dag fæddist ykkur frelsari.“ (Lúkas 2:11) En hvað þurfti að gerast fyrst til þess að Jesús, sem var ungbarn á þeim tíma, gæti orðið frelsari okkar? — Hann varð að þroskast og verða fullorðinn maður eins og Adam. Þá gat Jesús orðið „hinn síðari Adam“.

Í Biblíunni er líka sagt að frelsari okkar, Jesús, verði „Eilífðarfaðir“ okkar. (Jesaja 9:6, 7) Já, Jesús var *fullkominn* og hann getur orðið faðir okkar í stað Adams sem varð ófullkominn þegar hann syndgaði. Þess vegna getum við valið „hinn síðari Adam“ sem föður okkar. En Jesús á auðvitað líka föður, Jehóva Guð.

Jesús getur orðið frelsari okkar ef við fræðumst um hann. Manstu undan hverju hann þarf að frelsa okkur? — Já, undan synd og dauða sem við fengum í arf frá Adam. Fullkomið líf Jesú, sem hann fórnaði fyrir okkur þegar hann var fullorðinn, kallast *lausnargjald*. Jehóva útvegaði okkur lausnargjaldið svo að hægt væri að fjarlægja syndir okkar. — Matteus 20:28; Rómverjabréfið 5:8; 6:23.

Við viljum auðvitað ekki gleyma því sem Guð og sonur hans hafa gert fyrir okkur, er það nokkuð? — Jesús sýndi fylgjendum sínum hvernig þeir

Að hvaða leyti voru Adam og Jesús líkir og hvers vegna er það svona mikilvægt?





Hvernig verndaði blóð lambins Ísraelsmenn?


gætu á sérstakan hátt munað eftir því sem hann gerði. Við skulum ræða aðeins nánar um það.

Ímyndaðu þér að þú sért í herbergi uppi á efstu hæð í húsi í Jerúsalem. Það er kvöld. Jesús og postularnir eru við matarborðið. Á borðinu er steikt lamb, eins konar flatbrauð og rauðvín. Þeir eru að borða sérstaka máltíð. Veistu af hverju? —

Þessi máltíð á að minna þá á það sem Jehóva gerði mörg hundruð árum áður þegar Ísraelsmenn voru þrælar í Egyptalandi. Þá sagði Jehóva við fólkið: „Slátrið einu lambi fyrir hverja fjölskyldu og smyrjið

Jesús líkti blóði sínu við vín.

Hvað getur blóð hans gert fyrir okkur?



blóði lambsins á dyrastafi hússins.‘ Síðan sagði hann: ‚Farið inn í húsið og borðið lambið.‘

Ísraelsmenn gerðu þetta og sömu nótt fór engill Guðs um allt Egyptaland. Í flestum húsum eyddi hann frumburðinum, það er að segja elsta barninu í fjölskyldunni. En engillinn fór fram hjá húsunum sem voru með blóði lambsins á dyrastöfunum. Í þeim húsum dóu engin börn. Þetta gerði faraó, konung Egyptalands, svo hræddan að hann sagði við Ísraelsmenn: ‚Þið eruð frjálsir. Farið burt úr Egyptalandi.‘ Þegar þeir heyrðu þetta settu þeir eigur sínar upp á úlfalda sína og asna og héldu af stað.

Jehóva vildi ekki að fólkið gleymdi því hvernig hann frelsaði það. Þess vegna sagði hann: ‚Einu sinni á ári skuluð þið borða máltíð eins og þessa sem þið borðuðuð í kvöld.‘ Þeir kölluðu þetta páskamáltíðina. Orðið „páskar“ kemur af orði sem merkir „framhjágang“ en þetta kvöld gekk engill Guðs einmitt fram hjá þeim húsum sem voru merkt með blóði. — 2. Mósebók 12:1-13, 24-27, 31.

Jesús og postularnir eru að hugsa um þetta á meðan þeir borða páskamáltíðina. Það sem Jesús gerir eftir matinn er mjög mikilvægt. En fyrst sendir hann ótrúa postulann Júdas í burtu. Síðan tekur hann hluta af brauðinu sem var afgangs, fer með bæn, brýtur brauðið og lætur það ganga á milli lærisveinanna. ‚Takið og borðið,‘ segir hann. ‚Þetta brauð táknar líkama minn sem ég mun fórna þegar ég dey fyrir ykkur.‘

Næst tekur Jesús upp bikar af rauðvíni. Eftir að hann hefur farið með aðra þakkarbæn lætur hann bikarinn ganga á milli lærisveinanna og segir: „Drekkið allir hér af.“ Síðan segir hann þeim: ‚Þetta vín táknar blóð mitt. Bráðum úthelli ég blóði mínu til að leysa ykkur undan syndum ykkar. Gerið þetta í mína minningu.‘ — Matteus 26:26-28; 1. Korintubréf 11:23-26.

Tókstu eftir að Jesús sagði lærisveinunum að gera þetta í sína minningu? — Þeir áttu ekki lengur að halda páskahátíðina. Í staðinn áttu þeir að borða þessa sérstöku máltíð einu sinni á ári til að minnast Jesú og dauða hans. Þessi máltíð kallast kvöldmáltíð Drottins. Nú á dögum köllum við hana oft minningarhátíðina. Af hverju? — Af því að hún minnir okkur á það sem Jesús og faðir hans, Jehóva Guð, gerðu fyrir okkur.

Brauðið ætti að minna okkur á líkama Jesú. Hann var fús til að fórna líkama sínum svo að við gætum fengið eilíft líf. En hvað með rauðvínið? — Það ætti að minna okkur á hversu verðmætt blóð Jesú er. Það er verðmætara en blóð páskalambsins í Egyptalandi. Veistu af hverju? — Biblían segir að blóð Jesú geti veitt okkur fyrirgefningu synda. Og þegar búið er að fjarlægja allar syndir okkar verðum við aldrei framar veik og hrörnum ekki heldur né deyjum. Við ættum að hugsa um þetta þegar við förum á minningarhátíðina.

Eiga allir að borða brauðið og drekka vínið á minningarhátíðinni? — Nei, því að Jesús sagði að þeir sem gerðu það ‚myndu eiga hlut í ríki hans og sitja með honum í hásetum á himnum‘. (Lúkas 22:19, 20, 30) Þetta þýðir að þeir fara til himna og verða konungar með Jesú. Þess vegna ættu aðeins þeir sem eiga von um að stjórna á himnum með Jesú að fá sér af brauðinu og víninu.

En þó að við tökum ekki af brauðinu og víninu ættum við samt að koma á minningarhátíðina. Veistu af hverju? — Af því að Jesús gaf líf sitt líka fyrir okkur. Með því að fara á minningarhátíðina sýnum við að við höfum ekki gleymt því. Við munum eftir dýrmætri gjöf Guðs.

Hér eru nokkrir ritningarstaðir sem sýna hversu mikilvæg lausnarförn Jesú er: 1. Korintubréf 5:7; Efesusbréfið 1:7; 1. Tímóteusarbréf 2: 5, 6 og 1. Pétursbréf 1:18, 19.

HVERS VEGNA ÆTTUM VIÐ AÐ ELSKA JESÚ?

IMYNDAÐU þér að þú sért á báti sem er alveg að sökkva. Myndirðu ekki vilja að einhver bjargaði þér? — Hugsaðu þér ef einhver fórnaði lífinu til að bjarga þér. Það er einmitt það sem Jesús Kristur gerði. Eins og við lásum í 37. kafla gaf hann líf sitt sem lausnargjald til að bjarga okkur.

Jesús bjargar okkur auðvitað ekki frá drukknun. Frá hverju bjargar hann okkur þá? Manstu það? — Hann bjargar okkur frá synd og dauða sem við höfum öll fengið í arf frá Adam. Jesús dó líka fyrir þá sem hafa gert margt illt. Myndir þú hætta lífinu til þess að bjarga slíku fólki? —

Biblían segir: ‚Varla lætur nokkur lífið fyrir réttlátan mann — fyrir góðan mann vill kannski einhver deyja.‘ En Biblían segir að Jesús hafi ‚dáið fyrir óguðlega menn‘, þar á meðal fólk sem þjónar ekki Guði. Biblían segir í framhaldinu: ‚Kristur dó fyrir okkur meðan við vorum enn í syndum okkar [gerðum það sem er rangt].‘ — Rómverjabréfið 5:6-8.

Manstu eftir manni sem gerði margt illt áður en hann varð postuli? — Hann skrifaði seinna: „Kristur Jesús kom í heiminn til að frelsa synduga menn, og er ég þeirra fremstur.“ Það var Páll postuli sem skrifaði þetta. Hann sagðist hafa verið ‚óskynsamur‘ og lifað ‚í illsku“ áður fyrr. — 1. Tímóteusarbréf 1:15; Títusarbréfið 3:3.

Hugsaðu þér hversu kærleiksríkur Guð var að senda son sinn til að deyja fyrir svona fólk. Þú ættir að ná í biblíuna þína og lesa um

Þetta í Jóhannesi 3. kafla, versí 16. Þar segir: „Því svo elskaði Guð heiminn [fólkið á jörðinni], að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.“


Jesús sannaði að hann elskaði okkur jafnheitt og faðir hans. Þú manst kannski að í 30. kafla lásum við hvað Jesús þurfti að þola nóttina sem hann var handtekinn. Farið var með hann heim til Kaífasar æðsta prests og haldin réttarhöld yfir honum. Jesús var barinn og falsvitni lugu ýmsu upp á hann. Það var þá sem Pétur sagðist ekki þekkja hann. Við skulum ímynda okkur að við séum á staðnum og getum séð hvað gerist næst.

Það er kominn morgunn. Jesús hefur verið vakandi alla nóttina. Prestarnir kalla æðstaráðið saman með hraði, en það var hæstiréttur Gyðinga. Þetta gerðu þeir til að halda önnur réttarhöld því að réttarhöldin, sem haldin voru um nóttina, voru ólögleg. Þeir reyna aftur að saka Jesú um glæpi gegn Guði.

Því næst binda prestarnir Jesú og fara með hann til Pílatusar, rómverska landstjórans. Þeir segja Pílatusi: „Jesús er á móti ríkisstjórninni. Það ætti að taka hann af lífi.“ En Pílatus áttar sig á því að prestarnir eru að ljúga. Þess vegna segir hann við þá: „Þessi maður hefur ekkert gert af sér. Ég ætla að sleppa honum.“ En þá hrópa prestarnir og hitt fólkið: „Nei! Taktu hann af lífi!“


Pílatus reynir aftur seinna að segja fólkinu að hann ætli að sleppa Jesú. En þá fá prestarnir mannfjöldann til að æpa: „Ef þú sleppir honum ert þú líka á móti ríkisstjórninni! Taktu hann af lífi!“ Fólkið verður mjög æst. Veistu hvað Pílatus gerir þá? —

Pílatus lætur undan. Fyrst lætur hann húðstrýkja Jesú og síðan fá hermennirnir hann í hendur til þess að taka hann af lífi. Þeir setja þyrnikórónu á höfuð honum og gera grín að honum



með því að hneigja sig fyrir honum. Síðan láta þeir hann bera stóran staur og fara með hann út fyrir borgina á stað sem kallast Hauskúpustaður. Þeir negla Jesú á höndum og fótum við staurinn. Síðan reisa þeir staurinn. Það blæðir úr sárunum og Jesús er sárkvalinn þar sem hann hangir á staurnum.

Jesús deyr ekki alveg strax. Hann hangir bara á staurnum. Æðstu prestarnir gera grín að honum og þeir sem ganga fram hjá segja: „Komdu niður af kvalastaurnum ef þú ert sonur Guðs.“ En Jesús veit hvers vegna faðir hans sendi hann til jarðarinnar. Hann veit að hann verður að gefa fullkomið líf sitt svo að við getum



Hvað þurfti Jesús að þola þegar hann gaf líf sitt fyrir okkur?



***Hvernig getum við sýnt
að við elskum Jesú?***

sýndi Jesús að hann elskaði bæði Guð og okkur. Hann hlýddi alltaf Guði. Og hann fórnaði lífi sínu til að bæta fyrir það sem Adam gerði okkur.

Finnst þér ekki stórkostlegt að Jesús skyldi gera þetta fyrir okkur? — Þakkarðu Guði fyrir að hafa gefið okkur son sinn þegar þú biður til hans? — Páll postuli var þakklátur fyrir það sem Jesús gerði fyrir hann. Hann skrifaði: „Sonur Guðs *elskaði mig* og fórnaði lífi sínu fyrir mig.“ (Galatabréfið 2:20) Jesús dó líka fyrir mig og þig. Hann gaf fullkomið líf sitt svo að við gætum fengið að lifa að eilífu. Er það ekki góð og gild ástæða til að elska Jesú? —

Páll postuli skrifaði til kristinna manna í Korintuborg: „Kærleikur Krists knýr okkur til verka.“ Hvaða verk eru það? Hvað heldurðu? — Taktu eftir hverju Páll svarar: „Kristur dó fyrir alla til þess að þeir myndu lifa fyrir hann. Þeir ættu ekki að lifa til að þóknast sjálfum sér.“ — 2. Korintubrэф 5:14, 15, *New Life Version*.

fengið tækifæri til að lifa að eilífu. Um þrjúleytið síðdegis hrópar Jesús til föður síns og deyr. — Matteus 26:36–27:50; Markús 15:1; Lúkas 22:39–23:46; Jóhannes 18:1–19:30.

Jesús var svo sannarlega ólíkur Adam. Adam elskaði ekki Guð. Hann óhlýðnaðist Guði. Adam elskaði okkur ekki heldur. Við erum öll fædd syndug af því að hann syndgaði. Hins vegar

HVERS VEGNA ÆTTUM VIÐ AÐ ELSKA JESÚ?

Veistu hvernig þú getur sýnt að þú lifir eins og Kristur vill? — Ein leið er að segja öðrum frá því sem þú veist um hann. Eða segjum að þú sért einn heima þannig að mamma þín og pabbi eða annað fólk sér ekki hvað þú ert að gera. Myndirðu þá horfa á sjónvarpsþætti eða skoða eitthvað á Netinu sem þú veist að Jesús væri ekki ánægður með? — Mundu að Jesús lifir og hann getur séð allt sem við gerum.

Við viljum líkja eftir Jehóva og það er önnur ástæða fyrir því að við ættum að elska Jesú. „Faðirinn elskar mig,“ sagði Jesús. Veistu af hverju hann elskar Jesú og af hverju við ættum að gera það líka? — Það er af því að Jesús var tilbúinn til að deyja svo að vilji Guðs næði fram að ganga. (Jóhannes 10:17) Við skulum því gera eins og Biblían segir: „Líkið því eftir Guði eins og elskuð börn hans. Lifið í kærleika, eins og Kristur elskaði okkur og fórnaði lífinu fyrir okkur.“ — Efesusbréfið 5:1, 2.

Til að læra að meta Jesú og það sem hann gerði fyrir okkur skaltu lesa Jóhannes 3:35; 15:9, 10 og 1. Jóhannesarbréf 5:11, 12.



*Hver getur séð allt
sem við gerum?*

GUÐ MAN EFTIR SYNI SÍNUM

JESÚS grét þegar Lasarus, vinur hans, dó. Heldurðu að Jehóva hafi liðið illa þegar Jesús kvaldist og dó? — Biblían segir að Guð geti orðið hryggur út af ýmsu. — Sálmur 78:40; Jóhannes 11:35.

Geturðu ímyndað þér hve sárt það var fyrir Jehóva að horfa upp á son sinn deyja? — Jesús var viss um að Guð myndi ekki gleyma honum. Þess vegna sagði Jesús rétt áður en hann dó: „Faðir, í þínar hendur fel ég [líf mitt]!“ — Lúkas 23:46.

Jesús var viss um að hann yrði reistur upp og ekki skilinn eftir „í helju“, það er að segja í gröfinni. Eftir upprisu Jesú vitnaði Pétur postuli í það sem var skrifað um Jesú í Biblíunni. Hann sagði: „Ekki varð hann eftir skilinn í helju, og ekki varð líkami hans rotnun að bráð.“ (Postulasagan 2:31; Sálmur 16:10) Líkami Jesú náði ekki að rotna í gröfinni og fara að lykta.

*Hvers vegna er gröfin tóm?
Hvað hefur gerst?*



Þegar Jesús var á jörðinni sagði hann lærisveinunum meira að segja að hann myndi ekki vera dáinn lengi. Hann útskýrði fyrir þeim að hann yrði líflátinn en myndi „upp rísa á þriðja degi“. (Lúkas 9:22) Lærisveinarnir hefðu því ekki átt að verða undrandi þegar Jesús var reistur upp. En voru þeir undrandi? — Við skulum athuga málið.

Kennarinn mikli deyr á kvalastaur klukkan þrjú eftir hádegi á föstudegi. Ríkur maður að nafni Jósef er lærisveinn Jesú á laun. Hann er líka meðlimur æðstaráðsins. Þegar hann fréttir að Jesús sé dáinn fer hann til Pílatusar, rómverska landstjórans, og spyr hvort hann megi taka lík Jesú niður af staurnum og grafa það. Síðan fer Jósef með líkið í garð þar sem eru grafhýsi fyrir látna menn. Þegar líkinu hefur verið komið fyrir í grafhýsinu er stórum steini velt fyrir opið. Gröfin er því lokað.

Núna eru liðnir *þrír dagar* og það er kominn sunnudagur. Þetta er fyrir sólarupprás svo að það er myrkur enn þá. Hermenn standa vörð um gröfina. Æðstuprestarnir sáu til þess. Veistu hvers vegna? —

Prestarnir höfðu líka heyrt að Jesús hefði sagt að hann yrði reistur upp. Þess vegna létu þeir gæta grafarinnar til að koma í veg fyrir að lærisveinarnir stælu líkinu og segðu síðan að Jesús væri risinn upp. Skyndilega fer jörðin að nötra. Skært ljós leiftrar í myrkrinu. Það er engill Jehóva! Hermennirnir eru lamaðir af hræðslu. Engillinn fer að gröfinni og veltir steininum frá opinu. Gröfin er tóm!

Já, eins og Pétur postuli sagði síðar: „Þennan Jesú reisti Guð upp.“ (Postulasagan 2:32) Guð vakti Jesú upp til lífs í eins líkama og hann hafði áður en hann kom til jarðar. Hann var reistur upp sem andavera og fékk eins líkama og englarnir. (1. Pétursbréf

3:18) Þess vegna verður hann að búa sér til mannslíkama til að fólk geti séð hann. Ætli hann geri það? — Við skulum athuga málið.

Sólin er að koma upp. Hermennirnir eru farnir. María Magdalena og aðrar konur, sem eru lærisveinar Jesú, eru á leið til grafarinnar. Þær segja sín á milli: „Hver mun velta þunga steininum frá grafarmunnum fyrir okkur?“ (Markús 16:3) En þegar þær koma að gröfinni er búið að velta steininum frá. Gröfin er tóm! Líkami Jesú er horfinn! María Magdalena hleypur strax af stað til að finna einhverja af postulum Jesú.

Hinar konurnar bíða við gröfina. Þær hugsa með sér: „Hvar skyldi líkami Jesú vera?“ Skyndilega birtast tveir menn í leiftrandi klæðum. Þetta eru englar! Þeir segja við konurnar: „Hvers vegna leitið þið að Jesú hér? Hann var reistur upp. Farið fljótt og segið lærisveinum hans það.“ Þú getur rétt ímyndað þér hversu hratt konurnar hlaupa. Á leiðinni mæta þær manni. Veistu hver hann er? —


Það er Jesús sem hefur tekið sér mannslíkama. Hann segir líka við konurnar: „Farið og segið lærisveinum mínum frá því.“ Konurnar eru spenntar. Þær finna lærisveinana og segja við þá: „Jesús er á lífi! Við sáum hann.“ María er búin að segja Pétri og Jóhannesi frá tómu gröfinni. Núna fara þeir að gröfinni eins og þú sérð á myndinni. Þeir horfa á línklæðin sem Jesús var vafinn í en þeir vita ekki hvað þeir eiga að halda. Þá langar til að trúna að Jesús hafi lifnað við en það virðist vera of gott til að vera satt.

Síðar þennan sunnudag birtist Jesús tveimur lærisveinum sem eru á gangi á veginum til þorpsins Emmaus. Jesús gengur með þeim og talar við þá en þeir þekkja hann ekki þar sem hann

hefur ekki sama mannslíkamann og hann hafði áður. Þeir þekkja hann ekki fyrr en hann borðar með þeim og fer með bæn. Lærisveinarnir eru svo spenntir að þeir flýta sér aftur til Jerúsalem sem er margra kílómetra leið. Kannski er það stuttu eftir þetta sem Jesús birtist Pétri til að sýna honum að hann sé á lífi.

Um kvöldið þennan sunnudag eru margir lærisveinar saman komnir í herbergi. Dyrnar eru læstar. Skyndilega er Jesús hjá þeim inni í herberginu. Nú vita þeir fyrir vísit að kennarinn mikli er á lífi. Hugsaðu þér hvað þeir hljóta að vera glaðir. — Matteus 28:1-15; Lúkas 24:1-49; Jóhannes 19:38–20:21.

Hvað ætli Pétur og Jóhannes séu að hugsa?





Í 40 daga birtist Jesús í mismunandi mannslíkðum til að sýna lærisveinum sínum að hann er á lífi. Síðan yfirgefur hann jörðina og fer aftur til föður síns á himnum. (Postulasagan 1:9-11) Fljótlega fara lærisveinarnir að segja öllum frá því að Guð hafi reist Jesú upp frá dauðum. Þeir halda áfram að prédika jafnvel þó að prestarnir berji þá og láti drepa suma. Þeir vita að þótt þeir deyi man Guð eftir þeim allveg eins og hann mundi eftir syni sínum.

Fylgjendur Jesú í þá daga voru allt öðruvísi en margir nú á dögum sem hugsa bara um páskaegg og kanínur á þeim tíma ársins þegar Jesús var reistur upp. En Biblían talar ekkert um páskaegg og kanínur. Hún talar um að fólk eigi að þjóna Guði.

Um hvað hugsa margir á þeim tíma ársins sem Jesús var reistur upp? En um hvað hugsar þú?

Við getum líkt eftir lærisveinum Jesú með því að segja fólki hvað það var dásamlegt að Guð skyldi reisa son sinn upp. Við þurfum aldrei að vera hrædd, jafnvel þó að fólk segist

ætla að drepa okkur. Ef við deyjum man Jehóva eftir okkur og reisir okkur upp eins og Jesú.

Er ekki gleðilegt að Guð skuli muna eftir þeim sem þjóna honum og reisi þá jafnvel upp frá dauðum? — Fyrst við vitum þetta ætti okkur að langa til að vita hvernig við getum glatt Guð. Vissirðu að við getum glatt Guð? — Ræðum um það næst.

Von okkar verður örugg og trúin sterk ef við erum sannfærð um að Jesús hafi verið reistur upp. Lestu Postulasöguna 2:22-36; 4:18-20 og 1. Korintubréf 15:3-8, 20-23.

HVERNIG GETUM VIÐ GLATT GUÐ?

HVAÐ getum við gert til að gleðja Guð? Getum við gefið honum eitthvað? — Jehóva segir: „Ég á öll skógardýrin.“ Hann segir líka: „Ég á silfrið og ég á gullið.“ (Sálmur 24:1; 50:10; Haggaí 2:8) En það er eitt sem við getum gefið Guði. Veistu hvað það er? —

Jehóva leyfir okkur að ráða hvort við þjónum honum eða ekki. Hann neyðir okkur ekki til að gera það sem hann vill. Við skulum reyna að átta okkur á hvers vegna Guð skapaði okkur þannig að við getum ráðið sjálf hvort við þjónum honum eða ekki.

Þú veist líklega hvað vélmenni er. Það er vél sem maður getur stjórnað þannig að hún gerir eins og maður vill. Vélmennið ræður því ekki sjálft hvað það gerir. Jehóva hefði getað skapað okkur öll eins og vélmenni. Hann hefði getað skapað okkur þannig að við gætum bara gert það sem hann vildi. En Guð skapaði okkur ekki þannig. Veistu af hverju? — Sum leikföng

eru eins og vélmenni. Þegar þú ýtir á takka gerir leikfangið bara það sem þú vilt að það geri. Áttu leikfang sem líkist vélmenni? — Maður verður fljótt þreyttur á svoleiðis



Hvers vegna skapaði Guð okkur ekki eins og þetta vélmenni?

leikföngum. Jehóva vill ekki að við hlýðum sér eins og vélmenni sem getur ekki annað. Hann vill að við þjónum sér af því að við *elskum* hann og *viljum* hlýða honum.



Hvernig getur þú glatt bæði Jehóva og foreldra þína?

Heldurðu að himneskur faðir þinn sé ekki ánægður þegar þú hlýðir honum af því að þig langar til þess? — Segðu mér, hvaða áhrif hefur hegðun þín á foreldra þína? — Biblían segir að vitur sonur ‚gleðji föður sinn‘ en óvitur sonur ‚sé móður sinni til mæðu‘. (Orðskviðirnir 10:1) Hefurðu tekið eftir því hvað það gleður mömmu þína og pabba mikið þegar þú hlýðir þeim? — En hvernig líður þeim þegar þú ert óhlýðinn? —

Jehóva, faðir okkar á himnum, segir okkur hvernig við getum glatt sig. Náðu í biblíuna þína og flettu upp á Orðskviðunum 27:11. Þar segir Guð við okkur: „Vertu vitur, sonur minn [þetta á líka við um dætur], og gleð hjarta mitt, svo að ég geti svarað þeim orði, sem smána mig.“ Veistu hvað það þýðir að smána einhvern? — Einhver gæti smánað þig með því að hlæja að þér og segja að þú getir ekki gert það sem þú segist geta. Hvernig smánar Satan Jehóva? — Við skulum athuga það.

Eins og þú manst lærðum við í 8. kafla að Satan vill vera fremri öllum öðrum og fá alla til að hlýða sér. Satan segir að

mennirnir tilbiðji Jehóva aðeins vegna þess að hann gefur þeim eilíft líf í staðinn. Satan ögraði Jehóva eftir að hann hafði fengið Adam og Evu til að óhlýðnast honum. Hann sagði við Guð: „Mennirnir þjóna þér aðeins vegna þess sem þeir fá í staðinn. Gefðu mér bara tækifæri, þá get ég látið alla hætta að tilbiðja þig.“

Þetta stendur reyndar ekki alveg með þessum orðum í Biblíunni. En frásagan af Job sýnir að Satan sagði eitthvað þessu líkt við Guð. Það skipti greinilega miklu máli bæði fyrir Satan og Jehóva hvort Job reyndist trúfastur eða ekki. Flettum í Biblíunni upp á 1. og 2. kaflanum í Jobsbók og sjáum hvað gerðist.

Eins og þú sérð kemur það fram í fyrsta kaflanum að Satan er á himnum þegar englarnir koma til að tala við Jehóva. Jehóva spyr Satan: „Hvaðan kemur þú?“ Satan segist hafa verið að reika um jörðina. Þá spyr Jehóva: „Tókstu eftir Job sem þjónar mér og gerir ekkert illt?“ — Jobsbók 1:6-8.

Hvernig ögraði Satan Jehóva eftir að Adam og Eva höfðu syndgað?




Satan reynir strax að réttlæta ásakanir sínar. „Job tilbiður þig bara af því að hann er laus við öll vandamál. Ef þú hættir að blessa hann og vernda mun hann formæla þér upp í opið geðið.“ Þá svarar Jehóva honum: „Gott og vel, Satan, þú mátt gera honum hvað sem þú vilt nema að leggja hendur á hann sjálfan.“ — Jobsbók 1:9-12.

Hvað gerir Satan? — Hann lætur stela nautgripum og ösnum Jobs og drepa sveinana sem gæta þeirra. Síðan verða sauðirnir og fjárhirðarnir fyrir eldingu og deyja. Því næst koma menn og stela úlföldunum og drepa sveinana. Að lokum lætur Satan fellibyl eyðileggja húsið þar sem börn Jobs eru og þau farast öll tíu. En þrátt fyrir allt þetta heldur Job áfram að þjóna Jehóva. — Jobsbók 1:13-22.

Þegar Jehóva hittir Satan aftur bendir hann á að Job sé enn trúfastur. Satan reynir að réttlæta ásakanir sínar og segir: „Ef þú leyfir mér bara að gera hann mjög veikan mun hann formæla þér upp í opið geðið.“ Þá leyfir Jehóva Satan að kvelja Job en bannar honum samt að drepa hann.

Satan veldur því að Job fær sjúkdóm þannig að allur líkami hans er þakinn

*Hvernig þjáðist Job og
hvers vegna gladdi það Guð
að hann skyldi vera trúfastur?*



sárum. Það er svo vond lykt af þeim að enginn vill vera nálægt honum. Konan hans segir meira að segja við hann: „Formæltu Guði og farðu að deyja.“ Menn, sem þykjast vera vinir Jobs, koma til hans og gera illt verra með því að segja að hann hljóti að hafa gert eitthvað hræðilegt fyrst allt þetta hafi komið fyrir hann. En þrátt fyrir allan sársaukann og áföllin, sem Satan veldur Job, heldur hann áfram að þjóna Jehóva trúfastlega. — Jobsbók 2:1-13; 7:5; 19:13-20.

Hvernig heldurðu að Jehóva hafi liðið þegar hann sá hvað Job var trúfastur? — Hann varð mjög glaður og ánægður af því að þá gat hann sagt við Satan: „Sjáðu Job! Hann þjónar mér af því að hann *langar* til þess.“ Ætlar þú að vera eins og Job svo að Jehóva geti bent á þig til að sanna að Satan sé lygari? — Það er mikill heiður fyrir okkur að fá að svara ásökunum Satans um að hann geti fengið alla til að hætta að þjóna Jehóva. Jesú fannst það greinilega vera mikill heiður.

Kennarinn mikli gerði aldrei neitt rangt þó að Satan reyndi að fá hann til þess. Hugsaðu þér bara hvað hann hefur glatt föður sinn! Jehóva gat bent á Jesú og sagt við Satan: „Sjáðu son minn. Hann hefur verið fullkomlega trúfastur af því að hann elskar mig.“ Hugsaðu þér líka hversu mikla ánægju Jesús hefur haft af því að gleðja hjarta föður síns. Jesús dó meira að segja á kvalastaur vegna þeirrar gleði sem beið hans. — Hebreabréfið 12:2.

Langar þig til að vera eins og kennarinn mikli og gleðja Jehóva? — Haltu þá áfram að læra um það sem Jehóva vill að þú gerir og gleddu hann með því að hlýða honum.

Lestu um hvernig Jesús gladdi Guð og hvað við þurfum líka að gera: Orðskviðirnir 23:22-25; Jóhannes 5:30; 6:38; 8:28; 2. Jóhannesarbréf 4.

BÖRN SEM GLEÐJA GUÐ

HVAÐA barn heldurðu að hafi glatt Jehóva mest allra barna sem hafa verið á jörðinni? — Það var Jesús, sonur hans. Við skulum ræða aðeins um það sem Jesús gerði til að gleðja föður sinn á himnum.

Fjölskylda Jesú bjó þrjár dagleiðir frá Jerúsalem þar sem hið fallega musteri Jehóva stóð. Jesús kallaði musterið ‚hús föður síns‘. Hann fór þangað á hverju ári með fjölskyldu sinni til að halda páska.

Þegar Jesús var 12 ára var fjölskylda hans á heimleið eftir páskahátíðina. Þau höfðu gengið fyrstu dagleiðina þegar þau uppgötvuðu að Jesús var ekki á meðal ættingja eða vina eins og þau höfðu haldið. María og Jósef fóru því strax aftur til Jerúsalem til að leita að Jesú. Hvar heldurðu að hann hafi verið? —

Þau fundu Jesú í musterinu. Hann var að hlusta á kennarana og spyrja þá spurninga. Hann gat líka svarað spurningum þeirra. Þeir voru mjög undrandi hversu vel hann svaraði. Sérðu núna hvers vegna Guð var ánægður með son sinn? —

María og Jósef voru auðvitað mjög fegin þegar þau fundu hann loksins. En Jesús hafði ekki verið áhyggjufullur. Hann vissi að musterið var öruggur staður. Þess vegna spurði hann: „Vissuð þið ekki, að mér ber að vera í húsi föður míns?“ Hann vissi að musterið var hús Guðs og honum fannst gott að vera þar.

Eftir þetta fóru María og Jósef með Jesú aftur heim til Nasaret. Hvernig heldurðu að Jesús hafi komið fram við foreldra sína?

— Biblían segir að hann hafi verið „þeim hlýðinn“. Já, hann gerði það sem foreldrar hans báðu hann um og vann til dæmis ýmis heimilisstörf eins og að sækja vatn í brunn.


— Lúkas 2:41-52.

Taktu eftir að *Jesús hlýddi ófullkomnum foreldrum sínum þó að hann væri fullkominn*. Gladdi það Guð? — Já, vissulega, því að í orði hans er börnum sagt: „Hlýðið foreldrum ykkar.“ (Efesusbréfið 6:1) Þú getur glatt Guð með því að líkja eftir Jesú og hlýða foreldrum þínum.

Þú getur líka glatt Guð með því að segja öðrum frá honum. Sumum finnst kannski að börn eigi ekki að segja öðrum frá Guði. En á dögum Jesú gerðu nokkrir drengir það og þegar fólk reyndi að þagga niður í þeim, sagði Jesús:

„Hafið þið aldrei lesið í Ritningunni: „Af munni barna fær Guð lof“? (Matteus 21:16) Allir geta sagt öðrum frá Jehóva

Hvernig gladdi Jesús Guð þegar hann var barn?



og útskýrt hversu dásamlegur Guð hann er ef þá langar til þess. Ef við gerum það gleðjum við Guð.

Hvernig getum við fræðst um Guð svo að við getum sagt öðrum frá honum? — Með því að lesa og rannsaka Biblíuna heima. Við lærum síðan meira á samkomum þar sem þjónar Guðs koma saman til að fræðast. En hvernig vitum við hverjir eru þjónar Guðs? —

Í fyrsta lagi er gott að athuga hvað fólk gerir á samkomunum. Kennir það örugglega það sem Biblían segir? Les það upp úr Biblíunni og ræðir um hana? Er það ekki þannig sem við hlustum á Guð? — Viljum við ekki heyra það sem Guð segir þegar við erum á safnaðarsamkomum? — En hvað ef fólk segir að þú þurfir ekki að fara eftir því sem stendur í Biblíunni? Heldurðu að slíkt fólk þjóni Guði? —

Það er líka gott að muna að Biblían segir að þjónar Guðs eigi að „bera nafn hans“. (Postulasagan 15:14) Guð heitir Jehóva og þess vegna getum við spurt fólk hvort Jehóva sé Guð þeirra. Ef það segir nei, þá vitum við að það er ekki þjónar hans. Þjónar Guðs eiga líka að segja öðrum frá Guðsríki og sýna kærleika sinn til Guðs með því að halda boðorð hans. — 1. Jóhannesarbréf 5:3.

Ef þú þekkir fólk sem gerir allt þetta ættirðu að fara með því á samkomur. Þú ættir að hlusta vandlega á samkomunum og svara síðan þegar spurt er spurninga. Jesús gerði það þegar hann var í húsi Guðs. Ef þú gerir allt þetta gleðurðu Guð eins og Jesús gerði.

Manstu eftir frásögum í Biblíunni af öðrum börnum sem glöddu Guð? — Tímóteus er mjög gott dæmi. Pabbi hans tilbað



*Hvað vildi Tímóteus gera
þó að pabbi hans tilbæði ekki Guð?*

ekki Jehóva. En það gerðu Evnike, mamma hans, og Lóis, amma hans. Tímóteus hlustaði á þær og þannig lærði hann um Jehóva.

Seinna, þegar Tímóteus var orðinn eldri, heimsótti Páll postuli heimabæ hans. Páll tók eftir hversu mikið Tímóteus langaði til að þjóna Jehóva. Þess vegna bauð hann Tímóteusi að ferðast með sér svo að hann gæti þjónað Jehóva enn betur. Páll og Tímóteus töluðu við fólk um Jesú og Guðsríki hvar sem þeir komu. — Postulasagan 16:1-5; 2. Tímóteusarbréf 1:5; 3:14, 15.

En nefnir Biblían bara drengi sem glöddu Guð? — Nei, hún segir líka frá ungri ísraelskri stúlku sem gladdi Guð. Á hennar dögum voru Sýrland og Ísrael óvinabjóðir. Dag einn börðust Sýrlendingar við Ísrael og tóku stúlkuna til fanga. Hún var send heim til hershöfðingja, sem hét Naaman, til að vera þjónustustúlka eiginkonu hans.



Hvernig gladdi þessi ísraelska stúlka Guð?

Naaman var með sjúkdóm sem kallast holdsveiki. Enginn læknir hafði getað hjálpað honum. Ísraelska stúlkan trúði því samt að spámaður Guðs gæti hjálpað honum. En Naaman og kona hans tilbáðu að sjálfsögðu ekki Jehóva. Átti hún þá að segja þeim frá spámanninum? Hvað hefðir þú gert? —

Stúlkan sagði: 'Ég vildi óska að Naaman færi til spámanns Jehóva í Ísrael því að hann gæti læknað hann af holdsveikinni.' Naaman hlustaði á stúlkuna og fór til spámanns Jehóva. Eftir að hafa gert það sem spámaðurinn sagði honum að gera læknaðist hann. Þetta varð til þess að Naaman fór að þjóna hinum sanna Guði. — 2. Konungabók 5: 1-15.

Myndir þú vilja gera eins og stúlkan frá Ísrael og hjálpa einhverjum að kynnast Jehóva og því sem hann getur gert? — Hverjum gætirðu hjálpað? — Þeir sem þú vilt hjálpa halda kannski í byrjun að þeir þurfi enga hjálp. En þú gætir sagt þeim frá öllu því góða sem Jehóva gerir. Þá hlusta þeir kannski. Þú getur að minnsta kosti verið viss um að það gleður Guð.

Eftirfarandi ritningarstaðir hvetja ungt fólk til að þjóna Guði með gleði: Sálmur 122:1; 148:12, 13; Prédikarinn 12:1; 1. Tímóteusarbréf 4:12; Hebreabréfið 10:23-25.

AF HVERJU ÞURFUM VIÐ AÐ VINNA?

HVORT finnst þér skemmtilegra, að vinna eða leika þér? — Það er alls ekki neitt rangt við það að leika sér. Biblí-an talar um að Jerúsalem hafi verið, full af drengjum og stúlkum sem léku sér þar á torgunum. — Sakaríá 8:5.

Kennaranum mikla fannst gaman að horfa á börn leika sér. Áður en hann kom til jarðarinnar sagði hann: „Þá stóð ég við hliðina á Guði sem verkstjóri, leikandi mér fyrir augliti hans alla tíma.“ Hér er sagt að Jesús hafi verið verkstjóri sem sýnir að hann vann með Jehóva á himnum. Þegar hann var þar sagði hann: „Ég hafði yndi af mannanna börnum.“ Já, eins og við höfum áður lesið sýndi kennarinn mikli fólki

Hverju hafði kennarinn mikli gaman af áður en hann kom til jarðarinnar?





mikinn áhuga, þar á meðal börnum. — Orðskviðirnir 8:30, 31.

Heldurðu að Jesús hafi leikið sér þegar hann var barn? — Alveg örugglega. En vann hann líka á jörðinni fyrst hann hafði verið verkstjóri á himnum? — Jesús var kallaður „sonur smiðsins“, en hann var líka kallaður „smiðurinn“. Hvað segir það okkur? — Það segir okkur að Jósef, fósturfaðir Jesú, hafi kennt honum smíði. Þess vegna varð Jesús líka smiður. — Matteus 13:55; Markús 6:3.

Hvernig smiður var Jesús? — Fyrst hann var verkstjóri á himnum hlýtur hann að hafa verið mjög fær í því sem hann gerði þar. Heldurðu ekki að hann hafi þá orðið

*Hvaða tvenns konar vinnu vann
Jesús hérna á jörðinni?*



góður smiður á jörðinni? — Það hefur örugglega verið erfitt starf að vera smiður á þeim tíma. Jesús hefur líklega þurft að fella tré og búa það niður, bera timbrið heim og smíða úr því borð, bekki og ýmislegt annað.

Heldurðu að Jesús hafi haft ánægju af þessari vinnu? — Fyndist þér ekki gaman að geta búið til góða stóla og borð og aðra hluti sem fólk notar? — Biblían segir að það sé gott að hafa ánægju af því sem maður gerir. Vinna veitir okkur vissa gleði sem við njótum ekki þegar við leikum okkur. — Prédikarinn 3:22.

Vinna er holl bæði fyrir huga og líkama. Mörg börn sitja bara og horfa á sjónvarpið eða spila tölvuleiki. Þau fitna og verða máttlítil, og eru í rauninni ekki ánægð. Þau gleðja ekki heldur aðra. Hvað þurfum við að gera til að vera ánægð? —

Við lærðum í 17. kafla að það er ánægjulegt að gefa og hjálpa öðrum. (Postulasagan 20:35) Biblían kallar Jehóva „hinn sæla Guð“. (1. Tímóteusarbréf 1:11, *Biblían* 1912) Við lesum líka í Orðskviðunum að Jesús hafi „leikið sér fyrir augliti Guðs alla tíma“. Hvers vegna var Jesús svona ánægður? — Hann svaraði því að hluta til þegar hann sagði: „Faðir minn starfar til þessarar stundar, og ég starfa einnig.“ — Jóhannes 5:17.

Jesús vann ekki alltaf sem smiður þegar hann var á jörðinni. Jehóva Guð ætlaði honum sérstakt verkefni. Veistu hvað það var? — Jesús sagði: „Ég á að flytja fagnaðarerindið um ríki Guðs því að ég var sendur til þess.“ (Lúkas 4:43) Þegar Jesús prédikaði fyrir fólki trúðu sumir honum og sögðu öðrum frá því sem hann sagði, alveg eins og samverska konan sem þú sérð hérna á myndinni. — Jóhannes 4:7-15, 27-30.

Hvað fannst Jesú um þetta verkefni? Heldurðu að hann hafi viljað taka það að sér? — Jesús sagði: „Minn matur er að gjöra

vilja þess, sem sendi mig, og fullna verk hans.“ (Jóhannes 4:34) Finnst þér gaman að borða uppáhaldsmatinn þinn? — Það ætti að gefa þér góða hugmynd um hve mikla ánægju Jesús hafði af því að leysa af hendi verkefnið sem Guð fékk honum.

Guð skapaði okkur þannig að okkur fyndist gaman að læra að vinna. Hann segir að það sé gjöf frá sér að maðurinn skuli hafa ánægju af því að vinna. Ef við lærum að vinna þegar við erum ung verður líf okkar ánægjulegra. — Prédikarinn 5:18.

Það þýðir auðvitað ekki að börn geti gert það sama og fullorðnir. En við getum samt öll lagt okkar af mörkum. Foreldrar þínir fara kannski í vinnuna á hverjum degi svo að fjölskyldan geti haft nóg að borða og átt þak yfir höfuðið. Og þú veist örugglega að það er margt sem þarf að gera á heimilinu til að halda því hreinu og snyrtilegu.

Hvernig geturðu hjálpað til á heimilinu svo að allir í fjölskyldunni njóti góðs af? — Þú getur lagt á borð, vaskað upp, farið út með ruslið, tekið til í herberginu þínu og sett leikföngin á sinn stað. Kannski gerirðu eitthvað af þessu nú þegar. Ef þú gerir þetta kemur það fjölskyldunni að miklu gagni og er henni til ánægju.

Við skulum skoða hvers vegna þessi verk geta verið gagnleg. Leikföng á að setja á sinn stað þegar búið er að leika með þau. Af hverju er það mikilvægt? — Af því að þá verður heimilið snyrtilegt og það getur komið í veg fyrir slys. Ef þú tekur ekki saman leikföngin getur mamma þín stigið á þau og dottið og meitt sig einn daginn þegar hún kemur heim með fullt fangið. Hún gæti jafnvel þurft að fara á spítala. Væri það ekki hræðilegt? — Það er því gott og gagnlegt að taka til eftir sig þegar maður er búinn að leika sér.

Börn hafa líka önnur verkefni. Til dæmis þurfa þau að læra heima. Í skólanum lærirðu að lesa. Sumum börnum finnst gaman að lesa en öðrum finnst það erfitt. En þótt það virðist vera erfitt til að byrja með er gaman fyrir þig að vera vel læs. Þú getur lært margt skemmtilegt ef þú kannt að lesa. Þú getur jafnvel lesið bók Guðs, Biblíuna. Er þá ekki gott og gagnlegt að læra vel heima? —

Sumir reyna að komast hjá því að vinna. Kannski þekkirðu einhvern sem gerir það. En fyrst Guð skapaði okkur til að vinna verðum við að læra að njóta þess. Fannst kennaranum mikla gaman að vinna? — Já, honum fannst það vera eins og að borða uppáhaldsmatinn sinn. En hvaða vinnu var hann að tala um? — Hann var að tala um það að segja öðrum frá Jehóva Guði og hvernig þeir gætu fengið eilíft líf.

Það er tvennt sem þú getur gert til að hafa gaman af vinnu. Þú getur spurt þig: „Af hverju er þessi vinna nauðsynleg?“ Það er auðveldara að gera eitthvað ef þú veist af hverju það er mikilvægt. Og hvort sem vinnan er mikil eða lítil skaltu alltaf skila af þér góðu verki. Ef þú gerir það muntu hafa gaman af því að vinna, alveg eins og kennarinn mikli.

Biblían getur hjálpað okkur að verða dugleg að vinna. Lestu það sem stendur í Orðskviðunum 10:4; 22:29; Prédikaranum 3:12, 13 og Kólossubréfinu 3:23.

Hvers vegna er mikilvægt að taka til eftir sig þegar maður er búinn að leika sér?



HVERJIR ERU BRÆÐUR OKKAR OG SYSTUR?

ÞITT sinn spurði kennarinn mikli: „Hver er móðir mín, og hverjir eru bræður mínir?“ (Matteus 12:48) Þetta var óvenjuleg spurning. Geturðu svarað henni? — Þú veist líklega að móðir Jesú hét María. En veistu hvað bræður hans hétu? — Og átti hann einhverjar systur? —

Biblían segir að bræður Jesú hafi heitið „Jakob, Jósef, Símon og Júdas“. Og hann átti líka systur sem voru á lífi þegar hann prédikaði. Þar sem Jesús var frumburðurinn voru öll systkini hans yngri en hann. — Matteus 13:55, 56; Lúkas 1:34, 35.

Voru bræður Jesú lærisveinar hans? — Biblían segir að í byrjun hafi þeir „ekki trúað á hann“. (Jóhannes 7:5) En seinna meir urðu Jakob og Júdas lærisveinar hans og skrifuðu meira að segja bréf sem eru í Biblíunni. Veistu hvað þau heita? — Já, Jakobsbréfið og Júdasarbréfið.

Þó að systur Jesú séu ekki nefndar með nafni í Biblíunni vitum við að hann átti að minnsta kosti tvær. En þær geta hafa verið fleiri. Gerðust systur hans fylgjendur hans? — Við vitum það ekki vegna þess að Biblían segir ekkert um það. En veistu hvers vegna Jesús spurði: „Hver er móðir mín, og hverjir eru bræður mínir?“ — Við skulum athuga það.

Jesús var að kenna lærisveinunum þegar einhver truflaði hann og sagði: „Móðir þín og bræður standa hér úti og vilja tala við þig.“ Jesús notaði því tækifærið til að kenna áheyrendum sínum

mikilvægan lærdóm með því að spyrja þessarar óvenjulegu spurningar: „Hver er móðir mín, og hverjir eru bræður mínir?“ Hann rétti út höndina í átt að lærisveinunum og sagði: „Hér er móðir mín og bræður mínir.“

Síðan útskýrði Jesús við hvað hann átti: „Hver sem gjörir vilja föður míns, sem er á himnum, sá er bróðir minn, systir og móðir.“ (Matteus 12:47-50) Þetta sýnir hvað Jesú fannst hann náinn lærisveinum sínum. Hann var að kenna okkur að lærisveinarnir hafi verið honum eins og raunverulegir bræður, systur og mæður.

Þegar þetta gerðist trúðu bræður Jesú, þeir Jakob, Jósef, Símon og Júdas, ekki að hann væri sonur Guðs. Þeir hafa greinilega ekki trúað því sem engillinn Gabríel sagði við móður þeirra. (Lúkas 1:30-33) Kannski hafa þeir verið vondir við Jesú. Sá sem lætur þannig hagar sér ekki eins og *sannur* bróðir eða *sönn* systir. Þekkirðu einhvern sem hefur verið vondur við bróður sinn eða systur? —

Hverja sagði Jesús vera bræður sína og systur?




Biblían segir frá Esaú og Jakobi og að Esaú hafi orðið svo reiður að hann sagði: „Ég ætla að drepa Jakob bróður minn.“ Rebekka, móðir þeirra, varð mjög hrædd og lét senda Jakob í burtu svo að Esaú gæti ekki drepið hann. (1. Mósebók 27:41-46) En mörgum árum síðar breyttist Esaú og faðmaði og kyssti Jakob. — 1. Mósebók 33:4.

Jakob eignaðist tólf syni. En eldri sonum hans þótti ekki vænt um Jósef, yngri bróður sinn. Þeir voru öfundsjúkir út í hann vegna þess að hann var eftirlæti föður þeirra. Þeir seldu hann því þrælakaupmönnum sem voru á leið til Egyptalands. Síðan sögðu þeir föður sínum að villidýr hefði drepið Jósef. (1. Mósebók 37:23-36) Var þetta ekki hræðilegt? —

Seinna sáu bræður Jósefs eftir því sem þeir höfðu gert og Jósef fyrirgaf þeim. Sérðu hvernig Jósef líktist Jesú? — Postular Jesú flúðu frá honum þegar hann var í erfiðleikum og Pétur sagðist jafnvel ekki þekkja hann. En Jesús fyrirgaf þeim öllum líkt og Jósef gerði.

Hvaða lærdóm getum við dregið af því sem Kain gerði Abel?



Við getum líka dregið lærdóm af bræðrunum Kain og Abel. Guð sá að Kain elskaði ekki bróður sinn og sagði honum að bæta ráð sitt. Ef Kain hefði elskað Guð í raun og veru hefði hann hlustað á hann. En hann elskaði ekki Guð. Dag einn sagði Kain við Abel: „Göngum út á akurinn!“ Abel fór með honum. Þegar þeir voru einir úti á akrinum sló Kain bróður sinn svo fast að hann drap hann. — 1. Mósebók 4:2-8.

Í Biblíunni er okkur sagt að draga sérstakan lærdóm af þessu. Veistu hver hann er? — ,Þetta er boðskapurinn sem þið hafið heyrt frá upphafi: Við eigum að elska hver annan. Ekki vera eins og Kain sem heyrði hinum vonða til.‘ Bræðrum og systurum ætti því að þykja vænt hvert um annað. Þau ættu ekki að vera eins og Kain. — 1. Jóhannesarbréf 3:11, 12.

Hvers vegna væri slæmt að vera eins og Kain? — Vegna þess að Biblían segir að hann hafi ,tilheyrt hinum vonða‘, Satan djöflinum. Það var engu líkara en að Satan væri faðir Kains af því að Kain hegðaði sér eins og hann.

Sérðu hvers vegna það er mikilvægt að elska systkini sín? — Eftir hvaða börnum værir þú að líkja ef þér þætti ekki vænt um systkini þín? — Börnum Satans. Ekki viltu það? — Hvernig geturðu þá sýnt að þú viljir vera barn Guðs? — Með því að elska systkini þín í raun og veru.

En hvað er það að elska? — Það er sterk tilfinning innra með okkur sem fær okkur til að gera öðrum gott. Við sýnum að okkur þykir vænt um aðra þegar við berum góðar tilfinningar til þeirra og gerum eitthvað gott fyrir þá. Og hver eru systkini okkar sem okkur ætti að þykja vænt um? — Mundu að Jesús sagði að það væru þau sem mynda hina stóru kristnu fjölskyldu.


Hversu mikilvægt er að þykja vænt um trússystkini okkar? — Biblían segir: „Sá sem elskar ekki bróður sinn [eða systur], sem hann hefur séð, getur ekki elskað Guð, sem hann hefur ekki séð.“ (1. Jóhannesarbréf 4:20) Við megum því ekki láta okkur þykja bara vænt um suma í kristnu fjölskyldunni. Okkur verður að þykja vænt um alla. Jesús sagði: „Á því munu allir þekkja að þið eruð mínir lærisveinar, ef þið berið elsku hver til annars.“ (Jóhannes 13:35) Þykir þér vænt um öll trússystkini þín? — Mundu að ef þér þykir það ekki geturðu ekki elskað Guð í raun og veru.

Hvernig getum við sýnt að okkur þyki vænt um bræður okkar og systur? — Ef okkur þykir vænt um þau sniðgöngum við þau ekki eða forðumst að tala við þau. Við erum vinalæg við þau öll. Við erum alltaf góð við þau og okkur langar til að gefa þeim af því sem við eigum. Ef þau eiga einhvern tíma í erfiðleikum hjálpum við þeim af því að við erum ein stór fjölskylda.

Hvernig geturðu sýnt að þú elskir bróður þinn?

Hvað sönnum við með því að elska öll trússystkini okkar? — Við sönnum að við erum lærisveinar Jesú, kennarans mikla. Og er það ekki einmitt það sem við viljum? —

Í Galatabréfinu 6:10 og 1. Jóhannesarbréfi 4:8, 21 er einnig rætt um það að elska bræður okkar og systur. Hvernig væri að þú opnaðir þína eigin biblíu og læsir þessi vers?




VELJUM OKKUR VINI SEM ELSKA GUÐ

VINIR okkar eru þeir sem okkur finnst gaman að vera með og tala við. En það er mikilvægt að velja sér rétta vini. Hver heldurðu að sé besti vinur sem við getum átt? — Já, það er Jehóva Guð.

Getum við virkilega verið vinir Guðs? — Biblían segir að Abraham, sem var uppi fyrir langa löngu, hafi verið ‚vinur Guðs‘. (Jakobsbréfið 2:23) Veistu af hverju hann var vinur Guðs? — Biblían segir að Abraham hafi *hlýtt* Guði. Hann hlýddi meira að segja þegar hann var beðinn um að gera það sem var erfitt. Til að vera vinir Jehóva verðum við að gera það sem gleður hann, alveg eins og Abraham gerði og kennarinn mikli hefur alltaf gert. — 1. Mósebók 22:1-14; Jóhannes 8:28, 29; Hebreabréfið 11:8, 17-19.

*Hvers vegna
var Abraham
vinur Guðs?*





*Hvers vegna heimsótti Jesús oft þessa fjölskyldu
þegar hann var í Jerúsalem? Veistu hvað þau heita?*

Jesús sagði við postulana: „Þið eruð vinir mínir ef þið gerið það sem ég bið ykkur um.“ (Jóhannes 15:14) Allt sem Jesús sagði var komið frá Jehóva. Jesús átti því við að vinir sínir gerðu það sem Guð segði þeim að gera. Já, allir vinir hans elskuðu Guð.

Postularnir voru meðal nánustu vina kennarans mikla. Þú getur séð mynd af þeim á blaðsíðu 75. Þeir ferðuðust með honum og prédikuðu með honum. Jesús var mikið með þeim. Þeir borðuðu saman, töluðu um Guð og gerðu ýmislegt annað saman. En Jesús átti marga aðra vini sem hann heimsótti og átti góðar stundir með.

Jesú þótti gaman að heimsækja fjölskyldu sem bjó í smábænum Betaníu, nálægt Jerúsalem. Manstu eftir þessari fjölskyldu? — Þetta voru systkinin María, Marta og Lasarus. Jesús kallaði Lasarus vin sinn. (Jóhannes 11:1, 5, 11) Jesú þótti vænt um þessi

systkini og naut þess að vera með þeim vegna þess að þau elskuðu Jehóva og þjónuðu honum.

Jesús var líka góður við fólk sem þjónaði ekki Guði. Hann heimsótti það meira að segja og borðaði með því. Þess vegna sögðu sumir að Jesús væri „vinur tollheimtumanna og bersyndugra“. (Matteus 11:19) En Jesús heimsótti þetta fólk ekki af því að hann væri ánægður með líferni þess heldur til að segja því frá Jehóva. Hann reyndi að hjálpa því að breyta líferni sínu og þjóna Guði.

Dag nokkurn var Jesús á leið til Jerúsalem og kom við í Jeríkó. Þar var fjöldi fólks og í mannfjöldanum var maður sem hét Sakkeus. Hann langaði til að sjá Jesú. En Sakkeus var lágvaxinn og sá ekki Jesú vegna mannfjöldans. Hann hljóp því á undan og klifraði upp í tré til að geta séð hann þegar hann færi fram hjá.

Þegar Jesús kom að trénu leit hann upp og sagði: „Flýttu þér niður því að í dag verð ég í húsi þínu.“ En Sakkeus var ríkur maður sem hafði gert margt slæmt. Af hverju vildi Jesús fara heim til slíks manns? —

*Af hverju klifraði
Sakkeus upp í tréð?*





Hvers vegna heimsækir Jesús Sakkeus og hvað lofar Sakkeus að gera?

hann hafði ekki leyfi til að taka. Síðan gerist hann lærisveinn Jesú. Það er ekki fyrr en þá sem Jesús og Sakkeus verða vinir. — Lúkas 19:1-10.

Ef við fylgjum fordæmi kennarans mikla förum við þá til þeirra sem eru ekki vinir okkar? — Já, við förum til þeirra, en ekki af því að við séum ánægð með líferni þeirra. Við tökum ekki heldur þátt í að gera neitt rangt með þeim. Við förum til þeirra til þess að segja þeim frá Guði.

Það var ekki af því að Jesús væri ánægður með líferni þessa manns. Hann fór þangað til að segja honum frá Guði. Hann sá að Sakkeus hafði lagt mikið á sig til að geta séð hann. Þess vegna vissi hann að Sakkeus myndi hlusta. Þetta var hentugur tími til að segja honum hvernig Guð vill að fólk lifi lífinu.

Hvað sjáum við hérna á myndinni? — Sakkeus kann greinilega vel að meta það sem Jesús hefur kennt honum. Hann iðrast þess að hafa svindlað á fólki og hann lofar að skila peningunum sem

En nánir vinir okkar eru þeir sem okkur finnst sérstaklega gaman að vera með. Þeir eru samt ekki heppilegir vinir nema Guð sé ánægður með þá. Sumir vita kannski ekki einu sinni hver Jehóva er. En við getum hjálpað þeim ef þeir vilja læra um hann. Og þegar sú stund kemur að þeir elska Jehóva eins og við, þá geta þeir orðið nánir vinir okkar.

Það er önnur leið til að komast að því hvort einhver yrði góður vinur. Fylgstu með því sem hann gerir. Er hann vondur við aðra og fer síðan bara að hlæja? Heldurðu að það sé rétt að gera slíkt? — Er hann alltaf að koma sér í klandur? Ekki myndum við vilja lenda í vandræðum með honum? — Eða gerir hann viljandi það sem er rangt og heldur síðan að hann sé klár af því að hann kemst upp með það? Sér Guð samt ekki til hans? — Fyndist þér gott að eiga vin sem gerir slíkt? —

Við skulum opna Biblíuna og athuga hvað hún segir okkur um þau áhrif sem vinir hafa á okkur. Lesum saman 1. Korintubréf, kafla 15, vers 33. Ertu búinn að finna versið? — Þar stendur: „Villist ekki. Vondur félagsskapur spillir góðum siðum.“ Þetta þýðir að ef við erum með fólki, sem gerir rangt, gætum við sjálf farið að gera rangt. En góðir vinir geta líka hjálpað okkur að temja okkur góða siði.

Við megum aldrei gleyma að Jehóva er mikilvægasta persónan í lífi okkar. Myndum við vilja skaða vináttusamband okkar við hann? — Þess vegna verðum við að gæta þess að vingast að eins við þá sem elska Guð.

Lesum hve mikilvægt það er að eiga rétta vini í Sálmi 119:115; Orðskviðunum 13:20; 2. Tímóteusarbréfi 2:22 og 1. Jóhannesarbréfi 2:15.



HVAÐ ER GUÐSRÍKI OG HVERNIG SÝNUM VIÐ AÐ VIÐ STYÐJUM ÞAÐ?

KANNTU bænina sem Jesús kenndi fylgjendum sínum?
— Ef ekki, getum við lesið hana saman í Biblíunni í Matteusi 6:9-13. Margir kalla þessa bæn faðirvorið. Þar segir meðal annars: „Til komi þitt ríki.“ Veistu hvað Guðsríki er? —

Guðsríki er eins konar ríkisstjórn. Til eru margs konar ríkisstjórnir og í sumum þeirra er æðsti stjórnandinn kallaður forseti. En ríkisstjórnin, sem Guð hefur lofað að komi, kallast Guðsríki og stjórnandi hennar kallast konungur.

Veistu hvern Jehóva Guð valdi til að stjórna í ríki sínu?
— Hann valdi son sinn, Jesú Krist. Hvers vegna er Jesús betri en allir stjórnendur sem menn gætu valið? — Vegna þess að hann

Hvaða starf var Jesús sendur til að vinna á jörðinni?



elskar Jehóva, föður sinn. Þess vegna gerir hann alltaf það sem er rétt.

Löngu áður en Jesús fæddist í Betlehem talaði Biblían um fæðingu hans og sagði að Guð myndi velja hann sem stjórnanda. Við skulum lesa um þetta í Jesaja 9:6, 7. Þar segir: „Barn er oss fætt, sonur er oss gefinn. Á hans herðum skal *höfðingjadómurinn* hvíla. Nafn hans skal kallað . . . *Friðarhöfðingi*. Mikill skal *höfðingjadómurinn* verða og friðurinn engan enda taka.“

Hér er talað um Jesú sem stjórnanda Guðsríkis og hann er kallaður ‚höfðingi‘. Auk þess er hann sonur Jehóva, konungsins mikla. Jehóva hefur gert Jesú að konungi í stjórn sinni sem mun ríkja yfir jörðinni í þúsund ár. (Opinberunarbókin 20:6) Eftir að Jesús lét skírast fór hann að prédika og segja: „Gerið iðrun, himnaríki er í nánd.“ — Matteus 4:17.

Af hverju ætli Jesús hafi sagt að himnaríki væri í nánd? — Af því að konungurinn, sem átti seinna að stjórna á himnum, var hjá þeim. Þess vegna sagði Jesús líka: ‚Guðs ríki er meðal ykkar.‘ (Lúkas 17:21, neðanmáls) Myndir þú ekki vilja vera svo nálægt konungi Guðsríkis að þú gætir snert hann? —

Hvaða mikilvæga starf átti Jesús að vinna á jörðinni? — Jesús svaraði þessari spurningu þegar hann sagði: „Mér ber og að flytja hinum borgunum *fagnaðarerindið um Guðs ríki*, því að til þess var ég sendur.“ (Lúkas 4:43) Jesús vissi að hann gæti ekki sinnt prédikunarstarfinu einn. Hvað heldurðu að hann hafi gert? —

Jesús tók fólk með sér og kenndi því að prédika. Hann byrjaði á því að kenna postulunum tólf. (Matteus 10:5, 7) En kenndi hann bara postulunum að

prédika? Nei, Biblían segir að hann hafi kennt mörgum öðrum. Seinna sendi hann 70 aðra lærisveina á undan sér, tvo og tvo saman. Hvað kenndu þeir fólki? — Jesús sagði: „Segið þeim: „Guðs ríki er komið í nánd við ykkur.““ (Lúkas 10:9) Þannig lærði fólk um ríki Guðs.

Löngu áður en þetta gerðist var hefð í Ísrael að nýir konungar kæmu ríðandi inn í borgina á fola svo að fólkið gæti séð þá. Jesús gerir þetta í síðasta skiptið sem hann heimsækir Jerúsalem. Hann gerir það af því að hann á að verða konungur Guðsríkis. Vill fólkið fá hann fyrir konung? —

Þegar hann kemur inn í borgina tekur mikill mannfjöldi á móti honum og margir leggja yfirhafnir sínar á götuna fyrir framan hann. Aðrir höggva greinar af trjám og leggja á götuna. Með þessu sýnir fólkið að það vilji fá Jesú fyrir konung. Það hrópar: „Blessaður sé sá sem kemur, konungurinn, í nafni Drottins.“ En það eru ekki allir ánægðir. Sumir trúarleiddtogar segja jafnvel við Jesú: „Þaggaðu niður í lærisveinum þínum.“ — Lúkas 19: 28-40.

Fimm dögum seinna er Jesús handtekinn og leiddur inn í höll til að hitta landstjórann Pontíus Pílatus. Óvinir Jesú halda því fram að hann segist vera konungur og að hann sé á móti rómversku ríkisstjórninni. Pílatus spyr Jesú um þetta. Jesús bendir á að hann sé ekki að reyna að hrifsa til sín völd. „Mitt ríki er ekki af þessum heimi,“ segir hann við Pílatus. — Jóhannes 18:36.

Pílatus fer þá út og segir fólkinu að hann finni enga sök hjá Jesú. En núna vill fólkið ekki fá Jesú fyrir konung. Það vill ekki einu sinni að hann verði látinn laus. (Jóhannes 18:37-40) Pílatus talar aftur við Jesú og eftir það er hann viss um að Jesús hafi ekki gert neitt af sér. Að lokum fer hann með Jesú út til fólks-



ins og segir: „Sjáið konung ykkar!“ En fólk-
ið hrópar: „Burt með hann! Burt með hann!
Krossfestu [„staurfestu“, NW] hann!“

*Af hverju
vildi fólkíð ekki
lengur fá Jesú
fyrir konung?*

Pílatus spyr: „Á ég að krossfesta [„staurfesta“, NW] konung ykkar?“ Æðstu prestarnir svara: „Við höfum engan konung nema keisarann.“ Hugsaðu þér! Þessir vondu prestar eru búnir að snúa fólkinu á móti Jesú. — Jóhannes 19:1-16.

Ástandið nú á dögum er mjög svipað. Fæstir vilja fá Jesú fyrir konung. Þeir segjast kannski trúá á Guð en vilja ekki að Guð eða Kristur segi





þeim hvað þeir eigi að gera. Þeir vilja hafa sínar eigin ríkisstjórnir hér á jörðinni.


Hvað um okkur? Hvaða áhrif hefur það á okkur að læra um Guðsríki og allt það góða sem það mun gera fyrir okkur? — Þykir okkur ekki vænt um Guð? — En hvernig getum við sýnt Guði að við elskum hann og viljum lúta stjórn hans? —

Við getum sýnt Guði hvernig okkur er innanbrjóst með því að fylgja fordæmi Jesú. Hvernig sýndi Jesús að hann elskaði Jehóva? — Hann sagði: „Ég geri alltaf það sem honum þóknast.“ (Jóhannes 8:29) Já, Jesús kom til jarðar ,til að gera vilja Guðs‘ og til að „fullna verk hans“. (Hebreabréfið 10:7; Jóhannes 4:34) En við skulum athuga hvað Jesús gerði áður en hann hóf prédikunarstarfið.

Jesús fór niður að ánni Jórdan til Jóhannesar skírara. Eftir að þeir höfðu vaðið út í ána skírði Jóhannes hann með því að dýfa honum á kaf í vatnið og lyfta honum síðan upp aftur. Veistu af hverju Jóhannes skírði hann? —

Jesús bað Jóhannes að skíra sig. En hvernig vitum við að Guð vildi að Jesús léti skírast? — Við vitum það af því að þegar Jesús kom

Af hverju lét Jesús skírast og hvernig sýndi Guð að hann var ánægður með það?



Hvar getum við sagt öðrum frá Guðsríki?

upp úr vatninu heyrði hann rödd Guðs af himni segja: „Þú ert minn elskaði sonur, á þér hef ég velþóknun.“ Guð lét heilagan anda sinn meira að segja koma yfir Jesú í dúfulíki. Með því að láta skírast sýndi Jesús að hann vildi þjóna Jehóva alla ævi — já, að eilífu. — Markús 1:9-11.

Þú ert enn þá að vaxa og þroskast. En hvað ætlaðu að gera seinna? — Ætlaðu að láta skírast eins og Jesús? — Þú ættir að líkja eftir honum því að Biblían segir að hann sé fyrirmynd okkar og að við eigum að „feta í hans fótspor“. (1. Pétursbréf 2:21) Þegar þú lætur skírast sýnirðu að þig langi til lúta stjórn Guðs. En það er ekki nóg að láta skírast.

Við þurfum líka að fara eftir öllu því sem Jesús kenndi. Jesús sagði að við ættum ekki að vera „af heiminum“. Værum við að hlýða honum ef við tækjum upp siði heimsins? Jesús og postularnir héldu sér frá öllu slíku. (Jóhannes 17:14) Hvað gerðu þeir í staðinn? — Þeir sögðu öðrum frá Guðsríki. Það var aðalstarf þeirra. Getum við gert það sama? — Já, og við gerum það ef við viljum að Guðsríki komi eins og við biðjum um.

Lestu þessa ritningarstaði en þeir benda okkur á hvernig við getum sýnt að við viljum að Guðsríki komi: Matteus 6:24-33; 24:14; 1. Jóhannesarbréf 2:15-17 og 5:3.



FERST HEIMURINN AFTUR Í FLÓÐI?

HEFURÐU einhvern tíma heyrt talað um heimsendi? — Margir tala um heimsendi nú á dögum. Sumir segja að heimurinn eigi eftir að farast í kjarnorkustríði. Heldurðu að Guð láti fallegu jörðina okkar og stjörnuprýddan himininn einhvern tíma farast? —

Eins og við höfum lært er talað um endalok heimsins í Biblíunni. „Heimurinn fyrirferst,“ segir þar. (1. Jóhannesarbréf 2:17) Heldurðu að jörðin eigi eftir að eyðast þegar heimurinn ferst? — Nei, því að Biblían segir að Guð hafi skapað jörðina þannig að hún væri „byggileg“ og

*Hvaða heimi var eytt
á dögum Nóa?*



fólk gæti búið á henni og liðið vel. (Jesaja 45:18) Í Sálmi 37:29 segir: „Hinir réttlátu fá landið til eignar og búa í því um aldur.“ Þetta er líka ástæðan fyrir því að Biblían segir að jörðin eigi að standa að eilífu. — Sálmur 104:5; Prédikarinn 1:4.

En hvað er átt við fyrst jörðin eyðist ekki við endalok heimsins? — Við getum komist að því með því að skoða vel það sem gerðist á dögum Nóa. Biblían segir: ‚Vatnsflóðið gekk yfir þann heim, sem þá var, svo að hann fórst.‘ — 2. Pétursbréf 3:6.

Lifði einhver af þegar heimurinn fórst í Nóaflóðinu? — Í Biblíunni kemur fram að Guð hafi þjargað Nóa, prédikara réttlætisins, og sjö öðrum þegar hann lét vatnsflóðið koma yfir heim óguðlegra. — 2. Pétursbréf 2:5.

Hvaða heimur fórst þá? Fórst jörðin eða var það vonða fólkið sem fórst? — Biblían segir að það hafi verið ‚heimur óguðlegra‘. Taktu líka eftir að Nói er kallaður ‚prédikari‘. Hvað heldurðu að hann hafi verið að prédika? — Hann varaði fólkið við því að ‚heimurinn, sem þá var,‘ myndi farast.

Þegar Jesús talaði um Nóaflóðið sagði hann lærisveinunum frá því hvað fólk hafði verið að gera rétt áður en endirinn kom. Hann sagði: „Dagana fyrir flóðið átu menn og drukku, kvæntust og giftust allt til þess dags, er Nói gekk í örkina. Og þeir vissu ekki, fyrr en flóðið kom og hreif þá alla burt.“ Síðan sagði Jesús að áður en heimurinn okkar liði undir lok myndu mennirnir lifa lífinu á sama hátt. — Matteus 24:37-39.

Orð Jesú sýna að við getum lært ýmislegt af því hvernig fólk lifði lífinu fyrir Nóaflóðið. Manstu hvað fólkið gerði? — Við

lásur í 10. kafla að sumir hafi verið mjög ofbeldisfullir og níðst á öðrum. Jesús sagði að fæstir hefðu hlustað á Nóa þegar Guð sendi hann til að prédika fyrir þeim.

En þá rann upp sá dagur þegar Jehóva sagði Nóa að hann ætlaði að eyða öllu slæmu fólki í vatnsflóði. Vatnið átti að hylja alla jörðina og fjöllin líka. Jehóva sagði Nóa að smíða stóra örsk. Hún var eins og risastór, ílangur kassi eða kista eins og þú sérð á myndinni á blaðsíðu 238.

Guð sagði Nóa að smíða nógu stóra örsk til að hann, fjölskylda hans og dýrin kæmust fyrir í henni og björguðust. Núi og fjölskylda lögðu mjög hart að sér. Þau felldu stór tré og notuðu viðinn til að smíða örkina. Það tók fjölmörg ár að smíða hana því að hún var risastór.

Manstu hvað annað Núi gerði allan þann tíma sem hann var að smíða örkina? — Já, hann prédikaði og varaði fólk við flóðinu. Hlustaði nokkur? Nei, enginn nema fjölskylda hans. Allir hinir voru of uppteknir af öðru. Manstu hvað Jesús sagði að fólkið hefði verið að gera? — Það var upptekið af því að borða og drekka og kvænast og giftast. Fólkinu fannst það ekki vera að gera neitt slæmt og gaf sér ekki tíma til að hlusta á Nóa. Við skulum athuga hvað kom fyrir það.

Eftir að Núi og fjölskylda fóru inn í örkina lokaði Jehóva dyrunum á eftir þeim. Fólkið fyrir utan trúði ekki enn að flóðið myndi koma. En allt í einu byrjuðu vatnsdropar að falla af himni. Þetta var engin venjuleg rigning. Það rigndi eins og hellt væri úr fötu! Fljótlega myndaði vatnið beljandi fljót sem æddu áfram. Þau felldu stór tré og veltu stórum hnúllungum á undan sér rétt eins og þeir væru smásteinar. En hvað varð um


fólkið fyrir utan örkina? — Jesús sagði: „Flóðið kom og hreif alla burt.“ Allir sem voru fyrir utan örkina dóu. Af hverju? — Jesús segir að fólkið „hafi ekki vitað fyrr en flóðið kom“ af því að það hlustaði ekki á Nóa. — Matteus 24:39; 1. Mósebók 6:5-7.

Eins og þú manst sagði Jesús að við gætum lært margt af því sem kom fyrir fólkið á þeim tíma. Hvað getum við lært? — Fólkinu var ekki aðeins eytt vegna þess að það var slæmt heldur líka vegna þess að það var of upptekið til að fræðast um Guð og það sem hann ætlaði að gera. Við verðum að gæta okkar að verða ekki eins og þetta fólk. Ertu ekki sammála því? —

Heldurðu að Guð ætli að eyða heiminum aftur í vatnsflóði? — Nei, hann hefur lofað að gera það ekki. Hann sagði: „Regnboga minn set ég í skýin, að hann sé merki.“ Jehóva sagði að regnboginn ætti að vera merki um að vatnið yrði aldrei framar „að flóði til að tortíma öllu holdi“, það er að segja fólki. — 1. Mósebók 9:11-17.

Við getum þess vegna treyst því að Guð muni aldrei aftur eyða heiminum í vatnsflóði. En í Biblíunni er samt talað um endi heimsins eins og við vitum. Hverjum bjargar Guð þegar hann eyðir þessum heimi? — Ætli hann bjargi þeim

Af hverju megum við ekki bara hugsa um að skemmta okkur?



sem hafa áhuga á flestu öðru en að fræðast um hann? Ætli hann bjargi þeim sem eru alltaf of uppteknir til að rannsaka Biblíuna? Hvað heldurðu? —

Langar þig ekki til að vera meðal þeirra sem Guð bjargar? — Væri ekki gaman ef fjölskyldan okkar væri eins og fjölskylda Nóa þannig að Guð bjargaði okkur öllum? — Ef við viljum lifa af endi þessa heims verðum við að skilja hvernig Guð ætlar að eyða honum og koma á réttlátum nýjum heimi. Skoðum betur hvernig hann gerir það.

Í Daníelsbók 2. kafla, versí 44, er þetta útskýrt nánar. Í þessum ritningarstað er talað um okkar tíma. Þar segir: „Á dögum þessara konunga mun Guð himnanna hefja ríki [eða stjórn], sem aldrei skal á grunn ganga, og það ríki skal engri annarri þjóð í hendur fengið verða. Það mun knosa og að engu gjöra öll þessi ríki, en sjálft mun það standa að eilífu.“

Skilurðu þennan ritningarstað? — Biblían segir að ríki Guðs muni eyða öllum ríkisstjórnnum á jörðinni. Af hverju? — Af því að þær hlýða ekki konunginum sem Guð hefur valið. Og hver er það? — Já, það er Jesús Kristur.

Jehóva Guð hefur rétt til að ákveða hvers konar stjórn eigi að ríkja yfir jörðinni og hann hefur valið son sinn, Jesú, sem konung. Bráðlega tekur konungurinn Jesús Kristur forystuna í því að eyða öllum ríkisstjórnnum heimsins. Í Opinberunarbókinni 19. kafla, versí 11 til 16, er því lýst eins og myndin hérna sýnir. Þetta stríð er kallað Harmagedón.

Guð segir að ríki sitt muni eyða öllum ríkisstjórnnum manna. En segir hann okkur að taka þátt í því? — Nei, því að í



Biblífunni er Harmagedón kallað ,stríð-
ið á hinum mikla degi Guðs hins al-
valda‘. (Opinberunarbókin 16:14, 16)
Já, Harmagedón er stríð Guðs og hann
lætur Jesú Krist stjórna árás himneskra
hersveita. Er stutt í að Harmagedón komi?
Við skulum athuga hvernig við getum kom-
ist að því.

*Lesum saman um þann tíma þegar Guð eyðir
öllum vondum mönnum og bjargar þjónum sín-
um: Orðskviðirnir 2:21, 22; Jesaja 26:20, 21;
Jeremía 25:31-33 og Matteus 24:21, 22.*

*Jesús Kristur, konungur Guðs, eyðir
þessum heimi í Harmagedónstríðinu.*


HVERNIG VITUM VIÐ AÐ HARMAGEDÓN ER Í NÁND?

ÞÚ VEIST hvað tákn er, er það ekki? — Í 46. kafla lásum við að Guð hafi gefið merki eða tákn um að hann ætlaði aldrei framar að eyða heiminum í flóði. Postularnir báðu líka um tákn svo að þeir gætu vitað hvenær Jesús væri kominn aftur og hvenær endir heimsins eða heimskerfisins væri nærri. — Matteus 24:3.

Þar sem Jesús yrði ósýnilegur á himnum myndi þurfa sýnilegt tákn til að fólk vissi að hann væri byrjaður að ríkja. Hann sagði þess vegna frá ýmsu sem lærisveinar hans áttu að vera vakandi fyrir hér á jörðinni. Þegar táknið kæmi fram merkti það að hann væri snúinn aftur og byrjaður að ríkja sem konungur á himnum.

Til að kenna lærisveinum sínum hversu mikilvægt væri að halda


Hvað var Jesús að kenna þegar hann talaði um fíkjutréð?



vöku sinni sagði hann við þá: „Gætið að fíkjutrénu og öðrum trjám. Þegar þið sjáið þau farin að bruma þá vitið þið að sumarið er í nánd.“ Þú veist hvenær sumarið er í nánd. Og þú veist líka hvenær Harmagedónstríðið er í nánd þegar þú sérð allt gerast sem Jesús talaði um. — Lúkas 21:29, 30.

Á þessari síðu og þeirri næstu skulum við skoða myndir af því sem Jesús sagði að væri hluti af tákninu um að Guðsríki væri í nánd.





Þegar allt þetta kemur fram mun Guðsríki, með Krist sem stjórnanda, eyða öllum öðrum stjórnnum eins og við lásam um í 46. kafla.

Skoðaðu nú vel myndirnar á síðustu tveim blaðsíðum og við skulum ræða um þær. Í Matteusi 24:6-14 og Lúkasi 21:9-11 geturðu lesið um það sem þú sérð á þessum myndum. Taktu líka eftir litla tölustafnum á hverri mynd. Þú finnur sama tölustaf fremst í þeirri efnisgrein sem fjallar um myndina. Nú skulum við athuga hvort hinir ýmsu þættir táknsins, sem Jesús gaf, séu að uppfyllast nú á dögum.

(1) Jesús sagði: „*Þér munuð spyrja hernað og ófriðartíðindi. . . . Þjóð mun rísa gegn þjóð og ríki gegn ríki.*“ Hefurðu heyrt fréttir af styrjöldum? — Fyrri heimsstyrjöldin var háð frá 1914 til 1918 og síðari heimsstyrjöldin frá 1939 til 1945. Aldrei áður höfðu verið háðar heimsstyrjaldir. Núna eru stríð út um allan heim. Á hverjum degi er sagt frá stríðsátökum í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum.

(2) Jesús sagði líka: „*Þá verður hungur . . . á ýmsum stöðum.*“ Eins og þú veist kannski hafa ekki allir nóg að borða. Daglega deyja þúsundir manna vegna matarskorts.

(3) Jesús bætti við: „*Þá verða drepsóttir á ýmsum stöðum.*“ Veistu hvað drepsótt er? — Það er veiki eða sjúkdómur sem dregur marga til dauða. Ein slík drepsótt var kölluð spánska veikin. Á aðeins einu ári dóu um 20 milljónir manna af völdum hennar. Á okkar tímum eiga líklega enn fleiri eftir að deyja úr alnæmi. Þúsundir manna deyja á hverju ári af völdum krabbameins, hjartasjúkdóma og annarra sjúkdóma.

(4) Jesús segir svo frá öðrum þætti táknsins: *Þá verða landskjálftar á ýmsum stöðum.*‘ Veistu hvað landskjálfti er? — Landskjálfti er það sama og jarðskjálfti en þá hristist jörðin undir fótum okkar. Hús hrynja og oft deyr fólk. Frá árinu 1914 hafa orðið margir jarðskjálftar á hverju ári. Hefurðu heyrt um jarðskjálfta? —

(5) Jesús sagði líka að *lögleysi myndi magnast*‘. Það er ástæðan fyrir öllum þjófnuðunum og ofbeldinu. Fólk er alls staðar hrætt við að einhver brjótist inn hjá sér. Aldrei hefur verið eins mikið um glæpi og ofbeldi í heiminum og núna.

(6) Jesús talaði um mjög mikilvægan þátt táknsins þegar hann sagði: *Þetta fagnaðarerindi um ríkið verður prédikað um alla heimsbyggðina öllum þjóðum til vitnisburðar. Og þá mun endirinn koma.*“ (Matteus 24:14) Ef þú trúir þessu „fagnaðarerindi“ ættirðu að segja öðrum frá því. Þannig geturðu lagt þitt af mörkum til að uppfylla þennan þátt táknsins.

Sumir segja kannski að það sem Jesús spáði hafi alltaf verið að gerast. En aldrei fyrr hefur *allt* þetta átt sér stað á svo mörgum stöðum í heiminum og á sama tíma. Skilurðu núna hvað táknið merkir? — Það merkir að þegar við sjáum allt þetta eiga sér stað er stutt í það að nýr heimur Guðs komi í staðinn fyrir þennan óguðlega heim.

Þegar Jesús sagði frá þessu tákni talaði hann líka um ákveðna árstíð. Hann sagði: *Biðjið að flótti ykkar verði ekki um vetur.*‘ (Matteus 24:20) Hvað heldurðu að hann hafi átt við með þessu? —

Hvað gæti gerst ef einhver neyddist til að flýja hörmungar um vetur þegar erfitt eða jafnvel hættulegt væri að ferðast

HVERNIG VITUM VIÐ AÐ HARMAGEDÓN ER Í NÁND?


vegna veðurs? — Það gæti verið mjög erfitt að flýja ef það væri yfirleitt hægt. Væri ekki dapurlegt ef einhver myndi deyja í óveðri bara af því að hann var svo upptekinn af einhverju öðru að hann lagði ekki nógu snemma af stað? —

Skilurðu hvað Jesús átti við þegar hann talaði um að bíða ekki fram á vetur með að flýja? — Hann var að segja okkur að við ættum ekki að fresta því að sanna að við elskum Guð og viljum þjóna honum. Við vitum nefnilega að Harmagedón er í nánd og ef við bíðum gæti það orðið um seinan. Þá yrðum við alveg eins og fólkið á tímum flóðsins mikla sem heyrði viðvörun Nóa en fór ekki inn í örkina.

Næst skulum við tala um það hvernig lífið verður þegar stríðið mikla við Harmagedón er afstaðið. Þá sjáum við hvað Guð ætlar að gefa öllum sem elska hann og þjóna honum núna.

Hér eru ritningarstaðir sem sýna að stutt er í Harmagedón: 2. Tímóteusarbréf 3:1-5 og 2. Pétursbréf 3:3, 4.

Hvað var Jesús að kenna þegar hann talaði um að flýja að vetrarlagi?



ÞÚ GETUR BÚIÐ Í FRÍÐSÆLUM NÝJUM HEIMI GUÐS


GUÐ gaf Adam og Evu Edengarðinn til að búa í. Þótt þau hafi óhlýðnast og dáið gaf Guð börnum þeirra, þar á meðal okkur, tækifæri til að lifa að eilífu í paradís. Biblían lofar: „Hinir réttlátu fá landið til eignar og búa í því um aldur.“ — Sálmur 37:29.


Biblían talar um „nýjan himin og nýja jörð“. (Jesaja 65:17; 2. Pétursbréf 3:13) Núverandi ‚himinn‘ er stjórnnir manna en ‚nýi himinninn‘ verður myndaður af Jesú Kristi og þeim sem stjórna með honum á himnum. Þetta er réttlát stjórn Guðs sem kemur á friði á jörðinni. Það verður dásamlegt þegar nýi himinninn ríkir yfir allri jörðinni.

En hvað er þá ‚nýja jörðin‘? — Hún táknar gott fólk sem elskar Jehóva. Þegar Biblían talar um ‚jörðina‘ á hún stundum við fólkið, sem býr á henni, en ekki jörðina sjálfa. (1. Mósebók 11:1; Sálmur 66:4; 96:1) Fólkið, sem myndar nýju jörðina, mun því búa hér á jörðinni.

Þá verður heimur óguðlegra manna ekki til lengur. Mundu að heimur óguðlegra manna fórst í flóðinu á dögum Nóa. Hinum núverandi illa heimi verður eytt í Harmagedónstríðinu eins og við höfum lesið um. Við skulum athuga hvernig lífið verður í nýjum heimi Guðs eftir Harmagedón.

Í Jesaja 11:6-9 og 65:25 geturðu lesið að dýrin muni búa saman í friði. Skoðaðu myndina. Þarna er lamb, kiðlingur, hlébarði, kálfur, stórt ljón og það eru börn hjá þeim. Þekkirðu fleiri dýr sem Biblían talar um og eru hérna á myndinni? — Sjáðu strákin sem er að leika sér að snáknum. Enginn þarf að vera hræddur í nýja heiminum. (Hósea 2:18) Finnst þér það ekki frábært? —






Sjáðu friðinn sem ríkir meðal fólks af ólíkum kynþáttum. Það elskar hvert annað, alveg eins og Jesús sagði að lærisveinar sínir myndu gera. (Jóhannes 13:34, 35) Það er verið að breyta stríðsvopnum í verkfæri til að yrkja jörðina. Biblían segir frá þeim dásamlega friði og öryggi sem fólk mun njóta í nýjum heimi Guðs. Við getum lesið um það í Sálmi 72:7; Jesaja 2:4; 32:16-18 og Esekíel 34:25.

Sjáðu fólkið á myndinni. Það ræktar jörðina og gerir hana fallega. Taktu eftir fallega húsinu sem það er að byggja og öllum girnilegu ávöxtunum og grænmetinu. Fólkið fer vel með jörðina þannig að hún er orðin að paradís eins og Edengarðurinn var. Við getum lesið um þessa dásamlegu framtíð í Sálmi 67:7; 72:16; Jesaja 25:6; 65:21-24 og Esekíel 36:35.



Eins og þú sérð eru allir hraustir og hamingjusamir. Fólkið getur stokkið eins og hjörturinn. Enginn er lamaður, blindur eða veikur. Sjáðu líka fólkið sem hefur verið reist upp frá dauðum! Biblían segir frá þessu í Jesaja 25:8; 33:24; 35:5, 6; Postulasögunni 24:15 og Opinberunarbókinni 21:3, 4.



Langar þig að lifa að eilífu í paradís í friðsælum nýjum heimi Guðs? — Enginn læknir getur gert okkur mögulegt að lifa að eilífu og engin lyf geta komið í veg fyrir að við deyjum. Eina leiðin til að öðlast eilíft líf er að nálægja sig Guði. Kennarinn mikli segir okkur hvernig við getum gert það.

Flettum upp á Jóhannesi 17:3 í Biblíunni. Þar getum við lesið orð kennarans mikla: „Það er hið eilífa líf að þekkja þig, hinn eina sanna Guð, og þann sem þú sendir, Jesú Krist.“

Hvað sagði Jesús að við þyrftum að gera til að fá að lifa að eilífu? — Við þurfum að byrja á því að fræðast um Jehóva, himneskan föður okkar, og son hans sem fórnaði lífi sínu fyrir okkur. Það þýðir að við þurfum að kynna okkur Biblíuna vel. Þessi bók, *Lærum af kennaranum mikla*, hjálpar okkur til þess.

Hvernig getur þekking á Jehóva gert okkur kleift að lifa að eilífu? — Við verðum að læra daglega um Jehóva alveg eins og við þurfum að borða á hverjum degi. Biblían segir: „Eigi lifir maðurinn á einu saman brauði, heldur á hverju því orði, sem fram gengur af Guðs munni.“ — Matteus 4:4.

Við þurfum líka að fræðast um Jesú Krist af því að Guð sendi hann til að afmá syndir okkar. Biblían segir: „Ekki er hjálpræðið í neinum öðrum.“ Hún segir líka: „Sá sem trúir á soninn, hefur eilíft líf.“ (Postulasagan 4:12; Jóhannes 3:36) Trúum við einlæglega á Jesú og gerum við okkur grein fyrir að við getum ekki lifað að eilífu án hans? — Ef við gerum það munum við halda áfram að læra af kennaranum mikla á hverjum degi og fara eftir því sem hann segir.

Ein góð leið til að læra af kennaranum mikla er að lesa þessa bók aftur og aftur, skoða myndirnar og hugsa um þær. Reyndu

LÆRUM AF KENNARANUM MIKLA

að svara spurningunum við myndirnar. Lestu bókina líka með mömmu þinni eða pabba. Ef foreldrar þínir eru ekki hjá þér geturðu lesið hana með einhverjum öðrum fullorðnum eða öðrum börnum. Væri ekki gaman að geta hjálpað öðrum að læra af kennaranum mikla hvað þeir þurfa að gera til að fá að lifa að eilífu í nýjum heimi Guðs? —

„Heimurinn fyrirferst,“ segir í Biblíunni. En síðan er útskýrt hvað við þurfum að gera til að fá að lifa að eilífu í nýjum heimi Guðs. Biblían segir: „Sá, sem gjörir Guðs vilja, varir að eilífu.“ (1. Jóhannesarbréf 2:17) Hvernig getum við þá fengið að búa í nýjum heimi Guðs? — Já, með því að fræðast um Jehóva og ástkæran son hans, Jesú Krist. En við þurfum líka að fara eftir því sem við lærum. Vonandi mun þessi bók hjálpa þér til þess.



Farðu inn á www.jw.org eða hafðu samband við Votta Jehóva til að fá nánari upplýsingar.